


**skoðun** 16

## 2 SÉRBLÖÐ

í Fréttablaðinu

Allt

Föstudagur




## Stutt við Steina Gísla

*Fjölmargir knattspyrnumenn koma að góðgerðaleik á Akranesvelli á laugardag til heiðurs Sigursteini Gíslasyni.*

**fólk** 27




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Föstudagur**

**17. júní 2011**

139. tölublað 11. árgangur

Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

10 ÁRA 2001-2011

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011




## Óvænt samstarf

*Popparinn Friðrik Dór tekur upp með Ólafi Arnalds.*

**fólk** 34

## Jóns forseta minnst

*Ný sýning um ævi og störf Jóns Sigurðssonar verður opnuð á Hrafnseyri í tilefni þess að 200 ár eru liðin frá fæðingu hans.*

**tímamót** 20



## Það er alltaf auðvelt að vera vitur eftir á

*Eggert Gunnþór Jónsson safnar í reynslubankann á EM í Danmörku.*

**sport** 30

### veðrið í dag




**HLÝJAST SUÐVESTANLANDS**
NA-átt, víða 3-8 m/s en hvassara á Snæfellsnesi, við SA-ströndina og á annesjum NV-til. Víða skýjað en úrkomulítið, en súld með köflum sunnan- og suðaustanlands.

**VEÐUR** 4



**GLEÐILEGA ÞJÓÐHÁTÍÐ** Þær Mirijam og Móeiður, sem eru í Vinnuskóla Reykjavíkur, tóku þátt í að fegra borgina fyrir hátíðahöldin á þjóðhátíðardeginum. Austurvöllur verður blómum prýddur á 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar. **Sjá síður 8 og 12.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Banna auglýsingar gegn áti á hvalkjöti

**Isavia hefur farið fram á að auglýsingar í Leifsstöð verði endurskoðaðar, ellegar verði þær teknar niður. Alvarleg ritskoðun, segir auglýsandi. Framkvæmdastjóri Hrefnuveiðimanna ehf. segir auglýsingarnar áróður og kvartaði til Isavia í gær.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Isavia hefur farið fram á að Alþjóða dýraverndunarsamtökin (IFAW) og Samtök hvalaskoðunarfélaga endurskoði auglýsingar sínar í Leifsstöð, ellegar verði þær fjarlægðar. Þær eru liður í átaki gegn neyslu á hvalkjöti og beint að ferðamönnum. Samtökin voru með samning við Leifsstöð út sumarið. Auglýsingarnar hafa hangið uppi frá mánaðamótum.

Sigursteinn Másson, talsmaður dýraverndunarsamtakanna, segist ekki trúa því að Isavia ætli sér að taka niður umsamdar auglýsingar vegna þess að þeim líki persónulega ekki boðskapurinn. Hann fékk í gærmorgun símtal frá framkvæmdastjóra Isavia, sem fór fram á að auglýsingarnar yrðu endurskoðaðar í samráði við fyrirtækið, ellegar yrðu þær teknar niður. Hann segir samtökin aldrei hafa lent í neinu þessu líku. „Við stöndum við samninginn og við gerum kröfu um að Leifsstöð geri slíkt hið sama," segir Sigursteinn.




**EKKI ÉT'OKKUR** Skiltin í Leifsstöð eru talin stangast á við stefnu Isavia. MYND/ISAVIA

Gunnar Bergmann, framkvæmdastjóri Hrefnuveiðimanna ehf., kvartaði til Isavia í gær. Hann er mjög óánægður með auglýsingarnar og segir þær áróður gegn hvalveiðum. „Það er til skammar fyrir ferðaþjónustuna að ráðast með þessum hætti á eina atvinnugrein," segir Gunnar.

Friðþór Eydal, upplýsingafulltrúi Isavia, segir fyrirtækið hafa endurskoðað afstöðu sína til auglýsinganna og kveður efni þeirra stangast á við stefnu fyrirtækisins í auglýsingamiðlun.

- sv / sjá síðu 6

Örn Bárður kallar á iðrun:

## Forysta kirkjunnar víki

**TRÚMÁL** Séra Örn Bárður Jónsson segir í grein í Fréttablaðinu í dag að forysta kirkjunnar geti nú sýnt auðmýkt með djarfmannlegu verki sem felist í því að stíga til hliðar. Hún eigi að viðurkenna að henni hafi mistekist að stýra skipinu heilu úr brotsjónum.

„Sáttagjörð verður ekki í reynd fyrr en hrein iðrun hefur átt sér stað," skrifar séra Örn Bárður.

Sóknarpresturinn segir þjóðina þola illa hálfkák.

- ibs / sjá síðu 17

Terrence Malick tók upp hluta verðlaunamyndarinnar The Tree of Life á Íslandi:

# Náttúrusenur í verðlaunamynd

**FÓLK** Stórbrotnar senur úr íslenskri náttúru birtast í verðlaunamyndinni The Tree of Life eftir Terrence Malick. Myndin hlaut nýlega gullpálmann í Cannes og skartar Brad Pitt og Sean Penn í aðalhlutverkum.

Framleiðslufyrirtækið Pegasus sá um að aðstoða Malick í tökunum, en þær stóðu yfir í þrjár vikur, fyrir tveimur árum. „Við fórum út um allt, upp á hálendi og á staði sem ekki ber oft fyrir almannasjónir," segir Einar Sveinn Þórðarson hjá Pegasus.

Til stóð að Brad Pitt kæmi til landsins vegna takanna en úr því varð ekki. Terrence Malick er hins vegar sagður vera heillaður af landinu.

- fgg / sjá síðu 34







## SPURNING DAGSINS



*Stefán, er ársskýrslan skýrari svona?*

„Internetið er bóla, framtíðin er í þrívídd!“

Stefán Hrafn Hagalín er forstöðumaður samskiptasviðs hjá Skýrr. Fyrirtækið gaf í fyrradag út ársskýrslu sína fyrir árið 2010, en ársskýrslan er í þrívídd.

Ákærður fyrir stórfellt smygl fíkniefna frá Spáni:

# Neitar e-töflusmygli

**DÓMSMÁL** Ákæra var þingfest í gær á hendur ungum manni sem gefið er að sök að hafa flutt gríðarlegt magn af fíkniefnum til landsins í mars síðastliðnum. Hann neitar sök.

Maðurinn, Junierey Kenn Pardillo Suarez, er 23 ára og búsettur á Íslandi. Hann var handtekinn við komuna til landsins frá Las Palmas á Spáni 23. mars síðastliðinn eftir að fíkniefnin fundust í farangri hans.

Það sem fannst var ekkert smáræði: 36.604 e-töflur og 4.471 skammtur af ofskynjunarlyfinu LSD. Honum er gefið að sök að hafa ætlað að selja efnin hér á landi.

Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Reykjaness síðdegis í gær. Junierey Kenn var færður fyrir dómarann af lögreglumönnum, enda hefur hann setið í gæsluvarðhaldi síðan hann var handtekinn.

Ákæruatriðin voru borin undir Junierey og kvaðst hann alsaklaus af þeim.

Verði hann fundinn sekur um smyglið á hann margra ára fangelsisdóm yfir höfði sér. **- sh**



**SEGIST SAKLAUS** Junierey var gripinn í Leifsstöð með e-töflur og LSD í fórum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARALDUR

Assange gagnrýnir Breta:

# Hafa torveldað störf Wikileaks

**BRETLAND, AP Julian Assange, stofnandi uppljóstrunarvefsins Wikileaks, segir að stofufangelsi, sem Bretar hafa haldið honum í nú um hálfs árs skeið, sé alvarlegasta hindrunin sem starfsemi Wikileaks hafi orðið fyrir, „að undanskildu ef til vill því ólöglega viðskiptabanni sem helstu fjármálastofnanir Bandaríkjanna hafa lagt á okkur“.**

**Stuðningsmenn Assange segja þær aðstæður sem hann býr við í stofufangelsinu vera óboðlegar. Hann sé eins og dýr í búri. - gb**

Allir bankarnir buðu í Byr:

# Gagnaherbergi gerði lítið gagn

**VIÐSKIPTI Frestur til að skila inn óskuldbindandi tilboðum í Byr rann út á miðnætti. Eftir því sem næst verður komist lögðu Arion banki, Íslandsbanki, Landsbankinn og MP banki fram tilboð í bankann en það hefur ekki fengist staðfest. Þá mun erlendur fjárfestir hafa viðrað áhuga.**

**Þeir sem lögðu fram tilboð fengu aðgang að rafrænu gagnaherbergi þar sem hægt var að skoða gögn um fjárhagsstöðu Byrs. Þeir sem Fréttablaðið hefur rætt við segja gögnin, þar á meðal óendurskoðað uppgjör síðasta árs, hafa gefið afar takmarkaða mynd af stöðu bankans. - jab**



**10-11** Árni Pétur Jónsson, fyrrum forstjóri Teymis og Vodafone, er kaupandi verslunarkeðjunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Árni Pétur Jónsson kaupandi:

# Arion gengur frá sölu á 10-11

**VIÐSKIPTI** Gengið hefur verið frá sölu á rekstrarfélagi 10-11 verslananna frá Eiginbjargi, dótturfélagi Arion banka, til félags í eigu Árna Péturs Jónssonar.

Félagið var auglýst til sölu í lok apríl og í kjölfarið kynnt áhugasömum fjárfestum. Ákveðið var að ganga til viðræðna við fyrrgreindan aðila sem átti hagstæðasta tilboð en þeim viðræðum er nú lokið.

Árni Pétur Jónsson var áður forstjóri Teymis og Vodafone en lét af störfum árið 2009.

10-11 verslanirnar tilheyrðu samsteypunni Högum en voru teknar út úr henni áður en Hagar voru seldir í febrúar. **- mþl**

# Vöruþurrð um borð hjá Iceland Express

**Forstjóri Iceland Express segir ástæðu vöruskorts í vélum félagsins í júní vera stofnun eigin vöruþjónustu eftir lok samstarfs við þjónustufélag í Leifsstöð. Iceland Express var sagt upp samningi vegna viðvarandi seinkana hjá félaginu.**

**SAMGÖNGUR** Farþegar Iceland Express í júní hafa orðið varir við að úrvalið af mat og öðrum vörum um borð er fremur fátæklegt miðað við það sem vaninn hefur verið.

Farþegi í nýlegu flugi Iceland Express til Barcelona segir Fréttablaðinu að á leiðinni út hafi ekki verið hægt að kaupa léttvín, sterk vín eða þá bjórtegund sem auglýst var á tilboði. Vatn hafi verið ófáanlegt á flöskum þótt það hafi verið í boði úr vatnsdunkum sem flugfreyjur hafi haft hjá sér. Þegar haldið hafi verið heim fimm dögum síðar hafi sölubæklingurinn hreinlega verið horfinn úr vélinni. Hefðbundin söluvarningur hafi ekki verið á boðstólum.

Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express, segir skýringuna einfalda. Félagið hafi stofnað sitt eigið þjónustufyrirtæki á Keflavíkurflugvelli eftir að slitnaði upp úr samstarfi við fyrri þjónustuaðila. Koma þurfi upp lager og þjálfa þurfi upp starfsfólk og þá sem komi inn með vörur.



**MATTHÍAS IMSLAND**

„Fyrstu fimmtán dagana í júní höfum við þurft að taka vörur erlendis vegna þess að það var ekki komið endanlegt samþykki fyrir okkar eigin lager. Við höfum verið að pikka upp breskt gos og spænskt gos og vatn. Það hefur ekki verið neinn skortur á því þótt það séu ekki þær vörur sem við höfum auglýst. Við höfum heldur ekki verið að ota að fólki skartgripum og slíku,“ segir Matthías. Hann útskýrir að langan tíma hafi tekið að fara í gegnum leyfisferlið. „Það dróst að fá öll leyfi en þetta er loksins að gerast núna þannig að þetta ætti að vera með eðlilegum hætti frá og með morgundeginum [deginum í dag].“

Fyrirtækið sem þjónustaði Iceland Express í Keflavík þar til um síðustu mánaðamót er Airport Associates ehf. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins sagði félagið upp Iceland Express-samningnum fyrir þremur og hálfum mánuði. Borið var við viðvarandi seinkunum á áætlun félagins. Þær hefðu sérstaklega keyrt um þverbak eftir að Iceland Express hefði hafið tengiflug til Ameríku fyrir rúmu ári.

gar@frettabladid.is



**Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI** Hér má sjá þotu Iceland Express á Reykjavíkurflugvelli í ágúst í fyrra, en þar þufti hún að lenda vegna þoku í Keflavík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hæstiréttur skilanefnd í óhag:

# Halldór heldur 100 milljónum

**DÓMSMÁL** Halldór J. Kristjánsson, annar tveggja bankastjóra Landsbankans við fall hans í október 2008, þarf ekki að endurgreiða eitt hundrað milljónir króna sem hann fékk í séreignalífeyrissjóð frá bankanum. Skilanefnd Landsbankans sagðist hafa sannanir fyrir því að árshlutauppgjör bankans miðað við stöðu hans 30. ágúst 2008 hefði verið misvísandi og ekki gefið rétta mynd af stöðu hans á þeim tíma. Málinu var vísað frá Héraðsdómi Reykjavíkur og staðfest Hæstiréttur frávísunina í gær. Málatilbúnaður skilanefndarinnar var sagður óljós. Halldór hefði ekki í upphafi gert sér grein fyrir því að málsóknin yrði byggð á því að bankinn hefði í raun verið gjaldþrota þegar 100 milljónirnar voru greiddar 19. september 2008. **- gar**



**HALLDÓR J. KRISTJÁNSSON**

Truflunum á flugi afstýrt:

# Samningi náð við flugvirkja

**KJARAMÁL „Ég er nokkuð sáttur við niðurstöðuna,“ segir Óskar Einarsson, formaður Flugvirkjafélags Íslands, um kjarasamninga sem félagið náði við Icelandair í gær. Þar með hefur áður boðuðu fjögurra daga verkfalli í næstu viku verið afstýrt. Óskar segir samninginn í meginatriðum byggja á þeim samningum sem ASÍ og Samtök atvinnulífsins gerðu á dögunum. Það sem tafið hafi frágang málsins hafi verið ýmis atriði sem snerti dagleg störf flugvirkja hjá tæknideild Icelandair. Flugvirkjar greiða atkvæði um samninginn í næstu viku. - gar**


**Byrjaðu góðan dag vel**

**– Fáðu þér létta ab mjólk á hverjum degi**

Létta AB mjólkin er einhver hollasti morgunverður sem völ er á. AB mjólkin inniheldur milljarða gagnlegra mjólkursýrugerla sem valda því að óæskilegir gerlar eiga erfitt uppdráttar í meltingarveginum. Regluleg neysla tryggir að meltingarflóran er alltaf í lagi og ónæmiskerfið starfar með hámarksafköstum.





Grímuverðlaunin voru afhent í Borgarleikhúsinu í gærkvöldi:

# Lér konungur hlaut sex verðlaun

**MENNING** Uppfærsla Þjóðleikhússins á Lé konungi var valin leiksýning ársins á Grímuverðlaunahátíðinni í gær. Sýningin vann til fimm verðlauna í viðbót, þar á meðal var Arnar Jónsson valinn besti leikari í aðalhlutverki og Benedikt Andrews fékk verðlaun fyrir leikstjórn.

Unnur Ösp Stefánsdóttir var valin besta leikkona í aðalhlutverki fyrir frammistöðu sína í Elsku barni, sem sýnt var í Borgarleikhúsinu. Auður Jónsdóttir og Ólafur Egill Ólafsson hlutu verðlaun sem leikskáld ársins fyrir Fólkið í kjallararnum. Margrét Vilhjálmsdóttir og Atli Rafn Sigurðarson fengu bæði verðlaun fyrir leik í aukahlutverki fyrir frammistöðu sína í Lé konungi. Þá hlaut Oddur Björnsson heiðursverðlaun Leiklistarsambands Íslands fyrir framúrskarandi ævistarf í þágu leiklistar. **- bs /** **sjá síðu 28**



**TINNA GUNNLAUGSDÓTTIR OG MAGNÚS GEIR ÞÓRÐARSON** Leikhússtjórar Þjóðleikhússins og Borgarleikhússins léku á alls oddi á Grímunni enda féllu flest verðlaunanna á hátíðinni þeirra fólki og sýningum í skaut. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG


Myndaðu 17. júní með Nova!
Flottasta 17. júní myndin vinnur Nokia N8!
Sendu okkur bestu 17. júní myndina þína með MMS á 777 0000, á nova.is eða á sumar@nova.is – þú gætir unnið nýjan Nokia N8.
Vertu betur búin(n) í vinnuskólanum með nýju Nova hanskana!
Fylltu á frelsið fyrir 2.000 kr. og fáðu Nova hanska!
490 kr.
Stærð S/M
URBANEARS heyrnartól í mörgum litum í næstu verslun Nova.
9.990 kr.
Nú færð þú Lomography myndavélarnar líka hjá Nova!
9.990 kr.
Diana mini
12.990 kr.
Diana F+ Parisian
12.990 kr.
Fisheye 2
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri | Þjónustuver 519 1919
www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter
DAGUR & STEINI

## GENGIÐ 16.06.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 116,59 | 117,15 |
| Sterlingspund | 187,83 | 188,75 |
| Evra | 164,39 | 165,31 |
| Dönsk króna | 22,039 | 22,167 |
| Norsk króna | 20,924 | 21,048 |
| Sænsk króna | 17,896 | 18,000 |
| Japanskt jen | 1,4444 | 1,4528 |
| SDR | 184,74 | 185,84 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 220,5547

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn birti skýrslu um endurbætur á íslenska skattkerfinu:

# Leggur til enn hærri skatta

**EFNAHAGSMÁL** Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir, í nýrri skýrslu um skattkerfið á Íslandi, nauðsynlegt að hækka hér skatta og gera margvíslegar breytingar á skattkerfinu.

Til dæmis þurfi að einfalda virðisaukaskattskerfið, þannig að undantekningum verði fækkað og bilið milli skattþrepa minnkað eða afnumið alveg, meðal annars með því að lækka efra virðisaukaskattsþrepið. Þá leggja höfundar skýrslunnar til aukna eða nýja skatta á náttúruauðlindir, eldsneyti, raforku og flugferðir auk þess sem setja þurfi skýra umgjörð utan um nýtingu náttúruauðlinda með einkavæðingu og auðlindagjald í huga.

Hins vegar telja þeir að fjármagnstekjuskattur eigi smám saman að víkja fyrir eignaskatti, enda geti margir fjármagnseigendur komist hjá skattgreiðslum einfaldlega með því að fara úr landi.

Annars hrósar sjóðurinn íslenskum stjórnvöldum fyrir að hafa náð góðum árangri með skattahækkunum til að minnka fjárlagahallann. Áhersla á aðhald í ríkisfjármálum frá því snemma árs 2009 hafi aukið skatttekjur á öllum sviðum.

„Til framtíðar ætti að færa áhersluna á að nota skattkerfið til að stuðla að hagkvæmni og örva hagvöxt,“ bæta höfundar skýrslunnar þó við. **- gb**



**AGS** Sjóðurinn hrósar stjórnvöldum fyrir góðan árangur af skattahækkunum en leggur til breytingar. NORDICPHOTOS/AFP

Útleiga tækja brúar bilið:

## Gæslan stendur tiltölulega vel

**ÖRYGGISMÁL** „Af og frá“ er að landhelgi Íslands sé óvarin líkt og fullyrt hefur verið, segir Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar.

„Staðan núna er engin óskastaða en miðað við allar aðstæður og þrengingar í þjóðfélaginu er ástandið býsna gott,“ segir Georg. Afar vel hafi tekist að vernda stofnunina með því að afla tekna í Evrópu af útleigu skipa. Margar leiðir séu til að sinna hér eftirliti, svo sem með fjareftirlitskerfum, þyrlum og með sjómælingabáti. Í haust fær gæslan nýtt skip. **- kóþ**

Rannsóknarsetur verslunar:

## Einkaneysla jókst í maí

**EFNAHAGSMÁL** Velta í dagvöruverslun jókst um 1,1 prósent á föstu verðlagi í maí miðað við sama mánuð í fyrra. Að teknu tilliti til árstíðabundinna þátta jókst velta um 1,9 prósent. Þetta kemur fram í smásöluvísitölu sem Rannsóknarsetur verslunar við Háskólann við Bifröst tekur saman.

Í morgunkorni Glitnis frá í gær segir að aukin verslun sérvöru gefi til kynna að einkaneysla hafi haldið áfram að vaxa núna á öðrum ársfjórðungi. Þá eru tölur Seðlabankans um greiðslukortaveltu sagðar renna stoðum undir þetta mat. **- mþl**

Ísland undirbúið fyrir ESB:

## Köflum lokað samdægurs

**EVRÓPUMÁL Upphaf eiginlegra samningaviðræðna Íslands og ESB verður „talsvert tilkomumikið,“ enda verður tveimur samningsköflum af 35 lokað, sama dag og þeir verða opnaðir, á fyrsta degi viðræðna, 27. júní.**

**Þetta fullyrðir talsmaður núverandi forysturíkis ESB, Ungverja, Gergely Polner, í viðtali við Reuters-fréttastofuna. Þessi skjóta framganga er í fréttinni skýrð með því að Ísland sé vel undirbúið vegna EES og Schengen. Hins vegar vinni hvalveiðar, Icesave og makríldeilan gegn ferlinu. - kóþ**

### ÁRÉTTING

Í frétt um framtíð sjónvarpsútsendinga á Íslandi misfórst að telja upp dreifingu á sjónvarpi í gegnum ADSL sem bæði Síminn og Vodafone, auk fjölda annarra þjónustuaðila, bjóða upp á. Slíkar útsendingar verða áfram í boði eftir að hliðrænum sjónvarpsútsendingum verður hætt.

# Papandreú lofar að berjast til þrautar

**Ekkert varð úr tilraunum Grikkja til að mynda þjóðstjórn. Papandreú sat á neyðarfundi í gær með flokksfélögum sínum og reyndi að sannfæra þá um nauðsyn aðhaldsaðgerða. ESB og AGS reyna að finna flöt á frekari aðstoð.**

**GRIKKLAND** Vaxandi ótti er við að atburðirnir í Grikklandi muni smita út frá sér með alvarlegum afleiðingum fyrir efnahag Evrópusambandsríkjanna, einkum þó þeirra sem nota evruna.

Meðan Georgíos Papandreú, forsætisráðherra Grikklands, reynir allt hvað hann getur til að afla frekari aðhaldsaðgerðum meirihluta á þingi sitja ráðamenn, embættismenn og sérfræðingar í Evrópusambandinu og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sveittir við útreikninga á því hve háum fjárhæðum þurfi að veita Grikkjum til viðbótar björgunarpakka þeim upp á 110 milljarða evra, sem samþykktur var fyrir rúmu ári.

Markaðsöflin óttast að Evrópusambandið annað hvort treysti sér ekki til eða geti ekki komið sér saman um að veita Grikkjum viðbótaraðstoð, með þeim afleiðingum að gríska stjórnin geti ekki greitt næstu afborganir af skuldum sínum.

Það þýðir að grískir bankar, sem hafa lánað grísku stjórninni um þriðjung skuldanna, færu á hausinn með tilheyrandi tapi fjárfesta og hugsanlegri keðjuverkun til annarra illra stæða evruríkja, með afdrifaríkum afleiðingum fyrir evruna og þar með öll evruríkin.

Þýska stjórnin vill sem fyrr fara sér hægt í að auka fjárhagsaðstoð, enda hefur hún borið þungann af greiðslum til Grikkja til þessa.

Ástandið hefur gert grísku stjórnina nánast óstarfhæfa.

Papandreú sat á neyðarfundi með flokksfélögum sínum í gær, en mikil andstaða hefur verið meðal sumra flokksmanna við frekari aðhaldsaðgerðir, sem Papandreú hefur reynt að fá þingið til að samþykkja.

Hann bauðst á miðvikudag til að segja af sér ef það yrði til þess að hægt yrði að mynda þjóðstjórn sem gæti tryggt fylgi við aðhaldsaðgerðirnar. Þær tilraunir fóru út um þúfur en þess í stað sagðist Papandreú ætla að stokka upp í ríkisstjórninni. Hann segist ótrauður ætla að halda áfram baráttu sinni, þrátt fyrir vaxandi andstöðu innan raða flokksfélaga hans.

„Við munum hafa sigur og við munum þrauka,“ sagði hann í gær. „Þótt þessi barátta sé svo erfið sem raun ber vitni getum við ekki hlaupist undan henni.“

**gudsteinn@frettabladid.is**



**GRIKKIR MÓTMÆLA** Fjölmenn mótmæli gegn Papandreú og stjórn hans hafa verið linnulítil undanfarið. NORDICPHOTOS/AFP



**GEORGÍOS PAPANDREÚ** Segist ekki geta hlaupist undan erfiðri glímu við fjármálakreppuna. NORDICPHOTOS/AFP

Mikill eldur á Skúlagötu:

## Tveir á spítala eftir eldsvoða

**BRUNI Tveir voru fluttir á slysadeild Landspítalans aðfaranótt fimmtudags vegna gruns um reykeitrun eftir að mikill eldur kom upp í íbúð á þriðju hæð í fjölbýlishúsi við Skúlagötu.**

**Allt slökkvilið á höfuðborgarsvæðinu var kallað á vettvang eftir að tilkynnt var um eldinn um klukkan hálf tvö. Reykmökkur og eldtungur stóðu þá út um glugga.**

**Greiðlega gekk að slökkva eldinn og allir íbúar hússins höfðu þegar komið sér út þegar slökkvilið bar að garði. Rauði krossinn bauð þeim skjól í strætisvagni á meðan húsið var reykræst.**

**Ljóst er að tjónið er töluvert, einkum í íbúðinni þar sem eldurinn kom upp. - sh**

Úðað á legsteininn:

## Gröf Olofs Palme skemmd

**SVÍÞJÓÐ** Svart tákn var úðað á legstein Olofs Palme, fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar, í vikunni. Skemmdarverkið uppgötvaðist í gær.

Lögreglan fékk tilkynningu um málið í gær og er það í rannsókn. Engar upplýsingar hafa fengist um málið frá lögreglu. Prestur í Stokkhólmi sagði í gær að skýringin á skemmdarverkinu hlyti að vera óvild í garð sósíaldemókrata í Svíþjóð eða Olofs Palme sjálfs.

Palme var myrtur á leið heim til sín í Stokkhólmi að kvöldi 28. febrúar 1986. Hvorki morðvopnið né morðinginn hafa fundist. **- þeb**

### LEIÐRÉTTING

Ranghermt var í Fréttablaðinu í gær að bílastæði í Laugardalnum væru um 7.000 talsins. Hið rétta er að þau eru í kringum 1.700.


HÓPKAUP.IS Í DAG

SÚPA DAGSINS, BRAUÐ OG VIÐEIGANDI MEÐLÆTI

395 kr.

GILDIR Í 48 TÍMA

Verð 990 kr. | Afsláttur 60% | Afsláttur í kr. 595 kr.

30 viðskiptavini þarf til að virkja tilboðið



Súpur dagsins eru jafn fjölbreytilegar og dagarnir eru margir, unnar frá grunni úr úrvalshráefni.

www.anaestugrosum.is

HÓPKAUP í krafti fjöldans

hópkaup.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 111531


## VEÐURSPÁ



Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

**GLEÐILEGA HÁTÍÐ**

Það viðrar ágætlega til hátíðahalda í dag. Vindur verður skaplegur og víða er milt í veðri, einkum SV-til. En sú gula felur sig að mestu bak við skýjahulu og eitthvað mun dropa á S- og SA-landinu í dag og jafnvel víðar. Það birtir síðan til um helgina.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 28° |
| Basel | 24° |
| Berlín | 22° |
| Billund | 18° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Gautaborg | 18° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 16° |
| Mallorca | XX° |
| New York | 26° |
| Orlando | 36° |
| Ósló | 13° |
| París | 18° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 16° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is, KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason einar.skulason@365.is



FRÁ ÞINGVÖLLUM

SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS

FRÁ Reykjavík NR. 575.6000 58/8 ORÐ 317 20 11 KL. 09.36

Kæri vinur!

Manstu þegar þessi mynd var tekin af okkur á Þingvöllum 1944?

Veðrið var indælt. Við sátum í grasinu með SS pylsur og nutum lífsins.

Nú langar mig til að rifja upp góðar stundir og slá upp annarri veislu og bjóða þér.

Er ekki kominn tími á okkur?

Framtíðin er nefnilega björt, þrátt fyrir allt.

Lifum glöð.

SS

Íslendingar borða SS pylsur

Fiton / SÍA

## KJÖRKASSINN



*Gætirðu hugsað þér að fara í nám við norskan herskóla?*

| | |
|---|---|
| Já | 35,6 |
| Nei | 64,4 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Heldur þú sautjánda júní hátíðlegan?*

Segðu þína skoðun á visir.is

visir

Ríkissjónvarpinu dreift án kostnaðar um dreifikerfi Símans og Vodafone:

# Segir RÚV njóta óréttláts forskots

**VIÐSKIPTI** Ari Edwald, forstjóri 365, segir samkeppnisstöðu einkarekinu sjónvarpsstöðvanna skakka á meðan Ríkissjónvarpinu sé dreift frítt um dreifikerfi Símans og Vodafone.

„Auðvitað ætti RÚV að eiga aðild að þessum dreifikerfum og taka þátt í þessum kostnaði. Það gefur augaleið að það er erfitt fyrir einkareknu sjónvarpsfyrirtækin að við séum að greiða hundruð milljóna króna á ári fyrir dreifingu á sjónvarpsmerkjum en þau kjósi að hafa RÚV þar sem farþega frítt. Ég held að það geti ekki verið fyrirkomulag til framtíðar,“ segir Ari.



ARI EDWALD

RÚV hefur hingað til notað eigið dreifikerfi, samhliða aðgangi að dreifikerfum Símans og Vodafone, til að dreifa sjónvarpsútsendingum sínum. Í lok næsta árs verður hliðrænum sjónvarpsútsendingum hins vegar alfarið hætt, gangi áætlanir eftir.

Í kjölfarið mun RÚV annað hvort þurfa að uppfæra eigið dreifikerfi með tilheyrandi kostnaði eða reiða sig alfarið á dreifikerfi Símans og Vodafone. Kristján Benediktsson, starfsmaður við dreifikerfi RÚV, sagði enn ekki ákveðið hvernig þeim málum yrði háttað í samtali við Fréttablaðið í gær.

Ari telur mikilvægt að þessi skekkja í samkeppnisumhverfi sjónvarpsstöðvanna verði leiðrétt þegar umbreytingin verði. „Þetta vegur einfaldlega að samkeppnisgrundvellinum í atvinnugreininni,“ segir Ari. **- mþl**

Tækniþróunarsjóður:

# Styrkir veittir til frumkvöðla

**IÐNAÐUR** Úthlutað var úr Tækniþróunarsjóði Rannís í gær. Nítján frumkvöðlafyrirtæki hlutu styrk að þessu sinni, þar á meðal markaðsrannsóknafyrirtækið Clara, heimilisfjármálavefurinn Meniga og SagaMedica, sem þróar vörur úr íslenskum jurtum.

Úthlutað er úr Tækniþróunarsjóði tvisvar á ári, en hann heyrir undir iðnaðarráðherra. Hlutverk sjóðsins er að styðja rannsóknir og þróunarstarf á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. **- mþl**










**AUGLÝSINGASKILTIN SEM ERU UPPI Í LEIFSSTÖÐ** „Farðu ekki úr landi með óbragð í munni“ segir í auglýsingu sem hangir uppi í Leifsstöð og hefur vakið reiði hvalveiðimanna. MYND/ISAVIA

# Isavia fer fram á að skiltum verði breytt

**Dýraverndunarsamtökum og hvalaskoðunarfélögum er gert að endurskoða auglýsingar sínar í Leifsstöð. Auglýsingarnar eru átak gegn áti á hvalkjöti og áttu að vera út sumarið. Brot á tjáningarfrelsi, segir talsmaður samtakanna.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Alþjóða dýraverndunarsamtökunum og hvalaskoðunarsamtökum Íslands hefur verið gert að endurskoða auglýsingar sem hafa hangið í Leifsstöð síðan í byrjun mánaðarins. Auglýsingarnar eru liður í átaki gegn neyslu hvalkjöti og voru samþykktar af markaðsdeild Isavia án athugasemda.

„Það væri mjög alvarleg ritskoðun ef þeir fara í það að rífa niður samþykktar auglýsingar,“ segir Sigursteinn Másson, talsmaður dýraverndunarsamtakanna. „Þetta er mjög merkilegt. Mér finnst þetta lýsa sérstakri viðkvæmni hjá fyrirtækinu.“

Sigursteinn fékk í gærmorgun símhringingu frá Hlyni Sigurðssyni, framkvæmdastjóra Isavia, þar sem hann lagði til að Isavia færi í það með samtökunum að endurskoða auglýsingarnar. Hann færði lítil rök fyrir því, að sögn Sigursteins, sem óskaði eftir skriflegri umsögn. „En ég vil trúa því að tjáningarfrelsi og virðing gagnvart samningum sé aðeins meira virði en þetta,“ segir Sigursteinn.



SIGURSTEINN MÁSSON



GUNNAR BERGMANN

Gunnar Bergmann, framkvæmdastjóri Hrefnuveiðimanna ehf., kvartaði vegna auglýsinganna til forsvarsmanna Isavia. Hann er mjög ósáttur við birtingarnar og segir þær áróður gegn hvalveiðum. „Það er til skammar fyrir ferðaþjónustuna að ráðast með þessum hætti á eina atvinnugrein,“ segir Gunnar. „Menn ættu frekar að starfa saman með einhverjum hætti.“

Gunnar segir það rangt að birta auglýsingarnar í Leifsstöð, sem er opinber bygging. Hann segist hafa fengið mörg símtöl þar sem fólk lýsi yfir hneykslun sinni á auglýsingunum.

„Hvalveiðar hafa að mínu mati ekki skaðað ferðaþjónustuna með neinum hætti,“ segir hann. „Til að mynda hafa aldrei fleiri veitingahús boðið upp á hvalkjöt en nú í sumar og kúnnahópurinn er ferðamenn.“

Friðþór Eydal, starfandi upplýsingafulltrúi Isavia, segir fyrirtækið hafa endurskoðað afstöðu sína til umræddrar auglýsingar og telur að efni hennar stangist á við stefnu fyrirtækisins í auglýsingamiðlun.

„Félagið hefur óskað eftir að auglýsingin verði fjarlægð eða henni breytt á ásættanlegan hátt,“ segir Friðþór. „Það liggur ekki fyrir hvenær en skiltin verða fjarlægð ef ekkert verður að gert.“

**sunna@frettabladid.is**

Kyrrsett hjá Hreiðari Má, Magnúsi og Skúla vegna lána 6. október:

# Frysting beinist helst að Skúla

**LÖGREGLUMÁL** Sérstakur saksóknari hefur fengið eignir Skúla Þorvaldssonar, Hreiðars Más Sigurðssonar og Magnúsar Guðmundssonar í Lúxemborg kyrrsettar. Viðskiptablaðið greindi frá þessu í gær, en áður hafði verið fjallað um kyrrsetningarnar í Morgunblaðinu.

Í Viðskiptablaðinu segir að eignir fleiri Íslendinga hafi verið kyrrsettar en ekki hafi fengist staðfest um hverja sé að ræða.

Segir þar að kyrrsetningin hafi farið fram á grundvelli réttarbeiðni sem beindist einkum að Skúla Þorvaldssyni og félögum í hans eigu. Skúli var helsti lánþegi Kaupþings í Lúxemborg. Magnús var þar bankastjóri og Hreiðar Már forstjóri Kaupþingssamstæðunnar.

Kaupþing lánaði félagi Skúla, Lindsor Holding Corporation, 28 milljarða króna 6. október 2008, sama dag og bankinn fékk gríðarstórt neyðarlán frá Seðlabankanum. Féð notaði Lindsor Holding síðan til að kaupa skuldabréf af Kaupþingi í Lúxemborg, öðru félagi Skúla og starfsmönnum Kaupþings, og flytja þannig áhættu af þeim. Margt bendir til að þetta hafi verið gert á miklu yfirverði þannig að hagnaður hafi myndast.



HREIÐAR MÁR SIGURÐSON



MAGNÚS GUÐMUNDSSON



SKÚLI ÞORVALDSSON

Viðskiptablaðið segir að það sé þessi hagnaður sem sérstakur saksóknari sé að reyna að koma höndum yfir. **- sh**


Lýðveldiskveðjur við landsmönnum færum
með lúðrahljómi, björtum og tærum.
Megi framtíð fögur liggja
fyrir þeim sem landið byggja.
Okkar hlutverk er að tryggja.
Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvaða breytingar verða á sjónvarpsútsendingum í lok næsta árs?*
2. *Hvað heitir ein stærsta verslanakeðja Svía, sem ætlar að opna verslun í Smáralind í nóvember?*
3. *Hvað greiddu ökumenn í Reykjavík háar sektir vegna stöðubrota í fyrra?*

**SVÖRIN**

*1. Þá leysa stafrænar sjónvarpsútsendingar þær hliðrænu alfarið af hólmi. 2. Lindex. 3. Fjögur hundruð níutíu og tvær milljónir króna.*

Ungmenni komu saman til að tryggja að skoðanir þeirra heyrist í stjórnarskrá:

# Mannréttindin mikilvægust

**STJÓRNMÁL** Mannréttindakaflinn er sá mikilvægasti í stjórnarskránni, að mati þings ungmennaráða á Íslandi. Þingið var haldið undir merkinu Stjórnlög unga fólksins og var stjórnlagaráði afhent skýrsla með niðurstöðum þingsins fyrir helgi.

Það voru UNICEF, umboðsmaður barna og Reykjavíkurborg sem stóðu að verkefninu, sem var ætlað að tryggja að skoðanir barna og ungmenna fái að heyrast í tengslum við endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Stjórnarskráin á að vera aðgengileg og skiljanleg, en fræðslu um hana er ábótavant. Ekki má gleyma að hlusta á raddir unga fólksins. Þetta kom fram í máli fulltrúa á þinginu. Þá er forsetaembættið eðlilegt að mati ungmennanna og neitunarvald forsetans mikilvægt öryggistæki.

Þá finnst ungmennunum að tryggja þurfi börnum þátttöku í lýðræðislegri umræðu og skapa vettvang þar sem ungmenni geti haft áhrif á samfélagið. Þau vilja taka virkan þátt í mótun samfélagsins. Lýðræði sé meira en að ganga til kosninga á nokkurra ára fresti.



**TEKIÐ VIÐ TILLÖGUM** Salvör Nordal, formaður stjórnlagaráðs, tók við skýrslu ungmennanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Einnig þurfi að samræma kosninga-, sjálfsræðis-, áfengiskaupa- og giftingaraldur. **- þeb**

Samið við bæði flugfélögin:

# Ríkið kaupir millilandasæti

**STJÓRNSÝSLA** Ríkiskaup hafa gert rammasamning um millilandaflugfargjöld fyrir hið opinbera. Samið var við Icelandair og Iceland Express.

Á árinu 2009 varði hið opinbera um 800 milljónum í flugfargjöld. Rammasamningurinn er sagður liður í að draga úr ferðakostnaði ríkisins, en jafnframt hefur ferðum verið fækkað. Samningurinn nær til þriggja áfangastaða í Evrópu, Kaupmannahafnar, London og Brussel, auk Boston og New York í Bandaríkjunum. **- mþl**

Liður í afnámi gjaldeyrishafta:

# Seðlabankinn vill kaupa evrur

**EFNAHAGSMÁL** Seðlabanki Íslands býðst til að kaupa evrur gegn greiðslu í ríkisverðbréfi. Útboðið er liður í losun hafta á fjármagnsviðskiptum, að því er fram kemur í tilkynningu bankans.

Markmið aðgerðanna er sagt að endurheimta gjaldeyri sem bankinn nýtti til kaupa á aflandskrónum í fyrra útboði og selja krónur til þeirra sem tilbúnir eru að eiga þær í að minnsta kosti fimm ár. Aðalmiðlurum á skuldabréfamarkaði er boðið að hafa milligöngu um viðskiptin, en Seðlabankinn býðst til að kaupa 64 milljónir evra. Skila á tilboðum fyrir 28. júní. **- óká**



**HLUTI SAMNINGAHÓPS** Eiginlegar samningaviðræður Íslands og ESB hefjast í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ný skoðanakönnun:

# Stuðningur við ESB-aðild eykst

**STJÓRNMÁL Alls er 50,1 prósent landsmanna andvígt aðild að ESB en 37,3 prósent fylgjandi samkvæmt nýrri skoðanakönnun Capacent Gallup. Könnunin var framkvæmd fyrir Heimssýn. 12,6 prósent tóku ekki afstöðu.**

**Sé aðeins litið til þeirra sem tóku afstöðu eru 57,3 prósent andvíg aðild en 42,7 prósent fylgjandi.**

**Síðast var birt könnun um afstöðu landsmanna til aðildar að ESB í mars en þá voru 55,7 prósent andvíg aðild, 30,0 prósent fylgjandi og 14,2 prósent hlutlaus. Sú könnun var framkvæmd af MMR fyrir Viðskiptablaðið.** **- mþl**

## Hátíðardagskrá á þjóðhátíðardaginn í Reykjavík




### 17. júní í 100 ár



**JÓN SIGURÐSSON**

Þjóðhátíð var fyrst haldin árið 1874 til að minnast 1.000 ára afmælis Íslandsbyggðar. Hátíðahöld 17. júní fóru hins vegar fyrst fram á 100 ára fæðingarafmæli Jón Sigurðssonar árið 1911, fyrir réttum 100 árum. Þá var styttan af Jóni afhjúpuð á Austurvelli og blómsveigur lagður að leiði hans í fyrsta skipti. Með stofnun lýðveldisins árið 1944 varð 17. júní síðan þjóðhátíðardagur Íslendinga. Upp frá því hefur dagurinn jafnan verið haldinn hátíðlegur með sérstakri hátíðardagskrá, skrúðgöngum og barnaskemmtunum um allt land.

*Heimildir: Vefur Reykjavíkurborgar og Saga daganna.*

# Fjölbreytt hátíðardagskrá

**Margvíslegar uppákomur og skemmtiatriði verða í boði á þjóðhátíð í Reykjavík í dag. Veðurspá gefur von um milt veður á suðvesturhorninu.**

**MANNLÍF** Skipulögð þjóðhátíðardagskrá í Reykjavík hefst klukkan 10 í dag með guðsþjónustu í Dómkirkjunni en eftir það tekur við afar fjölbreytt dagskrá þar sem skemmtiatriði verða um alla miðborg auk hefðbundinna hátíðardagskrárliða líkt og ávarps Fjallkonunnar.

Dagskránni lýkur með tónleikum á Arnarhóli og Ingólfstorgi þar sem margar af vinsælustu hljómsveitum landsins koma fram.

Veðurspá er nokkuð hagstæð fyrir höfuðborgina þar sem gert er ráð fyrir mildu veðri, hægum vindi, skýjað verður en þurrt að kalla og hitinn verður á bilinu 10 til 15 stig.

Ýmsar hömlur verða á umferð um miðborgina og verður Pósthússtræti meðal annars lokað fyrir umferð alla helgina.

Lögregla beinir þeim tilmælum til ökumanna að leggja bílum sínum í lögleg stæði til þess að komast hjá því að fá sektir eða jafnvel að bílar verði fjarlægðir.

Kristján Ólafur Guðnason aðstoðaryfirlögregluþjónn segir í samtali við Fréttablaðið að ólöglegar bifreiðastöður skapi margvísleg vandamál. „Það getur meðal annars verið hættulegt fyrir gangandi vegfarendur og hindrað umferð neyðarbíla.“

Skipulagðri dagskrá í miðborginni lýkur klukkan 22 í kvöld.

**thorgils@frettabladid.is**

## Ávarp Fjallkonunnar

Ávarp Fjallkonunnar hefur verið fastur liður í hátíðardagskrá allt frá árinu 1944. Fjallkonan er tákngervingur Íslands, en hana túlkar leikkona sem klæðist skautbúningi sem er í vörslu Árbæjarsafns. Við hann er forláta stokkabelti með vínviðarmunstri úr silfri og brjóstnæla í stíl, eins og segir á vef Reykjavíkurborgar.

Á meðfylgjandi mynd sést Brynhildur Guðjónsdóttir í hlutverki Fjallkonunnar, en Kristjana Milla Thorsteinsson var hin fyrsta sem varð þess heiðurs aðnjótandi, á lýðveldisárinu 1944.






ÓSKABARN – æskan og Jón Sigurðsson
Sýning í tilefni af 200 ára fæðingarafmæli Jóns forseta.
Ókeypis aðgangur í dag, 17. júní.




Bókin er komin út hjá Máli og menningu.
Tilboðsverð í dag í verslun Þjóðmenningarhússins.
Sýning og bók fyrir börn og unglinga.

ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ
THE CULTURE HOUSE
National Centre for Cultural Heritage

Þjóðmenningarhúsið
Opið daglega kl. 11.00 - 17.00
Hverfisgata 15 • 101 Reykjavík • 545 1400
thjodmenning.is • kultur.is


Laug til um klúra hegðun:

# Anthony Weiner segir af sér

**WASHINGTON, AP** Bandaríski þingmaðurinn Anthony Weiner hefur sagt af sér þingmennsku. Afsögnin kemur í kjölfar hneykslismáls sem hófst þegar klúrar ljósmyndir af þingmanninum, sem hann hafði tekið sjálfur og sent ókunnugum konum á netinu, komu í dagsljósið.



**ANTHONY WEINER**

Weiner neitaði fyrst að kannast við myndirnar en játaði síðan að hafa tekið myndirnar og sagt ósatt.

Weiner, sem er demókrati frá New York, var talinn líklegur til að bjóða sig fram til borgarstjóra í New York árið 2013 en hann hefur verið mjög vinsæll meðal borgarbúa. **- mþl**




# TAX FREE DAGAR

*Fatnaður á alla fjölskylduna!*

Dagana 16. - 19. júní afnemum við VSK af ÖLLUM FATNAÐI.

Þú færð allan dömu-, herra og barnafatnað, undirföt, sokka og sokkabuxur án virðisaukaskatts þessa fjóra daga.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 19. júní 2011.

**HAGKAUP**

*Ein ferð betra verð*

Þátttakan í Schengen var leið til að losna undan bandarískum áhrifum, segir þýskur doktorsnemi:

# Íslensk utanríkisstefna hefur verið órökrétt

**EVRÓPUMÁL** Ísland hefur ekki alltaf verið rökvís gerandi á alþjóðagrundvelli, þótt það hafi lengst af rekið afar árangursríka utanríkisstefnu. Svo segir Meike Stommer, nemi við Ernst-Moritz-Arndt-háskóla í Þýskalandi. Hún skrifaði doktorsritgerð sína um íslenska utanríkisstefnu.



MEIKE STOMMER

Yfirvöld hafi til dæmis látið það koma sér á óvart þegar bandaríski herinn fór, eftir margra ára aðdraganda. „Það er á vissan hátt ekki heldur rökrétt að vera í EES og Schengen og þurfa að taka við reglum án þess að taka þátt í ákvörðunum,“ segir Stommer, sem nýverið hélt erindi hjá Alþjóðamálastofnun HÍ.

„Stjórnmálamenn reyna að láta eins og Ísland sé ekki inni í þessu,“ segir hún. Í hruninu hafi hins vegar orðið ljóst að þessi stefna, um að velja og hafna í Evrópusamstarfinu og standa að hálfu leyti fyrir utan, hafi verið ófullnægjandi.

Stommer segir að í kalda stríðinu hafi Ísland verið „bandarískt heimaland“ í utanríkismálum. Að kalda stríði loknu hafi Íslendingar sýnt meira sjálfsöryggi og þátttakan í Schengen hafi verið leið landsins í vopnlaust öryggissamstarf með Evrópu, til að vera síður hjálenda Bandaríkjanna. **- kóþ**

### Hvernig kemur Ísland að ákvörðunum?

Ísland hefur aðgang að ákvarðanatökuferli Schengen-samstarfsins í gegnum nefnd aðildarríkjanna en má ekki greiða þar atkvæði. Þegar Schengen-löggjöf hefur verið samþykkt af ráðherrum aðildarríkja ESB ræður Ísland því, formlega séð, hvort það tekur hana upp. Líklega yrði því þó tekið sem úrsögn úr samstarfinu ef Ísland samþykkti ekki slíka löggjöf.

Þessi aðkoma Íslands að ákvarðanatöku er þó betri en að ákvörðunum sem teknar eru á vettvangi samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.



**BÍLATURN Í KARLSRUHE** Í borginni Karlsruhe hefur þetta verk austurríska arkitektsins og hönnuðarins Hans Hollein verið sett upp í tengslum við sýninguna Bílamenning. NORDICPHOTOS/AFP

Refsiákvæðið er frá 1940:

## Samin til að vernda hlutleysisstefnuna

**LÖGFRÆÐI** Lagagrein í almennu hegningarlögunum frá 1940 þar sem segir að hver sá sem ráði menn innan íslenska ríkisins til erlendrar herþjónustu skuli sæta fangelsi allt að tveimur árum var líklega samin til þess að vernda hlutleysisstefnuna. Þetta er mat Birgis Loftssonar, sagnfræðings og höfundar Hernaðarsögu Íslands 1170 til 1581.



BIRGIR LOFTSSON

„Ég hef ekki rannsakað þetta sérstaklega en árið 1940 voru Íslendingar að búa sig undir að taka yfir utanríkismál sín en fyrst og fremst að búa sig undir stríðsátökin. Mín kenning er sú að menn hafi óttast að hlutleysi Íslands yrði stefnt í voða og þess vegna viljað koma í veg fyrir að Íslendingar yrðu ráðnir í heri bandamanna eða Þjóðverja. Reyndar voru sett sérstök lög 1939 um komu erlendra herskipa til Íslands sem miðuðu að sama marki, nefnilega að koma í veg fyrir að Ísland drægist inn í átökin. Þannig má segja að þessi lög séu barn síns tíma og þar af leiðandi úrelt,“ segir Birgir. **- ibs**

**SAMGÖNGUR**

### Dýrara í Hvalfjarðargöngin

Veggjald fyrir staka ferð í Hvalfjarðargöngin mun hækka úr 900 í 1.000 krónur hinn 1. júlí. Í fréttatilkynningu segir að minni umferð og þar með rýrari tekjur rekstrarfélagsins Spalar auk fleiri þátta skýri hækkunina.

**MENNTAMÁL**

### Fleiri sækja um skólavist

Fleiri sóttu um nám við Háskólann á Bifröst en í fyrra. Ríflega 40 prósentum fleiri sóttu um grunnnám í staðnámi og rúmlega 30 prósentum fleiri um frumgreinanám, en það er eins árs undirbúningsnám að háskólanámi.

**ORÐUVEITINGAR**

### Ellefu fengu fálkaorðu

Forseti Íslands sæmdi ellefu Íslendinga heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu á Bessastöðum í gær. Orðu hlutu: Dr. Andrés Arnalds, fagmálastjóri Landgræðslu ríkisins; Hafdís Árnadóttir, kennari og stofnandi Kramhússins; Hólmfríður Gísladóttir kennari; Júlía Guðný Hreinsdóttir, fagstjóri á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra; Kári Jónasson, fyrrverandi fréttastjóri; Lovísa Christiansen, framkvæmdastjóri Krýsuvíkursamtakanna; Sjöfn Ingólfsdóttir, fyrrverandi formaður Starfsmannafélags Reykjavíkur; Skúli Alexandersson, fyrrverandi alþingismaður og oddviti; Sverrir Bergmann Bergsson taugalæknir; Þorsteinn Vilhjálmsson prófessor; og Þóra Einarsdóttir söngkona.

# Samkeppniseftirlitið og Arion fá ofanígjöf

**Áfrýjunarnefnd samkeppnismála vísar samrunamáli Stjörnugríss og tveggja svínabúa aftur til Samkeppniseftirlitsins, sem hafði fellt það niður. Auglýsa hefði átt búin opinberlega og leyfa sölu í tvennu lagi. Rök ekki sögð halda vatni.**

**SAMKEPPNISMÁL** Sú ákvörðun Arion banka að selja fyrirtækinu Stjörnugrís tvö svínabú í fjárhagsvandræðum, bak við luktar dyr en búin ekki auglýst opinberlega, orkar tvímælis að mati áfrýjunarnefndar samkeppnismála, sem hefur vísað málinu aftur til Samkeppniseftirlitsins (SE) til meðferðar. Áfrýjunarnefndin gerir einnig athugasemd við þá ákvörðun Arion banka að áskilja að aðeins mætti selja búin í einu lagi – skýringar á henni séu ófullnægjandi.

Svínabúin tvö, Brautarholt og Grísagarður að Hýrumel, voru tekin yfir af Arion banka eftir að þau komust í fjárhagsvandræði fyrir rúmu ári. Bankinn ákvað svo að selja þau til Stjörnugríss um sumarið.

SE hóf rannsókn á samrunanum skömmu síðar og komst að þeirri frumniðurstöðu að samruninn væri samkeppnishamlandi og styrkti stöðu Stjörnugríss á markaðnum.

Þessu mótmæltu Stjörnugrís og Arion banki og báru meðal annars við sjónarmiðum um fyrirtæki á fallanda fæti. Í því felst að yfirtaka á félagi sem að öðrum kosti mundi einfaldlega leggja upp laupana skipti í raun engu máli í samkeppnislegu tilliti, og geti jafnvel verið til hagsbóta fyrir neytendur til langs tíma litið. SE tók rökin gild og aðhafðist ekki frekari í málinu.

Nú hefur áfrýjunarnefndin vísað málinu aftur til SE. Í ákvörðun nefndarinnar segir að það hljóti að vera skilyrði fyrir því að fallast á sjónarmið um fyrirtæki á fallanda fæti að aðilar málsins sanni að viðskiptin séu ekki samkeppnishamlandi. Það hafi ekki verið gert.



**SVÍNSLEGT?** Samkeppnisaðilar Stjörnugríss áfrýjuðu niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins. Þeir telja málið óviðunandi. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

Þetta sé sérstaklega knýjandi í þessu máli í ljósi þess að svínabú landsins geti afkastað umfram eftirspurn. Við þær aðstæður geti hugsanlega verið heppilegra í samkeppnislegu tilliti að leggja veikburða bú hreinlega niður. Engin greining hafi hins vegar farið fram á samkeppnislegum áhrifum þess.

Í ákvörðuninni segir að ósannað sé að fyrirtækin hafi verið á fallanda fæti. „Þvert á móti virðist margt benda til hins gagnstæða. Að mati nefndarinnar skiptir þar mestu að ekki hafi verið gerð grein fyrir því hvernig það megi vera að öll markaðshlutdeild svínabúanna að Hýrumel og Brautarholti hefði hvort eð er að verulegu eða öllu leyti horfið til Stjörnugríss ehf.“

Enn fremur gerir áfrýjunarnefndin því skóna að söluskilmálarnir sem Arion banki teiknaði upp hafi verið sérsniðnir að Stjörnugrís og í rauninni komið í veg fyrir að nokkur annar kæmi til álita sem kaupandi.



**stigur@frettabladid.is**

GARÐATORG EIGNAMIÐLUN
GARÐATORGI 7
210 GARÐABÆ
Sími : 545-0800
gardatorg@gardatorg.is
www.gardatorg.is
Þóroddur S. Skaptason löggiltur fasteignasali
**Sumarbústaður – Hléskógar 12.**
**Opið hús föstudaginn 17.júní til mánudagsins 20.júní frá 11.00-15.00 alla dagana.**




Mjög gott 74 fm heilsárs hús auk 24 fm svefnlofts, samtals 98 fm. Glæsileg 6.050 fm skógi vaxin lóð í jaðri sumarhúsabyggðarinnar í landi Svarfhóls í Svínadal. Lýsing: Anddyri, tvö svefnherbergi, gott eldhús með fallegri innréttingu og góðum tækjum (helluborð, uppþvottavél og ísskáp). Stór björt stofa með gluggum á þrjá vegu og kamínu. Baðherbergi m/sturtu og geymsla/þvotthús. Stór verönd sem snýr í suður og vestur, heitur pottur. Heitt vatn/hitaveita. Gott útsýni til vesturs og norðurs. Stutt í margvíslega þjónustu, golfvöll og sundlaug. Um 50 mín. akstur frá Reykjavík.
**Verð 18,9 millj. Lilja sýnir í síma 862 0574**

Ísland fellst á regluverk og samninga ESB á sviði utanríkis- og varnarmála:

# Hernaður ekki á fjárlögum ESB

**EVRÓPUMÁL** Rekstur hernaðarlegra verkefna fellur ekki undir fjárlög ESB og ríki geta kosið að standa utan framlaga vegna einstakra verkefna, segir í nýlegri fundafrásögn samninganefndar Íslands (29. fundur) vegna aðildarviðræðna Íslands og ESB.

Þar segir að formaður samningahóps um utanríkisviðskipti, utanríkis-, öryggis- og varnarmál ætli að lýsa því yfir á rýnifundi að Ísland fallist á regluverk og samninga ESB á þeim sviðum sem falla undir þau mál. Þetta verði gert að fenginni sérstakri ósk um að Ísland lýsi afstöðu sinni til regluverksins, af hendi framkvæmdastjórnar ESB.

Téð yfirlýsing verður þó með „fyrirvara um sérstöðu Íslands hvað varðar tiltekin mál á sviði utanríkis-, öryggis- og varnarmála og með fyrirvara um að ræða þurfi lausnir hvað varðar afmörkuð atriði sem fulltrúar Íslands hafi gert grein fyrir í fyrirlestrum sínum.“

Einnig kemur fram í skjalinu, sem nálgast má á vef utanríkisráðuneytisins, að umræddur samningahópur sé að leggja lokahönd á gagnagrunn sem mun kortleggja alla alþjóðlega samninga sem Ísland er aðili að. **- kóþ**



**EVRÓPUÞINGIÐ FUNDAR Í STRASSBORG** Ein afleiðing aðildarviðræðna Íslands og ESB er sú að nú á að kortleggja alla alþjóðlega samninga sem Ísland er aðili að. NORDICPHOTOS/AFP

# Gleðilega þjóðhátíð

## HÓTEL EDDA 50 ÁRA







Við hjá Hótel Eddu fyllumst ætíð miklu stolti og tilhlökkun á 17. júní. Fyrir okkur markar þjóðhátíðardagurinn upphaf sumarsins og í ár fögnum við að auki 50 ára afmæli Edduhótelanna.

## SUMARSÆLA Í 50 ÁR

Fyrsta Edduhótelið var opnað árið 1961 og byggði á þeirri hugmynd að nýta húsnæði og heimavistir héraðsskólanna til að bjóða ferðalöngum þar upp á gistingu yfir sumartímann. Nú mynda 13 Edduhótel víðs vegar um Ísland eina elstu og virtustu hótelkeðju landsins. Sum þeirra eru sérhönnuð sem hótel, en öll starfa þau á þeim upprunalega grunni að bjóða hagkvæma og notalega gistingu og góða þjónustu.

## ATVINNUSKAPANDI FERÐAMENNING

Við erum stolt af hlutverki okkar í ferðamenningu Íslendinga og ekki síður af þætti Edduhótelanna í atvinnusköpun á landsbyggðinni. Nú sem fyrr eru hundruð sumarstarfa á Edduhótelum í heimabyggð gríðarlega eftirsótt, jafnt meðal íslenskra ungmenna og þeirra sem eldri eru. Reynsla starfsfólksins og þekking á náttúru og nágrenni hótelanna eru dýrmætur sjóður fyrir okkur og gesti okkar að sækja í.

**VIÐ ÓSKUM ÞÉR GLEÐILEGRAR ÞJÓÐHÁTÍÐAR
OG HLÖKKUM TIL AÐ TAKA Á MÓTI ÞÉR Í SUMAR.**

Starfsfólk Edduhótelanna

---

**13 HÓTEL ALLAN HRINGINN**

1 ML Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn • 3 Skógar • 4 Vík í Mýrdal • 5 Nesjum • 6 Neskaupstaður • 7 Egilsstaðir
8 Eiðar • 9 Stórutjarnir • 10 Akureyri • 11 Laugarbakki • 12 Ísafjörður • 13 Laugar í Sælingsdal

**Pantaðu allan hringinn á www.hoteledda.is eða í síma 444 4000**

**FRÉTTASKÝRING:** 200 ára afmælishátíð Jóns Sigurðssonar

# Vel heppnað sameiningartákn

**200 ár eru í dag síðan Jón Sigurðsson fæddist. Hann hefur löngum skipað stóran sess í samræðu þjóðarinnar enda stefndi hann leynt og ljóst að því. Jóni var hampað í sjálfstæðisbaráttunni og stjórnmálamenn hafa löngum vitnað til hans um hin ólíkustu málefni.**

Jón Sigurðsson þekkja allir. Slík staðhæfing hefur verið höfð um marga, en trauðla á hún betur við um nokkurn en Jón. Saga hans er kennd í skólum landsins og íslensk börn læra um sjálfstæðishetjuna frá unga aldri. Stytta af honum stendur á Austurvelli og horfir yfir Alþingi og inni í þingsal horfir Jón yfir þingmenn. Það er enda við hæfi sjálfir eru þeir duglegir við að vitna til Jóns um hin ólíkustu málefni. Andstæðar fylkingar hafa dregið það tromp fram úr ermi sinni að vitna til Jóns; það á að slá öll vopn úr hendi andstæðinganna. Væri Jón á sama máli og þú er ljóst að þú hefur rétt fyrir þér.

Jón Sigurðsson fæddist á Hrafnseyri við Arnarfjörð 17. júní árið 1811. Hrafnseyri var reyndar löngum kölluð Rafnseyri upp á danska vísu, en að þjóðlegum sið hefur H-inu verið hnýtt aftur framan við staðarnafnið.

Jón fluttist til Reykjavíkur átján ára gamall og lauk stúdentsprófi árið 1829 með ágætiseinkunn. Syðra vann hann í verslun föðurbróður síns, Einars Jónssonar. Þar kynntist hann dóttur Einars, Ingibjörgu, og úr varð, seint og um síðir, hjónaband.

Ingibjörg sat í festum í tólf ár á meðan Jón stundaði nám í Kaupmannahöfn; fyrst í málfræði en síðan í íslenskum bókmenntum og sögu. Hann lauk þó aldrei námi.



**PORTRETTIÐ** Jón sat fyrir hjá málaranum August Schiött árið 1868.

**Forseti, þó ekki Alþingis**

Jón var löngum kallaður forseti og til að mynda hét fyrsti togarinn sem smíðaður var sérstaklega fyrir Íslendinga því nafni; Jón forseti. Algengur misskilningur er að forsetanafnbótina hafi hann fengið sem forseti Alþingis. Vissulega gegndi Jón því embætti lengi, 1849-1853, einn og hálfan mánuð árið 1857 og síðan 1867-1877.

Viðurnefnið er hins vegar þannig til komið að Jón var frá árinu 1851 forseti Hafnardeildar Hins íslenska bókmenntafélags. Það þótti virðingarstaða á þeim árum og embættisheitið festist við hann.

**Bóngóður og iðjusamur**

Jón hafði lifibrauð sitt af ýmsum vísindastörfum og vinnu við Árnasafn, en hann bjó í Kaupmannahöfn frá því að hann hélt ungur utan til náms og til dauðadags. Hann vann að ýmsum störfum, vann við skjalavörslu, ritstörf og fleira. Eitt af þeim verkefnum sem hann kom að var að aðstoða færeyska prestinn Hammershaimb við að koma upp færeysku ritmáli og er haft fyrir satt að hann hafi haft mikið um það að segja að stafsetning þar í landi tekur fremur mið af uppruna orða en framburði.

Jón stofnaði árið 1841 Ný félagsrit og gaf þau út til ársins 1873. Segja má með sanni að þau séu málgagn Jóns, þar er að finna stjórnmálahugleiðingar ásamt greinum um ýmis hugðarefni hans.



**UM JÓN Í SKUGGA JÓNS** Minningarfundur var haldinn á Alþingi um Jón á miðvikudag og var þá ákveðið að koma á fót stöðu prófessors við HÍ tengdri nafni Jóns. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sagði við það tilefni að margir hefðu viljað eigna sér Jón og hugsjónir hans í stjórnmálaátökum undanfarinna ára. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Jón var ötull bréfaskrifari og hafa varðveist yfir 6.000 sendibréf til hans frá um 870 bréfriturum. Að auki er til fjöldi bréfa frá Jóni til ýmissa viðtakenda. Jón þótti bóngóður og sinnti ýmsum viðvikum fyrir landa sína og aðstoðaði þá sem á þurftu að halda.

**Stjórnmálin**

Jón var kjörinn á þing árið 1845, fyrsta árið sem endurreist Alþingi starfaði, sem þingmaður Ísfirðinga, og sat á þingi til dauðadags, árið 1879. Hann sat þó ekki öll þing. Sem forseti hafði hann mikið að segja um mótun starfshátta Alþingis.

Konungur afsalaði sér einveldi árið 1848 í anda þeirrar frjálsræðisbylgju sem reið yfir Evrópu á þeim árum. Við það fóru menn að velta fyrir sér hver staða Íslands væri. Jón Sigurðsson ritaði grein í Ný félagsrit þar sem hann færði rök fyrir því að við þá breytingu hefði stjórnskipuleg staða landsins færst til þess stigs sem hún var fyrir undirritun Gamla sáttmála. Íslendingar hefðu gengið konungi á hönd og hollustan væri því bundin honum en ekki ríkinu sjálfu og við aflagningu einveldisins væri hún fyrir bí.

Jón barðist fyrir sjálfstjórn Íslendinga, en þó undir Danakonungi, ekki fullu sjálfstæði landsins, líkt og hefur reynst lífseig skoðun.

## Fjárkláðinn

Það mál sem reyndist Jóni þyngst í skauti var fjárkláðamálið. Fjárkláði var sótt sem lagðist á fé og skiptust menn í tvær fylkingar; þá sem vildu lækna og hina sem vildu skera. Jón fylgdi línu danskra embættismanna og vildi lækna en Íslendingar höfðu litla trú á þeirri meðferð sem fólst í böðun fjárins úr sérstöku efni.

Jón var felldur sem forseti Alþingis og kom ekki til landsins í sex ár. Guðjón Friðriksson segir málið til marks um stefnufestu Jóns, sem hvergi hvikaði frá sinni skoðun þrátt fyrir mikla mótspyrnu. Honum hafi þó á endanum tekist að þjappa meirihluta þingsins að baki sér og hljóta endurkjör til forseta.

**Vér mótmælum allir**

Árið 1851 var haldinn þjóðfundur um stjórnskipan Íslands í Lærða skólanum, nú Menntaskólanum í Reykjavík. Þar lagði Trampe greifi, sem stiftamtmaður á Íslandi, fram frumvarp um að Ísland skyldi innlimað að fullu í Danmörku, hafa sömu lög og reglur og Danmörk og Alþingi yrði amtráð en Íslendingar fengju að hafa sex fulltrúa á danska þinginu.

Þegar Trampe greifi sá fram á að frumvarpið yrði fellt ákvað hann að slíta fundi og steig þá Jón Sigurðsson fram og mótmælti í nafni konungs og þjóðarinnar. Í fundargerð Benedikts Gröndal kemur fram að þá hafi allir þjóðkjörnir fulltrúar stigið fram og sagt hin fleygu orð: „Vér mótmælum allir.“

**Hæ hó jibbíjei**

Jón lést í Kaupmannahöfn árið 1879 en lík hans var flutt heim og grafið í Hólavallakirkjugarði. Dánarmein Jóns hefur löngum verið mönnum deiluefni og þær raddir að hann hafi látist úr sárasótt hafa verið ansi háværar.

Árið 1911 var afhjúpuð stytta af Jóni, eftir Einar Jónsson myndhöggvara, fyrir framan Stjórnarráðshúsið. Hún var síðan flutt á Austurvöll árið 1931 þar sem hún stendur enn.

Þegar Íslendingar sögðu sig úr lögum við Dani, í mars 1944, og ákváðu að stofna lýðveldi, varð það að ráði að lýðveldisstofnunin færi fram á afmælisdegi Jóns, 17. júní. Síðan er hann þjóðhátíðardagur Íslendinga.

**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is



## Jón með augum Megasar

**Jón Sigurðsson og sjálfstæðisbarátta Íslendinga**

Ó Jón Sigurðsson var sveitungi óþekktrar konu
hann sigldi til Hafnar að nema þar einhver fræði
og krefja Dani einarðlega íslenskum
einum til handa um landsins gögn og gæði

Hann mátti ekkert aumt sjá það er staðreynd
og einatt gekk hann nakinn í rauðum slopp
um íbúð sína sem einhver kaupahéðinn
gaf Íslandi nýskeð og brúkaði gylltan kopp

Nú er Jón dauður en sjálfstæðisbaráttan blífur
við berjumst til þrautar fyrir tungu og frelsi
og við gefum af bókum út eitthvert firnafár
og förgum stundarhagsmunum fyrir nýtt helsi



## Meðvitað að gera sig landsföðurlegan

Jón Sigurðsson er þjóðfrelsishetja í hugum margra og varð það löngu áður en hann dó. Guðjón Friðriksson sagnfræðingur, sem ritað hefur ævisögu Jóns, segir að Jón hafi meðvitað unnið að því að gera sig landsföðurlegan. Hann sat oft fyrir á myndum og árið 1857 var ákveðið að steinprenta mynd af Jóni í stóru upplagi sem síðan var sent til allra þingmanna sem dreifðu henni um kjördæmi sín. Guðjón segir þetta mögulega undan rifjum Jóns sjálfs runnið. Hann hafi verið meðvitaður um eigin stöðu og viljað þjappa þjóðinni saman.



**GUÐJÓN FRIÐRIKSSON**

„Hann var alls ekki óumdeildur á sinni tíð og hann átti öfluga andstæðinga sem sátu á þingi. Það varð þeim þó ekki alltaf til framdráttar. Gísli Brynjólfsson, sem bjó einnig í Kaupmannahöfn, snerist til að mynda öndverður gegn Jóni og fyrir vikið snerust íslenskir stúdentar í Höfn gegn Gísla.“

**Fjarlægðin og gyllingin**

Oft er sagt að ákveðna fjarlægð þurfi á þjóðhetjur, hvort sem er í tíma eða rúmi. Jón bjó lengstan part ævi sinnar í Kaupmannahöfn og kom varla til landsins nema til að taka sæti á þingi. Þegar Jón var tæplega fertugur var honum boðin staða við Lærða skólann í Reykjavík sem hann hafnaði. Við það tækifæri lét hann eftir sér hafa í bréfi að hætt væri að það færi af honum gyllingin við það að flytja heim.

Guðjón segir að ýmsum heimildum hafi verið eytt um Jón sem hefðu getað sýnt hann í öðru ljósi en skini hetjunnar.

Til að mynda hafa engin bréf varðveist frá honum til Ingibjargar, sem sat í festum í tólf ár og beið Jóns. Óljóst er þó hvort Jón sjálfur hafi eytt þeim eða Tryggvi Gunnarsson, sem hafði umsjón með dánarbúi Jóns.

> ”
> Það væri ekki við hæfi að einhver þeirra stjórnmálaflokka sem starfa nú, 200 árum eftir fæðingu Jóns Sigurðssonar, reyndi að gera tilkall til Jóns eða stjórnmálastefnu hans. Innra með mér þykist ég hins vegar vita hvar í flokki hann ætti heima.
>
> **SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON**
> FORMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS 8. APRÍL 2011.

**Allir eignuðu sér Jón**

Guðjón segir Jón hafa skipað gríðarlega mikinn sess í hugum Íslendinga frá því að hann var uppi og langt fram eftir 20. öld. Þá hafi farið að dofna yfir hugsjónum sjálfstæðisbaráttunnar og mynd Jóns dofnað og um leið komin ákveðin andstaða gegn Jóni.

„Hann var á tíma gerður að þvílíkum þjóðardýrlingi og tákni að það var ekki nema eðlilegt að reynt væri að afhelga hann með einhverjum hætti. Það varð líka liður í þeirri uppreisn gegn stofnanaveldinu sem einkenndi menningu ungs fólks á síðari hluta síðustu aldar.“

Guðjón segir það þó ekki rýra sess Jóns í sögunni, hann sé stórt nafn í íslenskri sögu en þó með öðrum hætti en áður var. Menn hafi látið af upphafinni dýrkun á Jón.

„Hann er þó enn notaður heilmikið sem þjóðartákn og sameiningartákn. Styttan af honum er ýmist klædd í bleikt eða ál eftir því hvaða málstað er verið að koma á framfæri og hann er kallaður til vitnis í ýmsum málum. Bæði andstæðingar og fylgjendur ESB vísa til að mynda til Jóns. Hann hefur verið notaður af stjórnmálamönnum alla 20. öldina og það eignuðu sér hann allir, íhaldsmenn, sósíalistar, sameiningarmenn eða frjálshyggjumenn. Það er helst Kvennalistinn sem ekki hefur nýtt sér Jón,“ segir Guðjón en vísar þó til þess að baráttufólk fyrir kvenréttindum hafi klætt styttu Jóns í bleikt máli sínu til stuðnings.


ÞJÓÐHÁTÍÐARSTEMNING
Í BLÓMAVALI OG HÚSASMIÐJUNNI SKÚTUVOGI
ÍS OG FÁNAVEIFA
99kr
Aðeins í Skútuvogi
ÞJÓÐHÁTÍÐAR BLÓMVÖNDUR
1999kr
TAX FREE*
GARÐPLÖNTUR
HUMARSÚPA
MEÐ BRAUÐI
frá kl. 11:30 - 15:00
99kr
Þjóðhátíð
OPIÐ Í DAG, SKÚTUVOGI OG AKUREYRI
TAX FREE*
GRILL
Eitt mesta úrval landsins af grillum!
TAX FREE*
GARÐHÚSGÖGN
OPIÐ 10-19 Í SKÚTUVOGI
OPIÐ 11-16 Á AKUREYRI
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
*Tax free gildir af vörum í Húsasmiðjunni og Blómavali en sjálfsögðu ekki af vörum sem merktar eru Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar enda höfum við þegar lækkað þær vörur í allra lægsta verð sem við getum boðið.
Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs
blómaval
HÚSASMIÐJAN

ENNEMM / SÍA / NM45395




Upplifðu meira Ísland
með Símanum á stærsta
3G neti landsins
frá grárri forneskju
Meira Ísland
Seljalandsfoss
Þessi fallegi foss blasir við frá þjóðveginum og hægt er að ganga á bak við hann. Skessan Gilitrutt bjó í Eyjafjöllunum og kannski hefur hún skroppið hingað í sturtu þegar sólin var sest í vestri.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Örlar á frjálsri hugsun í landbúnaðargeiranum:

## Báðar hliðarnar

Björn Sigurbjörnsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri landbúnaðarráðuneytisins, skrifaði athyglisverða grein hér í blaðið í gær, þar sem hann dregur saman ýmis helztu atriði í landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins og reynir að meta afleiðingarnar af hugsanlegri ESB-aðild fyrir íslenzkan landbúnað, bæði jákvæðar og neikvæðar.

SKOÐUN


Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is




Meðal þess sem Björn bendir á er að vegna niðurfellingar tollverndar fyrir innlendar búvörur kynnu eini kalkúnabóndi landsins, um það bil fjórir svínabændur og tíu til tuttugu kjúklingaræktendur að lenda í erfiðri samkeppni, enda byggist framleiðsla þeirra á innfluttu fóðri, ræktuðu á erlendu akurlendi. Hins vegar ættu sauðfjár- og nautgriparækt, ásamt ferðaþjónustu, skógrækt, garðyrkju og ýmissi annarri starfsemi, að geta haldið áfram að dafna og skapað íbúum sveitanna viðunandi afkomu.

Það gleymist stundum í umræðunni um landbúnaðarmál að markmiðið með stuðningi skattgreiðenda við landbúnað hlýtur að vera að skapa atvinnu og blómlegt mannlíf í sveitunum, ekki að íslenzkur landbúnaður verði óbreyttur um aldur og ævi. Þetta er markmið sem hefur tekizt ágætlega að uppfylla í Evrópusambandinu þótt það sé gert með öðrum aðferðum en á Íslandi. Björn bendir á að ESB hafi fellt niður framleiðslutengda styrki til landbúnaðar en miði styrkina frekar við landnotkun. Þannig stuðli Evrópusambandið að því að land sé í byggð, óháð því hvort þar sé framleidd búvara, og að íbúar í dreifbýli geti lifað á margvíslegri annarri atvinnu, til dæmis ferðamennsku, úrvinnslu hráefna, heimilisiðnaði og sölu varnings frá býli.

Augu forkólfa landbúnaðarkerfisins íslenzka, jafnt í hagsmunasamtökum bænda sem í landbúnaðarráðuneytinu, virðast algerlega lokuð fyrir þeim möguleikum og nýjum atvinnutækifærum sem landbúnaðar- og byggðastefna ESB getur skapað til sveita. Þröstur Haraldsson, fyrrverandi ritstjóri Bændablaðsins, skrifaði grein hér í blaðið á dögunum þar sem hann hélt fram svipuðum sjónarmiðum og Björn Sigurbjörnsson en benti á að forysta Bændasamtakanna hefði tekið allt að því trúarlega afstöðu gegn ESB-aðild og safnað svo rökum gegn henni en „bægt frá sér og bændum öllu því sem telja má jákvætt við aðild eða sem unnið gæti gegn neikvæðum afleiðingum aðildar á íslenskan landbúnað“. Það er hins vegar athyglisvert hvernig bæði Björn og Þröstur, menn sem áður voru hluti af landbúnaðarkerfinu en standa nú utan þess og eru frjálsir skoðana sinna, nálgast málið.

Jón Bjarnason landbúnaðarráðherra vill ekki ræða neinar breytingar á íslenzka landbúnaðarkerfinu í viðræðunum við ESB, hvorki á tollvernd né styrkjakerfi. Sama á við um bændaforystuna. Hún hefur jafnframt lýst því yfir að bændur muni ekki taka við neinum „aðréttum“ frá Brussel, þ.e. styrkjum til að vinna með Evrópusambandinu eða kynna sér starfsemi þess.

Þó hunzuðu bæði svína- og grænmetisbændur skipanir leiðtoganna í Bændahöllinni og sóttu um styrki frá ESB til að fara til Finnlands og kynna sér þarlendan landbúnað. Það er gott að enn örlar á frjálsri hugsun í landbúnaðinum. Kannski hefur einhver spurt finnska bændur hvort þeir hefðu kosið óbreytt ástand eða hvort ESB hafi haft upp á eitthvað að bjóða. Það er líklega lærdómsríkt að skoða báðar hliðarnar.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

Issn 1670-3871



FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

FLEIRI MÖRK OG FASTARI SKOT Á BOLTAVAKT VÍSIS

Fylgstu með Pepsideildinni í Boltavaktinni á Vísi. Beinar textalýsingar allra leikja, útvarpslýsing á leik í hverri umferð í Boltavarpinu og umfjöllun strax að loknum leik. Myndbönd með viðtölum öll mörkin í sjónvarpi Vísis.
Vertu á Boltavaktinni með Vísi í sumar.



Meira sjónvarp,
meira útvarp,
meiri fréttir,
meiri upplýsingar,
meiri umræða,
meira líf,
meiri íþróttir,
meiri virkni,
meira úrval.
Þú færð meira af öllu á Vísi.

Bolta varpið í beinni á Vísi

vísir
Meiri Vísir.


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vönduðu mennirnir

Hafsteinn Þór Hauksson ritar skelegga grein í Fréttablaðið í gær þar sem hann snuprar þá sem hafa líkt landsdómi við sýndarréttarhöld og önnur óhæfuverk sem unnin voru í Sovétríkjunum. Tilgreinir Hafsteinn sérstaklega tvo menn, Þorstein Pálsson og Tryggva Þór Herbertsson. Hafsteinn lýkur grein sinni á þeim orðum að þjóðfélagsumræðan sé nógu eitruð þó að „jafn vandaðir menn og Þorsteinn Pálsson leggi ekki sitt í púkkið“. Hvort það þýðir að Tryggvi Þór fyllir ekki þann flokk að mati Hafsteins skal hins vegar ósagt látið.



### Klofningur í Heimssýn?

Vinstrivaktin gegn ESB er nýr félagsskapur og nýverið var opnaður vefur með boðskap hans. Það er í sjálfu sér ekki nema eðlilegt að fólk sameinist um að koma skoðun sinni á framfæri en óneitanlega vekur það athygli að skráður ábyrgðarmaður síðunnar og einn pistlahöfunda er Ragnar Arnalds. Hann er einnig í stjórn Heimssýnar en virðist hafa talið þörf á nýjum félagsskap Evrópuandstæðinga.

### Gamaldags söguskoðun

Þingmenn ræddu um Jón Sigurðsson á miðvikudag og höfðu ýmislegt að segja. Ekki var að sjá á þeim að endurskoðuð söguskoðun hefði náð til þeirra og til að mynda vitnaði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, í 100 ára gamla ræðu sagnfræðingsins Jóns Jónssonar. Þar er að finna rómantíska sýn sjálfstæðissinna á Jón sem Sigmundur Davíð endurtók og var ekki annað skilja á honum en Jón hefði barist fyrir sjálfstæðu Íslandi. Raunin var hins vegar sú að Jón vildi að Íslendingar lytu Danakonungi, en hefðu þó sjálfstjórn, eins og yngri sagnfræðingar en Jón hafa bent á.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Sundrung eða sameining

Samvinna þjóða




Baldur Þórhallsson
prófessor í stjórnmálafræði við HÍ


Það er gæfa hverrar þjóðar að geta horft til þess sem landsmenn eiga sameiginlegt. Farsæld þjóðar felst enn fremur í því að lifa í sátt við nágrannaþjóðir. Þeim þjóðum sem tekst vel upp með hvort tveggja vegnar best allra.

Við Íslendingar höfum verið þeirrar gæfu aðnjótandi að byggja landið upp á grunni sameiginlegrar reynslu, sögu og menningar. Þetta hefur okkur tekist þrátt fyrir oft á tíðum heiftarleg átök um hvert stefna beri hverju sinni. Landsmönnum, sem hafa ólíkar vonir og væntingar, hefur tekist að horfa til þess sem sameinar þá í stað þess að horfa til þess sem sundrar.

Okkur hefur hins vegar ekki vegnað eins vel þegar kemur að samvinnu við nágrannaþjóðir okkar. Harkalegar deilur um hafsvæðið í kringum landið og þann mikla auð sem hafið býr yfir bera vott um það. Einnig hefur skort verulega á að við höfum komið til aðstoðar þegar næstu nágrannar okkar, Færeyingar og Grænlendingar, hafa átt undir högg að sækja. Vandinn virðist liggja í þeirri meinsemd að við horfum í meiri mæli til þess sem aðskilur okkur frá þeim en þess sem er líkt með grönnum.

Við höfum einnig misst sjónar á því sem við eigum sameiginlegt með öðrum þjóðum Evrópu. Einblínt er á það sem aðskilur okkur frá þeim. Samvinna

> Einnig hefur skort verulega á að við höfum komið til aðstoðar þegar næstu nágrannar okkar, Færeyingar og Grænlendingar, hafa átt undir högg að sækja.

þjóða Evrópu er eitt best þekkta dæmi mannkynssögunnar um ávinning þess að horfa til þess sem sameinar frekar en þess sem sundrar.

Byggjum samvinnu við nágranna okkar á grunni þess sem við eigum sameiginlegt með þeim frekar en því sem sundrar. Það boðar aukna farsæld.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Nú er hagkvæm tíð



Trúmál
Örn Bárður Jónsson
sóknarprestur og fulltrúi í stjórnlagaráði

Loksins er biðin á enda. Skýrsla rannsóknarnefndar kirkjuþings er komin út. Hún er merkur áfangi á vegferð þjóðkirkjunnar í átt til réttlátra vinnubragða við meðferð kynferðisbrota. En viðbrögðin við skýrslunni hafa valdið mér vonbrigðum. Þar á ég ekki bara við þau viðbrögð sem margir sýna með úrsögn sinni úr þjóðkirkjunni, sem ég skil vel, heldur ekki síður viðbrögð yfirstjórnar kirkjunnar, sem ég á mjög erfitt með að skilja.

Mér fannst óneitanlega einkennilegt að forseti kirkjuþings skyldi lýsa því yfir í fjölmiðlum á laugardegi, einum degi eftir að skýrslan kom út og þremur dögum áður en þingið kom saman, að hann teldi að enginn þyrfti að segja af sér. Hefði ekki verið skynsamlegra að geyma þessi orð þar til að þingið kom saman? Forseti kirkjuþings stýrði sjálfur þingfundinum og flutti þar sína alvöruþrungnu ræðu sem setti málið allt í tiltekinn farveg.

Biskupinn flutti svo sína ræðu á þinginu og varði sjálfan sig eins og skiljanlegt er. Hann hefur auðvitað sinn rétt til að útskýra aðkomu sína að þessu erfiða máli. Hann var og er í erfiðri stöðu. En hefði hann ekki átt að víkja af fundi að lokinni ræðu sinni og leyfa þingheimi að ræða málið að sér fjarstöddum? Kom engum til hugar sem sitja þingið að spyrja þeirrar spurningar úr ræðustól? Ég spyr enn fremur: Orðaði enginn þann möguleika hreint og beint í þingsal að biskup Íslands þyrfti hugsanlega að segja af sér? Þorði enginn að taka neina áhættu í umræðunni nema þá grafalvarlegu og miklu áhættu sem fram kemur í máttlausri niðurstöðu kirkjuþings?

Þetta erfiða mál sem skýrsla rannsóknarnefndar kirkjuþings tekur á er eins og brotsjór sem riðið hefur yfir kirkjuskipið á liðnum árum og laskað það. Nú virðist sumum kannski að við blasi lygn sjór. Fólkið í brúnni kann að anda léttar. En lognið er ekki komið til að vera í þessu máli fremur en venja er í náttúrunni. Aldan er enn í hafinu, djúpt í hafinu.

Viðbrögð kirkjuþings 14. júní sl. voru í raun þau sömu og ítrekað að hafa verið viðhöfð undanfarin misseri og ár af hálfu kirkjunnar og orða mætti með þessum hætti: „Okkur þykir þetta leitt. Við biðjumst fyrirgefningar. Við vonum að konurnar geti tekið kirkjuna í sátt.“ Ekkert hefur í rauninni breyst.

Hinn þjáði maður, Job, sagði forðum daga: „Hversu lengi ætlið þér að angra mig og brjóta mig niður með orðum?“ Orð Jobs ætla ég að hinar hugrökku konur sem líða fyrir gerðir kirkjunnar geti nú tekið sér í munn.

Í þessu máli þarf aftur á móti meira en orð. Klifun sú sem nú er framhaldið á nýju sumri sýnir ekki nógu róttæk viðbrögð. Forysta kirkjunnar verður að ganga lengra. Hún hefur brugðist væntingum margra í þessu máli. Þarf hún ekki þess vegna að íhuga það alvarlega að axla sín skinn og það án tafar? Með vísan til forystu kirkjunnar á ég við alla fulltrúa sem sitja á kirkjuþingi sem er æðsta stofnun þjóðkirkjunnar, forseta kirkjuþings, biskup Íslands, kirkjuráð – alla yfirstjórnina.

Forysta kirkjunnar getur nú sýnt auðmýkt með djarfmannlegu verki sem felst í því að stíga til hliðar og viðurkenna að henni hafi mistekist að stýra skipinu heilu út úr brotsjónum. Sáttargjörð verður ekki í reynd fyrr en hrein iðrun hefur átt sér stað. Ég er þess fullviss að þjóðkirkja sem þekkir sinn vitjunartíma og er trú grundvelli sínum og fagnaðarerindinu muni lifa með þjóðinni og njóta trausts hennar um ókomin ár. En þjóðin þolir illa hálfkák í alvarlegu máli sem þessu.

Fyrirsögn þessa greinarstúfs er tekin úr pistli Páls postula til Korintumanna en þar vísar hann til Krists, höfuðs kirkjunnar, og segir í orðastað hans:

„Á hagkvæmri tíð bænheyrði ég þig, og á hjálpræðisdegi hjálpaði ég þér. Nú er hagkvæm tíð, nú er hjálpræðisdagur.“

Þessum orðum vil ég nú beina til forystu kirkjunnar og hvetja hana til að sýna hugrekki og auðmýkt með rökréttri ákvörðun og með hag heildarinnar í huga.

Nú er hagkvæm tíð, nú er hjálpræðisdagur.

# Stjórnarskrá Íslands og landvarnir



Landvarnir
Birgir Loftsson
sagnfræðingur

Umræðan um herþjónustu Íslendinga erlendis hefur verið áberandi undanfarið en minna hefur farið fyrir mun mikilvægari umræðu, en hún varðar þjóðaröryggi Íslands sem vegið er að með tillögum stjórnlagaráðs.

Ég hef sérhæft mig í rannsóknum á hernaðarsögu Evrópu og Ísland er þar meðtalið. Það vakti mikla athygli mína að stjórnlagaráð hefur gert að tillögu sinni að banna herkvaðningu. Þetta tel ég vera mikið óráð.

Í besta falli er þetta kjánaskapur en í versta falli varðar þetta þjóðaröryggi Íslands. Ég ætla að tína til nokkur rök fyrir því að það eigi ekki að banna þetta sérstaklega að óathuguðu máli. Í fyrsta lagi á stjórnarskrá helst ekki að innihalda bannákvæði, heldur að vera grunnlög sem leiða veginn fyrir aðra lagasetningu. Í öðru lagi hefur stjórnlagaráð ekki tekið tillit til sögulegrar þróunar á Íslandi á 20. öld, þar sem landið hefur lent í þjóðbraut átaka og samgangna ríkja Evrópu og BNA.

Í þriðja lagi erum við í NATO og höfum tekið á okkur ábyrgð vegna eigin öryggis. Eða telur stjórnlagaráðið að Ísland eigi að hverfa aftur til tíma hlutleysis og treysta á guð og lukku?

Ég myndi telja að best væri að stjórnlagaráðið myndi ráðfæra sig við öryggisnefnd sem utanríkisráðuneytið setti á fót á sínum tíma og átti að meta hættur framtíðarinnar sem kynnu að steðja að Íslandi. M.ö.o. að það talaði við sérfræðinga á þessu sviði en byggði mat sitt ekki á eigin hyggjuviti.

Svo vil ég minna á að það voru til ákvæði í stjórnarskránni um vopnkvaðningu manna á ófriðartímum en það er eftirfarandi: Í lagasafninu, sem gefið var út 1990, er ákvæðið enn inni í 75. gr. stjórnarskrárinnar: „Sérhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins, eftir því sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt með lögum.“ Í lagasafninu sem gefið var út 2003 er ákvæðið hins vegar ekki að finna. Breytingar voru gerðar á stjórnarskránni með lögum nr. 97/1995.

Voru þetta mistök að taka þetta ákvæði út? Að hafa engan öryggisventil ef aðstæður skyldu breytast? Veit einhver hvernig ástandið verður eftir eitt ár? Tíu ár? Það sá enginn t.d. fyrir efnahagshrunið og gott hefði verið ef einhver ákvæði hefðu verið í stjórnarskránni sem kvæðu betur á um ábyrgð allra þessara aðila sem tengdust hruninu. En skammsýnin réði ferðinni hér eins og í mörgum öðrum málum.

Ég skrifaði einum stjórnlagaráðsfulltrúa bréf og fékk þetta svar: „Við lítum svo á, að þessi tillaga okkar um, að herskyldu megi aldrei í lög leiða, ógni að engu leyti utanríkishagsmunum Íslands, enda verður eftir sem áður heimilt að stofna her, ef þörf krefur. Hann yrði þá að vera sjálfboðaher eða launaður her líkt og t.d. í Bandaríkjunum og víða annars staðar.“

Ég svaraði því til að stórir almenningsherir sem komið er á fót með herkvaðningu eru að mörgu leyti úreltir m.a. vegna tækniframfara og í ljósi reynslunnar (t.d. Víetnamstríðsins og Afganistanstríðs Sovétmanna) að menn, sem eru neyddir til herþjónustu, hafa reynst vera lélegur efniviður í her. Í öllum herjum í dag er lögð áhersla á sjálfboðaliða og að hafa litla atvinnumannaheri með mikla tæknigetu til að heyja nútímastríð. Því er þetta ákvæði á skjön við raunveruleikann í dag.

Segjum svo, að ríkisstjórn komist til valda sem er algjörlega á móti þátttöku í varnarbandalagi og segði okkur úr NATO. Hún verður þá, ef hún vill halda trúverðugleika, að tryggja varnir og öryggi landsmanna á annan hátt. Það er t.d. hægt með stofnun þjóðvarðliðs, öryggissveita eða heimavarnarliðs en ekkert af þessu krefst herkvaðningar eða herskyldu og þarna er ég enn og aftur kominn að því atriði, að þetta ákvæði sem ráðið vill setja inn, er strax orðið úrelt og tímaskekkja, þótt hugsjónin sem þarna liggur að baki sé falleg.

Jákvæðar fréttir fyrir sumarið



Þú færð Fréttablaðið á 23 stöðum á Suðurlandi.

Það er engin ástæða til að missa af neinu í sumar. Fréttablaðið er aðgengilegt um land allt. Því er dreift ókeypis í lúgur og kassa á kjarnadreifingarsvæði okkar. Auk þess er það selt í lausasölu á kostnaðarverði á **120 sölustöðum um land allt**.

**Þú getur alltaf fengið Fréttablaðið beint í símann, fartölvuna eða spjaldtölvuna hvar sem er og hvenær sem er á Vísi.is eða fengið það sent með tölvupósti daglega.**

Nánar um dreifinguna má lesa á visir.is/dreifing.

Fjöldi lausasölustaða á Suðurlandi

Olís, Selfossi
Krónan, Selfossi
Bónus, Selfossi
N1 Fossnesti, Selfossi
N1 verslun Selfossi
Verslunin Árborg, Selfossi
Bjarnabúð, Brautarhóli (Reykholti)
Ferðaþjónustan Úthlíð
Þrastalundur, Grímsnesi
Minni-Borg, Grímsnesi
N1, Hveragerði
Bónus, Hveragerði
Glóðarsel, Laugarvatni
Olís, Hellu
Söluskálinn Landvegamótum
N1, Hvolsvelli
Söluskálinn Björk, Hvolsvelli
N1 Skaftárskáli, Kirkjubæjarklaustri
Skýlið, Vestmannaeyjum
Vöruval, Vestmannaeyjum
N1, Vestmannaeyjum
Olís, Vestmannaeyjum
Krónan, Vestmannaeyjum

**Það fá allir afmælisblöðru* á sölustöðum Fréttablaðsins um land allt.**
*Meðan birgðir endast

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001-2011
Allt sem þú þarft

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

NÚ ER UMRÆÐAN FJÖLBREYTTARI, SKEMMTILEGRI, FJÖRLEGRI, ÍTARLEGRI OG AÐGENGILEGRI Á VÍSI



Meiri Vísir.
vísir

Leikhópurinn Lotta verður á ferð um landið í allt sumar og sýnir
Mjallhvíti og dvergana sjö.
Fylgist með á Facebook og á www.leikhopurinnlotta.is



Suðurland og Suðurnes

| | | | |
|---|---|---|---|
| 24. júní | föstudagur | kl. 18 | Sólheimar |
| 26. júní | sunnudagur | kl. 13 | Kirkjubæjarklaustur |
| 26. júní | sunnudagur | kl. 17 | Vík |
| 27. júní | mánudagur | kl. 18 | Vestmannaeyjar |
| 30. júní | fimmtudagur | kl. 18 | Keflavík |
| 3. júlí | sunnudagur | kl. 13 | Hella |
| 3. júlí | sunnudagur | kl. 17 | Hvolsvöllur |
| 4. júlí | mánudagur | kl. 18 | Hveragerði |
| 12. júlí | þriðjudagur | kl. 18 | Sandgerði |
| 14. júlí | fimmtudagur | kl. 18 | Höfn |
| 26. júlí | þriðjudagur | kl. 18 | Grindavík |
| 31. júlí | sunnudagur | kl. 13 | Flúðir |
| 31. júlí | sunnudagur | kl. 17 | Laugarvatn |
| 4. ágúst | fimmtudagur | kl. 18 | Selfoss |

# Iðnaðarráðherra sýni vilja í verki

Rammaáætlun

Guðmundur Hörður Guðmundsson
formaður Landverndar



Iðnaðarráðherra ítrekar fyrri yfirlýsingar sínar í grein í Fréttablaðinu í gær um að hann telji óheppilegt að Orkustofnun hafi veitt leyfi fyrir sitt leyti til jarðhitarannsókna við Grændal á sama tíma og unnið er að sátt um virkjanamál á vettvangi Rammaáætlunar.

Það er ekki sterkt að orði kveðið í ljósi þess að ákvörðun Orkustofnunar gengur þvert gegn yfirlýsingu iðnaðarráðuneytisins frá því í maí á liðnu ári: „Engin stefnubreyting hefur orðið í iðnaðarráðuneytinu frá því að ráðherra lýsti yfir því í júlí 2007 að rannsóknarleyfi yrðu ekki gefin út á óröskuðum svæðum fyrr en niðurstaða Rammaáætlunar um verndun og nýtingu lægi fyrir.“ Að stofnun ráðuneytisins vinni þvert gegn stefnu ríkisstjórnarinnar og tefli sátt um virkjanamál í tvísýnu er í mínum huga annað og meira en óheppilegt.

Fram kemur í grein ráðherra að Orkustofnun telji sér skylt að veita leyfi til rannsókna út frá núgildandi lögum. Þá vaknar spurningin hvað fólst í áðurnefndri yfirlýsingu iðnaðarráðuneytisins. Gekk ráðuneytið ekki úr skugga um að Orkustofnun gæti framfylgt skýrri stefnu ráðuneytisins um að rannsóknarleyfi yrðu ekki gefin út á óröskuðum svæðum? Og hvers vegna var lögum eða reglugerðum ekki breytt til að framfylgja mætti um metnaðarfulla stefnu í náttúruvernd ef það á að vera komið undir stefnu orkufyrirtækja hverju sinni hvort vernda eigi svæði sem hafa verndargildi á heimsmælikvarða.

Grein iðnaðarráðherra er svar við grein minni sem birtist á netmiðlinum Vísi 15. júní síðastliðinn. Í lokaorðum ráðherra segist hann deila áhuga mínum á að Rammaáætlun verði leiðarljós inn í framtíðina sem skapi heildarsýn og sátt í viðkvæmum málaflokki. Ég efast

> Að stofnun ráðuneytisins vinni þvert gegn stefnu ríkisstjórnarinnar og tefli sátt um virkjanamál í tvísýnu er í mínum huga annað og meira en óheppilegt.

stefnunni? Þessu þarf iðnaðarráðherra að svara.

Iðnaðarráðherra vísar í grein sinni til yfirlýsingar RARIK um að rannsóknarleyfi í Grændal verði ekki nýtt fyrr en Rammaáætlun liggi fyrir. Það kallar ráðherrann framlag RARIK til sáttar í málaflokknum. Það ber ekki vott um að áhugi iðnaðarráðherra sé einlægur. Þess vegna verður hann að sýna vilja í verki, til dæmis með því að framfylgja eigin yfirlýsingum og koma í veg fyrir að Orkustofnun veiti fleiri rannsóknarleyfi á óröskuðum svæðum þangað til niðurstaða Rammaáætlunar liggur fyrir.

## ÚR ERLENDUM LEIÐURUM

### Peningastreymið til pólítíkusanna

Ekki er hægt að fullyrða með vissu að þeir sem gefa háar upphæðir taki beinlínis greitt fyrir framlög sín en hins vegar er of kjánalegt að ímynda sér að milljónum sé veitt til stjórnmálaflokkanna án vissu um að flokkarnir styðji pólítíska hagsmuni gefendanna.

Ekkert er við það að athuga þegar kjósendur vita alla málavexti en það er umhugsunarvert að milljónir skuli streyma í kosningasjóði stjórnmálamannanna þegar almenningur hefur ekki möguleika á að vita hvaðan féð kemur og hverjir eru sérhagsmunir gefendanna.

http://jp.dk/opinion

Úr leiðara Jyllands Posten

KOLAPORTIÐ

Opið síðan 1989

Opið í dag
17. júní

frá kl. 11-18.



Tryggvagötu 19 | 101 Reykjavík
Sími 562 5030 | www.kolaportid.is

# Borgin og þjóðernisbylgjan

Þjóðerni

Hjálmar Sveinsson
varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar



Hrun íslenska fjármálakerfisins og íslensku krónunnar árið 2008 hefur getið af sér nýja þjóðernisbylgju á Íslandi. Við heyrum nú aftur kveðið stefið um sérstöðu Íslendinga í heiminum. Sérstaðan felst þó ekki lengur í margboðuðum yfirburðum Íslendinga í alþjóðlegum fjármálaheimi, sem forsetinn fylgdi úr hlaði með fleygum orðum. Nú er kveðið annað og mun langlífara tilbrigði við þjóðernisstefið. Það er bæði sagt og skrifað að Íslendingar megi nú þola umsátur og svikráð annarra þjóða og ásælni þeirra í auðlindir sem Íslendingar eiga. Íslendingar eru ekki lengur gerendur heldur fórnarlömb.

Fórnarlambshlutverkinu fylgir sú hugmynd að Íslendingar séu þjóð sem þurfi að heyja varnarstríð fyrir frelsi sínu og auðlindum og þá eigi allir að snúa bökum saman. Aðrar þjóðir vilja svipta okkur hvoru tveggja. Það þýðir að Íslendingar geta tæpast átt í samskiptum við aðrar þjóðir á jafnræðisgrundvelli. Allar hugmyndir um sameiginlega ábyrgð og sameiginlegar skyldur í samskiptum og viðskiptum þjóða í hnattvæddum heimi verða tortryggilegar.

Ein birtingarmynd þessarar krampakenndu heimssýnar kemur fram í hugmyndum um að Íslendingar séu í landfræðilegri og þar með pólítískri lykilaðstöðu á norðurhveli jarðar. Það má meðal annars lesa á vef samtaka sem kalla sig Heimssýn og það mátti heyra glöggt í ræðu formanns Framsóknarflokksins á þingi flokksins 8. apríl síðastliðinn. Þar var gert mikið úr því að bráðnun íshellunnar miklu á norðurheimskautinu gæti orðið til þess að Ísland yrði í krossgötum heimsviðskiptanna, beinlínis miðpunktur þeirra. En það var engu orðið vikið að því að bráðnunin kynni að stafa af mannavöldum og að hún gæti haft alvarleg áhrif á lífríkið á norðurhveli, auk þess hún ógnaði mannabyggð á eyjum suður í höfum.

Í sömu ræðu var því einnig haldið fram að Íslendingar myndu í framtíðinni hafa að bjóða allt það sem mannkynið þarfnaðist mest: Vatn, landbúnaðarvörur og umhverfisvæna orku. Ekki var annað að skilja á ræðunni en að framtíðin liti þannig út að Íslendingar verði í framtíðinni lítið háðir öðrum þjóðum um mikilvægustu nauðsynjar en að heimurinn verði mjög háður Íslandi.

Að mínu mati er þetta vondur málflutningur. Fáar þjóðir eru jafnháðar öðrum þjóðum og Íslendingar og þannig held ég að það verði um ókomna framtíð. Það sem meira er, ég held ekki að það séu ill örlög. Þvert á móti, einmitt í því felast tækifæri. Í sambýlinu með öðrum.

Kannski er kominn tími til að hætta nota íslensku þjóðina og íslenska þjóðríkið sem mælikvarða alls. Ég held það sé lítil hjálp í þessum hugtökum í heiminum í dag. Raunar er þjóðríkið tiltölulega ný uppfinning, það verður varla til fyrr en í pólítískri frelsisbaráttu borgarastéttarinnar á fyrri hluta 19. aldar. Ég held að samfélög borga og bæja séu mun farsælli grundvallareining en þjóðin og þjóðríkið.

Mannfjöldaskýrslur sem Byggðadagskrá Sameinuðu þjóðanna, UN HABITAT, gefur reglulega út spá sprengingu í vexti borga næstu áratugina. Árið 1950 bjó þriðjungur mannkyns í borgum og bæjum. Árið 2008 náði borgarvæðingin því stigi að í fyrsta sinn bjó helmingur mannkyns, 3,3 milljarðar manna, í borgum og bæjum. Reiknað er með að árið 2030 muni 60% mannkyns búa í borgum, eða um fimm milljarðar. Níutíu prósent allrar mannfjölgunar á þessum tíma mun eiga sér stað í borgum.

Það þýðir að efnahagslegt og félagslegt hlutskipti mannsins ákvarðast að miklu leyti í hinu sameiginlega umhverfi borgarbúanna. Gott borgarumhverfi skapar mikil lífsgæði. Það einkennist af nálægð við annað fólk, félagslegu réttlæti, góðum skólum, góðu heilbrigðiskerfi, nægri vinnu, fallegum götum, torgum, húsum og görðum; öryggi, góðu vatni, heilnæmu lofti og nægu framboði af matvælum. Lélegt borgarumhverfi einkennist af skorti á öllu þessu.

Mikilvæg ástæða fyrir vinsældum borganna er sú að á tímum hnattvæðingar reynast þær vera hagkvæm efnahagsleg og pólitísk eining. Í grein sem birtist eftir borgarstjórann í Reykjavík, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, aldamótaárið 2000, í bókinni Ísland á nýrri öld, segir hún að hið pólitíska vald ríkisins sé að færast í tvær áttir, annars vegar yfir á hinn alþjóðlega vettvang og hins vegar á stjórnsýslustig sveita og bæjarstjórna. Um leið minnir hún á að borgríkið á sér mun lengri sögu sem viðskiptamiðstöð og pólitísk valdaeining en þjóðríkið.

> Kannski er kominn tími til að hætta nota íslensku þjóðina og íslenska þjóðríkið sem mælikvarða alls.

Það er því engin furða að mannkynið hefur verið að flytja sig úr dreifbýli í þéttbýli í stórum stíl síðustu tvær aldirnar. En afleiðingarnar eru róttækar breytingar á lifnaðarháttum, efnahagslífi, menningu og jafnvel hugsun og skynjun.

Berum saman hátíðahöld vegna þjóðhátíðardagsins 17. júní og Hinsegin daga í Reykjavík. Þjóðhátíðardagurinn er formfastur og fallegur eins og vera ber. Fyrri hluta dagsins fer fram táknræn sviðsetning þar sem forsetinn, forsætisráðherra, prestar, borgarstjórar og bæjarstjórar koma fram og tala um lýðveldið og um íslenska þjóð, eins og hún sé eitthvað eitt; einn líkami, ein sál. Fjallkonan stígur á svið og flytur ljóð. En hvað á fjallkonan að tákna og um hvað er hún að tala? Það vefst fyrir mörgum. Seinni hluti dagsins tilheyrir íslenskri alþýðu með fánum, pylsum, hoppukastölum, hauskúpusleikjó og balli. Þeir tæplega 20.000 útlendingar sem búa í landinu sjást varla. Þetta er ekki dagurinn þeirra.

Hinsegin dagar eru ólíkt litríkari og miklu fjölmennari hátíð. Talið er að áttatíu þúsund manns hafi verið á Hinsegin dögum í Reykjavík 2010. Áttatíu þúsund manns fylgdust með leðurbúnum lesbíum á mótorhjólum í fararbroddi gleðigöngunnar miklu niður Laugaveg. Á eftir þeim marseraði fylking karla og kvenna með blaktandi regnbogafána á háum stöngum. Fjölmenn ungliðadeild fylgdi á eftir og svo enn þá fjölmennari ástvina- og fjölskyldudeild. Plötusnúðar spiluðu taktfasta teknótónlist. Stemningin var frábær og allir vissu upp á hár út á hvað þetta gekk. Það var verið að fagna því að tilheyra fjölbreytilegu, frjálslyndu, umburðarlyndu, litríku samfélagi í borginni Reykjavík.

Það segir sína sögu að fjöldi útlendinga kom til landsins til að fylgjast með og taka þátt í göngunni. Þjóðerni skiptir þar engu máli og ekki þjóðríkið heldur. Þjóðernið er útilokandi en borgin er síkvikt samfélag.



**Stiklur eftir stúlkur** er yfirskrift sýningar á fimm myndum úr smiðju íslenskra kvenna í Bíói Paradís hinn 19. júní klukkan 20. Þar eru á ferðinni fjórar spennandi og ögrandi stuttmyndir og heimildarmynd og eru allar nýjar af nálinni.




**Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473



# Grrrrrillandi gott!

Grillhúsið



**Grilluð nautalund** kr. 3.590

Lungamjúk 200 g nautalund borin fram með rótargrænmetisturni, salati og piparsósu.

Grilled beef tenderloin served with vegetable tower, salad and pepper sauce.



**Grillað lamba rib-eye** kr. 2.790

Ekta útileguréttur! Safarík lamba rib-eye steik borin fram með paprikutríói, kartöflusalati og tzatziki sósu.

Grilled rib-eye of Icelandic lamb served with pepper trio, potato salad and tzatziki dressing.



**Grískur lambakjötsborgari** kr. 1.490

Einstaklega safaríkur lambakjötsborgari með fersku salati, tómötum, rauðlauki og grískri tzatziki sósu í ciabatta brauði. Borinn fram með frönskum kartöflum.

Lamb meat burger Greek style with mixed salad, tomatoes, red onion and tzatziki sauce in a ciabatta bread. Served with french fries.



**Sumarsalat** kr. 1.450

Brakandi ferskt blandað salat með ferskum jarðarberjum, kiwi, cantalópu- melónu og bragðmikilli salatdressingu.

Fresh salad mixed with strawberries, kiwi and cantaloupe melon and tasty salad dressing.

Grillhúsið Tryggvagötu og Sprengisandi, sími: 5275000, www.grillhusid.is




FRÉTTABLAÐIÐ/HARALDUR

# Halda afmæli Nonna Sig

**Listahópurinn UngSaga við Hitt húsið býður til afmælis Nonna Sig við Alþingishúsið í dag. Að sögn Andreu Bjarkar Andrésdóttur getur fólk fræðst um Jón Sigurðsson meðan borðaðar eru kökur og kruðerí.**

Við elduðum saltfisk," segir Andrea Björk Andrésdóttir, annar meðlima UngSögu, eins af listahópum Hins hússins. UngSaga býður upp á sögugöngur um Reykjavík í sumar. „Saltfiskur er þjóðlegur. Við vildum elda eitthvað í stíl við okkur. Saltfiskur spilar veigamikinn þátt í sögu Reykjavíkur."

Ólöf Vignisdóttir er hinn meðlimur UngSögu, en þær vinkonur bjóða til afmælis Nonna Sig við Alþingishúsið klukkan þrjú í dag. „Þetta verður eins og barnaafmæli með helíumblöðrum, kökum og kruðeríi. Hann Jón er tvö hundruð ára í dag," segir Andrea og bætir við að afmælisveislan verði blanda af gjörningi og fræðslu. „Við bjóðum fólki að spjalla við okkur um karlinn og hans helstu afrek."


FRAMHALD | 2





NÝTT Á NINGS!

Nýr og spennandi réttur sem hefur slegið í gegn vestanhafs undir nafninu Orange chicken

Brakandi ferskur kjúklingur í Panda appelsínusósu

Fersk appelsína, engifer, hvítlaukur og chilli í bland við nýsteiktan kjúkling ...himneskt!

Þú verður að smakka þennan rétt!

hálfur 1450 kr.

heill 1850 kr.

NINGS og kroppurinn blómstrar

1991 - 2011 20 ára

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • sími 588 9899 • www.nings.is



**Mikið verður um að vera í Árbæjarsafni í dag.** Þjóðbúningar verða í sérstöku aðalhlutverki og eru gestir hvattir til að mæta í eigin búningum. Þá standa yfir nýjar sýningar, önnur um heimagerð barnaföt og hin um vagnsmíði, og Fornbílaklúbbburinn sýnir glæsibifreiðar á svæðinu.


ÍSLENSK FÆÐUBÓT

BITAFISKUR

-næring fyrir líkama og sál




GÆÐAFISKUR

**Sölustaðir:**
10 -11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI MENNING

vísir


Nú fer að verða síðastur að sjá sýningu Braga Ásgeirssonar listmálara, Samræður við lífið, í Gallerí Fold við Rauðarárstíg en henni lýkur á sunnudag. Gefur þar að líta 69 listaverk, olíumálverk, teikningar og grafíkmyndir.



www.myndlist.is


Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringás ehf.



Jónsmessunótt

á Fimmvörðuhálsi




Bókun á utivist.is

ÚTIVIST





Mikið er um að vera í Listamiðstöðinni Skaftfelli á Seyðisfirði í dag, en þar hefst opnunarhátíð klukkan 16. Þá verður meðal annars Frásagnasafnið opnað og viðburðaröðin Vertíðin kynnt. MYND/SKAFTFELL

# Seyðfirðingar segja frá

**Söfnunarmiðstöð verður opnuð í Listamiðstöðinni Skaftfelli á Seyðisfirði í dag klukkan 16. Miðstöðin heldur utan um Frásagnasafn, myndbandsupptökur þar sem hver einasti Seyðfirðingur hefur orðið.**

„Frásagnasafnið er unnið í samvinnu við Þjóðfræðistofu og gengur út á að safna frásögnum allra íbúa Seyðisfjarðar á myndband og fá þannig heildarmynd af samfélaginu hér,“ útskýrir Þórunn Eymundardóttir, forstöðukona Listamiðstöðvarinnar Skaftfells á Seyðisfirði.

„Við nálgumst efnið með vinnuaðferðum myndlistar en listamaðurinn Christoph Büchel frá Sviss er listrænn stjórnandi Skaftfells árin 2011 og 2012. Við erum ekki að vinna rannsókn eða leita eftir ákveðnum upplýsingum heldur að samfélagsmyndinni, orðið er algerlega frjálst,“ segir hún jafnframt, en hver einasti Seyðfirðingur verður heimsóttur af útsendurum Söfnunarmiðstöðvarinnar til ársloka 2012. „Frásagnirnar eru ýmis konar, allt frá því að vera stuttar hugleiðingar og upp í frásagnir af ákveðnum atburðum. Markmiðið er að tala við alla, líka ómálga börn.“

Í aðalsal Skaftfells er efnið sett upp um leið og það berst og í dag verður hægt að sjá fyrstu 20 viðtölin. Þórunn segir verkefnið fara vel af stað en íbúar Seyðisfjarðar eru í kringum 600. „Flestir taka mjög vel í þetta og ég er sannfærð um að eftir því sem á líður fái fólk áhuga á að taka þátt.“

Frásagnasafnið verður kynnt á opnunarhátíð í Skaftfelli í dag klukkan 16. Þá verða einnig viðburðir ársins á listahátíðinni Á Seyði kynntir en fram undan er röð tónlistaruppákoma og gjörninga undir heitinu Vertíð. Fyrsta uppákoma Vertíðarinnar er sýning Ráðhildar Ingadóttur, Baðstofa/rythmi og verður hún opnuð klukkan 17 í dag í sýningarsalnum Angró. Ráðhildur setur upp baðstofu með prjónavélum og vinnur seyðfirsk teppi úr garnafgöngum. Gestir geta lagt sitt af mörkum í verkið og tekið lagið með listakonunni.

Sýningar í Listamiðstöðinni Skaftfelli eru opnar alla daga frá klukkan 13 til 20. Nánari upplýsingar er að finna á www.skaftfell.is.

*heida@frettabladid.is*



Fjölbreytt starfsemi fer fram í Skaftfelli allan ársins hring.



Þórunn Eymundardóttir, forstöðukona Listamiðstöðvarinnar Skaftfells, vonast til að sjá sem flesta á hátíðinni í dag. MYND/SKAFTFELL

Framhald af forsíðu



Andrea Björk Andrésdóttir og Ólöf Vignisdóttir eru í listahópnum UngSögu, en dagskrá hennar má finna á www.facebook.com/ungsaga

Andrea segir að þær Ólöf hafi talað við Guðmund Hálfdánarson, prófessor í sagnfræði, til að fræðast um Jón Sigurðsson. „Við ætlum til dæmis að reyna að svara spurningum um hvort og hvernig sjálfstæðishetja Jón Sigurðsson var meðan við borðum kökur,“ segir Andrea og er í framhaldinu innt eftir því hvernig hetja Jón hafi verið. „Hann er mjög mikilvægur en óvenjuleg sjálfstæðishetja. Hann barðist ekki og var ekki heldur píslarvottur. Flestar sjálfstæðishetjur eru annað hvort píslarvottar eða stríðshetjur.“

*martaf@frettabladid.is*

## SÖGULEGUR SALTFISKUR

að hætti Ungsögu **FYRIR 2**

2 vænir bitar af saltfiski

*Setjið bitana í eldfast mót og bakið við 180 gráður í tíu mínútur, eða þangað til fiskurinn er orðinn hvítur.*

**Kartöfluréttur**
8 rauðar kartöflur
½ sæt kartafla
½ laukur
salt
pipar
tímían

*Skerið kartöflurnar í litla bita og laukinn frekar gróft. Setjið í eldfast mót. Hellið má matarolíu yfir. Kryddið með salti, pipar og tímíani og blandið vel saman. Setjið álpappír yfir mótið og bakið við 180 gráður í sextíu mínútur.*



**Brauðbollur**
½ kg hveiti
300 ml volgt vatn
15 g þurrger
1 msk. matarolía
1 tsk. sykur
1 tsk. salt
200 g 5-korna blanda

*Setjið hveiti, salt, sykur og 5-korna blönduna í skál. Leysið gerið upp með volgu vatni og bætið við þurrefnin. Bætið matarolíunni við. Hnoðið í hrærivél í fimm mínútur. Látið hefast í tuttugu mínútur við stofuhita. Bakið við 180 gráður þangað til bollurnar verða gullinbrúnar.*



# föstud

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 17. júní 2011

## MARGRÉT Bjarnadóttir

### Lærði að slæpast um tvítugt

- Rán Flygenring í dómarasæti
- Á rúmstokknum
- Tískan


1 TB UNITED MARGMIÐLUNARSPILARI

TILBOÐ

Kr. 19.950

1 TB WD

UNITED
3.5" HDD Multimedia Player
HDMI

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

United HD MMP 9530
- 720P/1080i HD 3.5" spilari
- 1TB WD Greenpower diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink ofl.

720/1080i
HDMI
WD

# núna

✻ Hæ hó og jibbí jei



**HÖNNUNARMARKAÐUR** Pop-up markaðnum vinsæla mun skjóta upp á Grettisgötu 3 bæði í dag og á morgun. Að venju mun fjöldi íslenskra hönnuða taka þátt í markaðnum en í þetta sinn verða ekki sömu hönnuðirnir báða dagana. Gamanið hefst klukkan 12 í dag.

## blogg vikunnar



**Strákurinn Bryan**

Bryanboy er höfundarnafn bloggarans Bryan Grey-Yambao. Bryan er fæddur á Filippseyjum og hóf að blogga aðeins sautján ára gamall. Tískublogg hans er í dag á meðal þeirra vinsælustu og daglega heimsækja um fimm þúsund manns síðuna. The New York Post setti Bryan í hóp níu vinsælustu netstjarna heims og News.com kallaði hann eina skærustu stjörnu tískuheimsins í dag. Skrif Bryans eru skemmtileg og fyndin og gefa góða innsýn í líf hans. Bloggið má finna á slóðinni www.bryanboy.com.



**Slúður frá Hollywood**

Bloggsíðan www.dlisted.com er með skemmtilegri slúðursíðum í dag. Michael K heitir maðurinn sem stendur á bak við skrifin og er sá stórkostlega fyndinn. Þeir sem eru viðkvæmir fyrir blótsyrðum ættu þó að sleppa því að lesa færslur hans því Michael K er óspar á slíkt.

Rán Flygenring, grafískur hönnuður, dæmir í evrópskri auglýsingakeppni:

# NÝTUR SÓLARINNAR OG RÆÐIR HÖNNUN

Rán Flygenring, grafískur hönnuður, mun dæma í einum flokki auglýsingaverðlaunanna ADC*E Awards sem fram fara í Barcelona hinn 7. júlí. Þetta er í annað sinn sem Rán dæmir í keppninni, en hún var einnig í dómarasætinu í fyrra.

Mikill fjöldi auglýsinga frá tuttugu og fimm Evrópulöndum mun keppa í ólíkum flokkum og dæmir Rán í einum þeirra. „Þetta er Evrópukeppnin í grafískri hönnun og er haldin af Art Directors Club of Europe. Það er keppt í ólíkum flokkum en ég mun dæma í flokki sem ætlaður er verkefnum sem passa ekki í hefðbundnu flokkana," útskýrir Rán og á þar við verkefni á borð við auglýsingaherferðir og markpóst.

Aðspurð segist hún hlakka mikið til ferðarinnar enda hafi hún mjög gaman af því að spá og spekúlera í hönnun. „Mér finnst voða gaman að fá að komast út í sólina og líka gaman að kynnast nýju fólki með sömu áhugamál og ég og ræða við það um hönnun."

Rán er sjálfstætt starfandi grafískur hönnuður og í sumar vinnur hún sem hirðteiknari Reykjavíkurborgar. „Ég er einn af Listhópum Hins hússins og í sumar ætla ég að fylgjast með og teikna mannlífið í borginni, byggingarnar, umhverfið og allt mögulegt annað. Teikningarnar verða svo til sýnis á netinu," segir Rán glaðlega.

Áhugasamir geta nálgast teikningarnar á vefsíðunni www.hirdteiknari.tumblr.com.

- sm



**Í dómarasætinu** Rán Flygenring, grafískur hönnuður, mun dæma í evrópskri auglýsingakeppni sem fram fer í Barcelona í byrjun júlí. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


SALON REYKJAVÍK

GLEÐILEGAN ÞJÓÐHÁTÍÐARDAG



SALON REYKJAVÍK BÝÐUR UPP Á NÝJA NATURA KERATIN SLÉTTUNARMEÐFERÐ SEM GEFUR MJÚKT, LÉTT, HEILBRIGT, FALLEGT OG GLANSANDI HÁR.



VERIÐ VELKOMIN Á SALON REYKJAVÍK, GRANDAGARÐI 5, 101 REYKJAVÍK, SÍMI: 56 85 305


Föstudagur mælir með:

# Utangarðsbörnin




Utangarðsbörn er fyrsta skáldsaga sænska rithöfundarins Kristinu Ohlsson og fjallar um leit rannsóknarteymis innan sænsku lögreglunnar að hræðilegum barnamorðingja.

Lögreglan er sannfærð um að faðir brottnuminnar stúlku sé valdur að hvarfi hennar en rannsóknarlögreglukonan Fredrika Bergmann er ekki jafnviss. Í ljós kemur að annað býr að baki hvarfsins en forræðisdeila og fleiri börn hverfa. Upphefst þá kapphlaup lögreglunnar við tímann því morðingjann verður að stöðva.

Söguþráður verksins er grípandi og frásögnin lipur og útkoman er stórgóð spennusaga sem heldur lesandanum föngnum frá upphafi til enda. Bókin er heldur fljótlesin og því kjörinn ferðafélagi í helgarferðina í bústaðinn í sumar.

- sm

## augnablikið



**FÖGUR LEIKKONAN** Diane Kruger og unnusti hennar, leikarinn Joshua Jackson, voru falleg og fín er þau sóttu góðgerðakvöld í Louvre-safninu í París. NORDICPHOTOS/GETTY

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon **Forsíðumynd** Stefán Karlsson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@365.is og Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



the PIER
FOR YOUR HOME
NÝTT KORTATÍMABIL
20% AFSL.
SÓFI VERÐ ÁÐUR: 29.900.-
NÚ: 23.920.-
STÓLL VERÐ ÁÐUR: 19.900.-
NÚ: 15.920.-
LUKTIR
FRÁ:1290.-
STELL
FRÁ:890.-
DISKUR
690.-
GLÖS 390.-
BORÐ VERÐ ÁÐUR: 17.900.-
NÚ: 14.320.-
BLÓM
FRÁ: 890.-
TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN ÍSLENDINGAR
GLÆSILEG HELGARTILBOÐ OPIÐ Á KORPUTORGI FRÁ 12-18, LOKAÐ Á SMÁRATORGI OG GLERÁRTORGI
30% AFSL.
KANNA OG GLÖS 1490.-
BORÐ NÚ: 13.930.-
VERÐ ÁÐUR: 19.900
TILBOÐ Á STÓLSESSUM 30% AFSL.
VERÐ FRÁ: 693.-
20% AFSL.
STÓLL VERÐ ÁÐUR: 9990.-
NÚ: 6993.-
SÓLHLÍF
1390.-
BORÐ VERÐ ÁÐUR: 24.900.-
NÚ: 13.930.-
STÓLL VERÐ ÁÐUR: 13.900.-
NÚ: 11.120.-
TILBOÐ
SERÍA
2990.-
LUKT VAR: 1490 NÚ: 790.-
MELAMÍNSTELL
FRÁ: 290.-
20% AFSL.
MÓSAÍKBORÐ
VERÐ ÁÐUR: 15.990.-
NÚ: 12.792.-
STÓLL VERÐ ÁÐUR: 9990.-
NÚ: 7992.-
the PIER
KÍKTU Á OKKUR Á FACEBOOK
SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

# MAÐURINN HEFUR ÞÖRF FYRIR DANSINN

**Margrét Bjarnadóttir danshöfundur var tilnefnd til Grímuverðlaunanna fyrir dans- og leikverkið Verði þér að góðu. Henni líður best þegar hún vinnur við það sem hún hefur brennandi áhuga á og veit ekki á hvaða mið lífið mun leiða hana í framtíðinni.**

*Viðtal:* Sara McMahon
*Ljósmynd:* Stefán Karlsson

Margrét Bjarnadóttir er félagi í leikhópnum Ég og vinir mínir sem setti upp verkið Verði þér að góðu í Kassanum í Þjóðleikhúsinu í vor. Hópurinn er sá sami og stóð fyrir hinni vinsælu sýningar Húmanímal árið 2009 og hlaut þrenn Grímuverðlaun. Í ár gætu Ég og vinir mínir hreppt jafnmörg verðlaun því verkið var tilnefnt í þremur flokkum, þar af í flokki Leikskálda ársins og Danshöfunda ársins, en þegar þetta er ritað liggja niðurstöður kvöldsins ekki fyrir.

Leikhópurinn ber nafn með rentu því í honum eru æskuvinir, kærustupör og frændsystkini og segir Margrét bullandi klíkuskap ríkja innan hans. Að hennar sögn eru bæði kostir og gallar sem fylgja því að vinna svo náið með vinum og vandamönnum. „Maður er aðeins lausari við svona kurteisishjal og við eigum kannski auðveldara með að vera hreinskilin við hvert annað, sem er gott, en við getum líka rifist hressilega, sem getur verið leiðinlegt. Við reynum þó að tala um vandamálin, stundum tekur það tíma og stundum ekki, en það er í það minnsta mjög góð stemning innan hópsins núna og enginn hlaut skaða af,“ segir hún og bætir við: „Þetta er mikil hópvinna. Við helltum okkur öll samtímis út í hugmyndavinnuna og svo þróast hugmyndir og stökkbreytast. Átökin eru kannski mest þá, þegar við erum að móta stefnuna. Það er hægt að fara óteljandi leiðir og það að velja eina er ekki alltaf auðvelt í svona lýðræði. Það er líka auðvelt að missa yfirsýn þegar níu manns fara á kaf í vinnu saman. Þegar ég horfði á Eldhúsdagsumræður á Alþingi um daginn fannst mér ég skilja ástandið betur eftir þetta lýðræðislega samstarf sem ég var nýskriðin úr. Þar virðast einmitt margir vera búnir að missa yfirsýn og spóla bara í einhverju karpi. Þá er samskiptamynstrið komið í vítahring. Þetta tefur svo fyrir og hlýtur að vera heilsuspillandi til lengdar. Mér finnst að það ætti að vera teymi af sálfræðingum, nuddurum og heilurum í vinnu á Alþingi. Ég held að þetta gæti stórlega bætt vinnuumhverfið, aukið afköst og skilað sér margfalt til þjóðarinnar. Því meira sem ég hugsa um þetta því betri finnst mér hugmyndin. Ég er ekki frá því að þetta sé besta hugmynd sem ég hef fengið í hálft ár!“




## LÆRÐI AÐ SLÆPAST UM TVÍTUGT

Margrét ólst upp í Vesturbænum og gekk bæði í Melaskóla og Hagaskóla. Hún stundaði ballett af miklum móð á sínum yngri árum og segir það hafa verið tímafrekt áhugamál. „Ég æfði ballett í fjóra tíma á dag, sex daga vikunnar. Ég var því lítið í því að fara heim til vina minna eftir skóla að hanga og hlusta á tónlist og á þann hátt voru unglingsár mín kannski ekki „eðlileg“,“ segir Margrét. „Ég var að minnsta kosti ekkert sérstaklega „streetwise“ þegar ég kom í menntaskóla.“

Nítján ára gömul ákvað hún að hætta í dansi og að stúdentsprófum loknum eyddi hún þremur mánuðum í Kaupmannahöfn þar sem hún stundaði kaffidrykkju og dagbókarskrif. Eftir viðkomu í íslenskunámi í Háskóla Íslands réði hún sig til starfa sem barnapía og ferðaðist um heiminn með fjölskyldunni. „Það var mjög nauðsynlegt fyrir mig að taka mér frí frá dansinum í þennan tíma. Ég þurfti smá fjarlægð á allt og að kynnast sjálfri mér í öðru samhengi, kynnast öðrum listgreinum og læra að slæpast. Dvölin í Kaupmannahöfn var eiginlega æfingabúðir í því að slæpast, það tók tíma að læra það eftir öll þessi ár af stífum æfingum, ég kunni ekkert á þetta og var andvaka í þrjá mánuði,“ rifjar hún upp.

Eftir fjögurra ára hlé ákvað Margrét að sækja um í ArtEZ-listaháskólann í Arnhem í Hollandi. „Þar var spennandi dans-


**Lærði að slæpast** Margrét Bjarnadóttir danshöfundur er tilnefnd til Grímuverðlaunanna fyrir ver
nítján ára gömul er hún bjó sumarlangt í Kaupmannahöfn.

höfundadeild og þar fékk ég frelsi til að nálgast dansinn frá öðru sjónarhorni en ég hafði gert áður. Ég var komin með mikinn áhuga á myndlist og skrifum og tók þann áhuga meðvitað með mér inn í dansskköpunina og það varð einhvern veginn til að minni leið til að gera dans,“ útskýrir hún.

## LISTAMENN ERU VINNUALKAR

Margrét hlaut styrk frá þýska ríkinu í fyrra til að dvelja í átta mánuði í Hamborg og einbeita sér að dansinum. Þar fékk hún vinnuaðstöðu til að vinna að nýju verki og komst í leiðinni upp á lagið með að sinna dansinum líkt og reglulegri vinnu. „Á Íslandi var mér farið að líða svolítið eins og dansinn væri bara áhugamál sem ég sinnti endrum og sinnum. Í Þýskalandi er hins vegar rík danshefð og mjög mikill stuðningur við listgreinina, svo mikill meira að segja að þeir sjá hag sinn í því að flytja inn danslistamann frá Íslandi. Eftir að ég kom heim varð ég hálf viðþolslaus yfir að hafa ekki áfram samastað til að vinna. Ég fékk mér því loksins vinnustofu og þar er ég núna með allar bækurnar mínar og dótið mitt og get unnið í einrúmi,“ segir hún.

Innt eftir því hvort hægt sé að tala um venjulegan vinnudag í lífi danshöfundar segir Margrét það velta á verkefnum. „Á meðan við æfðum og sýndum í Þjóðleikhúsinu voru vinnudagarnir í föstum skorðum en þess á milli verður maður að beita sjálfan sig miklum aga, aðallega til að skilja að vinnu og einkalíf. Mörkin á milli þess hvenær ég er í vinnunni og hvenær ekki eru oft mjög óljós. Mér finnst ég einhvern veginn vinna við að vera vakandi fyrir umhverfinu og er því eiginlega alltaf í vinnunni,“ segir hún brosandi og bætir við. „Mér finnst listamenn upp til hópa vera vinnualkar. Það býr kraftur í listamönnum, þeir eru auðlind sem ætti að nýta miklu betur.“

## FRAMTÍÐIN ÓRÁÐIN

Margrét segist hafa gaman af því að fara út að dansa um helgar en ekki síður að fylgjast með



rkið Verði þér að góðu. Hún lærði að slæpast

öðrum á dansgólfinu. „Mér finnst skemmtilegast þegar ég hef nóg pláss og get sleppt mér aðeins, ég fæ ekki nógu mikið út úr því að vera í þrengslum að dansa hlið-ar saman hliðar," segir hún og hlær. „En mér finnst gaman að horfa á annað fólk dansa, það er eins og að horfa á hóp af dans-andi dýrum. Ég sit samt ekkert úti í horni og dæmi mismunandi dansstíl fólks, mér finnst bara gaman að fylgjast með mann-lífinu. Maðurinn hefur svo greini-lega þörf fyrir að dansa."

Margrét útilokar ekki að hún muni leiðast út á nýjar og fram-andi brautir í framtíðinni. „Mér líður best þegar ég er að vinna við það sem ég hef brennandi áhuga á. Það hlýtur að leiða mann áfram og kannski á ný mið. Ég er ein-mitt að lesa ævisögu Vigdísar Finnbogadóttur núna og það er góð áminning að átta sig á því hvað hún átti marga starfsferla að baki áður en hún varð forseti Íslands. Ekki það að ég ætli mér að verða forseti en ég held að fólk eigi ekki endilega bara „að verða" eitthvað eitt í lífinu."

## * myndaalbúmið



Hér er ég líklega tveggja ára og uggandi yfir stemningunni á Alþingi.



Við Gísli Galdur, frændi minn og nú-verandi samstarfsmaður í leikhópn-um „Ég og vinir mínir".



„Ég og vinir mínir" í fyrstu vinnuferð-inni okkar, á Patreksfirði sumarið 2008. Skemmtilegt fólk. Á myndina vantar tvo meðlimi hópsins, Frikka og Svenna.



Úr verkinu mínu „On Misunder-standing" sem var frumsýnt í Hamborg í nóvember í fyrra.





## Maternity er ný lína frá Oroblu

sem var að koma á markað og eru meðgöngusokkabuxur sem styðja vel við maga, bak og fætur á meðgöngunni. Eru einstaklega þægilegar og veita góðan stuðning, sérstaklega þegar líða tekur á meðgönguna. Eru til í 40 denum í svörtum og nude litum eru því mjög fallegar með pilsum og kjólum, en henta einnig mjög vel undir buxur, leggings og litaðar sokkabuxur. Gerir ófrískum konum því mögulegt að klæðast hverju sem er og vera enn glæsilegri á meðgöngunni, ásamt því að auka vellíðan.

## Á RÚMSTOKKNUM

*Sigga Dögg kynfræðingur*

# Berir bossar í náttúrunni

Í dag er þjóðhátíðardagurinn okkar. Í tilefni þess velti ég fyrir mér hvað það er sem einkennir kynhegðun okkar hér á Íslandi og hvort við séum í raun svo frábrugðin öðrum þjóðum. Við teljum okkur einkar frjálslynd þegar kemur að kynlífi og vísum þá helst til þess að við eigum met í fjölda rekkjunauta og byrjum ung að stunda kynlíf. Svo má auðvitað ekki gleyma netvæðingu heimilanna og klámáhorfi. Þetta er samt ekki það sem ég held að einkenni okkur og sameini í kynhegðun. Því meira sem ég velti því fyrir mér kom náttúran og vatnið sterkara inn. Sér í lagi með hækkandi sól og hitastigi.

Ég þekki varla þann Íslending sem ekki hefur sprangað berrassaður ofan í næstu náttúrulaug og ef þannig ber undir, látið vel að næsta manni. Það er svona næstum eins og það sé hin eiginlega þjóðareign okkar, það að kela frjáls í náttúrunni í heitum polli sem á sig sjálfur. Með þessu tengjumst við bæði náttúrunni og svo er alltaf möguleikinn á að einhver sjái mann, sem eykur spennuna. Þessu má stæra sig af seinna meir við vinahópinn eða hlæja að í einrúmi. Einn vinsælasti heiti pollurinn til að stunda kynlíf í hlýtur að vera Bláa lónið. Það hefur oft verið vinsæll staður til að heimsækja á þriðja eða fjórða stefnumóti og ég er ekki frá því að fólk fái visst blik í augun þegar það keyrir suður með sjó. Þar getur viðkomandi gengið að því vísu að áhorfendur verði allt um kring en í skjóli gruggugs vatns má pota og nudda og jafnvel rugga sér. Þó ber að fara varlega því allt um kring eru starfsmenn sem vakta grunsamlega takfastar hreyfingar baðgesta og koma hið snarasta ef þeim líst ekki á blikuna. Frjálslyndi okkar til að láta vel að hvoru öðru á almannafæri gæti móðgað ferðamenn sem vilja ekki baða sig í sæði og safa frá öðrum. Heimsborgurum þykir þetta víst ósmekklegt og merki um hversu stutt er síðan við skriðum úr moldarkofunum og höfum því ekki enn lært að hemja okkur. Persónulega hef ég gaman af þessu frjálslyndi okkar og spái jafnvel í það hvort við ættum að gera meira úr því. Þá mættu til dæmis vera sérstakir nektardagar í Bláa lóninu þar sem vatnið veitir sjálfkrafa skjól fyrir þá allra viðkvæmustu. Ég held að það yrði mjög vel sóttur viðburður af heimamönnum sem og öðrum. Auglýsingastofur og opinberir starfsmenn landins virðast sammála því að það sé þjóðarréttur okkar að spranga um allsber í náttúrunni og stökkva svo ofan í næsta poll og slá upp innilegu teiti. Það er eitt af okkar aðalsmerkjum, rétt eins og við sýndum heiminum í Inspired by Iceland myndbandinu. Því óska ég landsmönnum gleðilegs sumars og ég hlakka til að fagna sumrinu og náttúrunni með ykkur, með og án fata!



*Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni.*
*Netfangið er kynlif@frettabladid.is*

Stiklur eftir stúlkur í Bíói Paradís:

# Bíó eftir konur

Samtök kvenna í sjónvarpi og kvikmyndum, WIFT, standa fyrir kvikmyndasýningu í Bíói Paradís á kvenréttindadaginn. Sýningin ber yfirskriftina Stiklur eftir stúlkur og sýndar verða fjórar stuttmyndir og ein heimildarmynd.

„Okkur langaði bæði að fagna kvenréttindadeginum og gera okkur svolítið sýnilegri," segir Dögg Mósesdóttir, nýkjörinn formaður WIFT. Sýningar hefjast klukkan 20. **- sm**



**Eftir stúlkur** Kvikmyndasýningin Stiklur eftir stúlkur fer fram í Bíói Paradís á sunnudag. Dögg Mósesdóttir er nýkjörinn formaður WIFT. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Snjóhvít** Falleg skyrta með skemmtilegum kraga og hólkvíðar síðbuxur.



**Blómleg** Regnkápa í pastellitum kemur skemmtilega vel út.



**Tætt og skorið** Rifinn gallajakki og klassískur síðkjóll, stórskemmtileg blanda frá Acne.

ACNE FRUMSÝNIR NÝJA LÍNU Í NEW YORK:

# FRUMLEIKI OG HREIN KLASSÍK

Sænska tískumerkið Acne hefur sent frá sér nýja millilínu, eða resort-línu, fyrir árið 2012. Listrænn stjórnandi merkisins, Johnny Johansson, lýsir línunni sem blöndu af nútímanum og fimmta áratugnum.

Línan var frumsýnd í New York og er þetta í fyrsta sinn sem sænska merkið frumsýnir þar. Acne virðist lunkið að feta sig á línunni milli þess framsækna og þess hefðbundna því þrátt fyrir að óhefðbundin snið eru flíkurnar mjög klæðilegar. Millilínan samanstendur af pastellitum og appelsínugulum og svörtum litum ásamt gallaefni og minnir svolítið á tísku fimmta áratugarins; sniðin á sumum kjólunum er a-línulaga og eins eru sniðin á yfirhöfnunum í klassískum stíl. **- sm**



**Hreinar línur** Appelsínuguli liturinn var áberandi hjá Acne.



**Einstök** Hönnun Acne þykir skemmtileg og öðruvísi.


Pantaðu þér
hand og fótsnyrtingu
og fáðu litun og plokkun
FRÍTT MEÐ
Verð: 12.900 kr.
Victoria Salon & Spa Laugavegi 178 Sími: 611-5500
VICTORIA SALON & SPA


Belle d'Opium minnir á Austurlönd fjær:

# Pipar og liljur í flösku

**Ilmurinn Belle d`Opium frá Yves Saint Laurent minnir á Austurlönd fjær og inniheldur meðal annars liljur og pipar. Ilmurinn er þungur og seiðandi og endist vel, hann hentar þó ekki öllum en aðdáendur Opium frá YSL munu án efa falla fyrir þessu ilmvatni.**




**Þungur ilmur** Ilmurinn minnir á Austurlönd fjær.

OPIÐ Í DAG … … OG ALLA HELGINA

ÚT Á GRANDA

# VEIÐIPORTIÐ

Grandagarði 3, 101 Reykjavík, Sími 552 9940 | Opið mán.–fös. kl. 9–18. Laugard. kl. 9–16 | Opið á sunnudögum í júní, júlí og ágúst.

## Jaxon slöngubátur



Frábærir upplásnir bátar með hörðum botni sem pakkast í tösku og smella í skottið á fjölskyldu bílnum ekkert kerru vesen ekkert vesen með að geyma yfir vetur. Pumpa og árar fylgja.

**3 STÆRÐIR**

290cm **259.000 kr.**
320 cm **279.000 kr.**
360 cm **299.000 kr.**

CE vottaðir bátar og samþykktir af siglingastofnun. Léttir bátar sem þola allt að 20 hestafla mótor.

**Frír Rafmagnsmótor fylgir sem er rúmt hestafl að vermæti 44.950 kr. Takmarkað magn**




## Sjóstangveiðisett



Gott 4 legu hjól með raðara, teljara og línu
200 - 400 gr.stöng + uppsettur slóði með pilk.
**Verð 22.740 kr.**
**Tilboð 15.900 kr.**

## Flökunarhnífur

**Aðeins 1.990 kr.**





## FLOTT FLUGU BYRJENDASETT

- Lína 6 eða 7
- Jaxon 9 feta söng
- Jaxon large arbore diskabremsuhjól
- Jóakims flotlína
- Undirlína
- Polaroid gleraugu
- Derhúfa
- Taumur og 10 flugur í poka.

**Fullt verð 29.275**
**TILBOÐ 19.900 kr.**

## Klofstígvél úr Pvc



**6.950 kr.**

## Barnaveiðisett



stöng, lína, hjól, 2 flot, önglar, sigurnaglar, 1 spúnn og 10 silungaflugur.
**4.990 kr.**

**Veiðivesti (börn) 3.990 kr.**
**Veðihúfa 1.990 kr.**



## Pvc Vöðlur

Sterkar vöðlur með góðum sóla stærðir frá 44 - 47

**6.900 kr.**

minni stærðir væntanlegar.

## Tilboð á Pilkum



**Kauptu 2 pilka en fáðu 3**
**Pilkar frá 690 kr.**



**Frábærar 4mm neprene vöðlur**
**Verð áður 14.950 kr.**
**Tilboð 11.890 kr**



**Taimen dömu vöðlur og skór**
Góðar vöðlur sér hannaðar fyrir konur og léttir skór frá snowbee.
**Verð 42.850 kr.**
**Tilboð 34.900 kr.**



**Taimen herra öndunar-vöðlusett og góðir vöðluskór**
Góðar 3 laga öndunarvöðlur með sandhlíf, belti og styrkingum á hnjám.
**Verð 41.930 kr.**
**Tilboð 29.900 kr.**



**Jaxon spin express**

8 legu hjól auka spóla, hátt gírað. 2 ára ábyrgð
**Verð 7.890 kr.**
**Tilboð 6.900 kr.**

**Frábær kasthjól á góðu verði**

Jaxon marion 3 legu hjól auka spóla
**Verð 2.990 kr.**

**Mistrall Ziro spinn hjól**

Langvinsælasta spinn hjólið okkar 6 legur auka spóla og ótrúlega vel ballanserað. Þetta klikkar ekki 2 ára ábyrgð.
**Verð 6.950 kr.**

JAXON MISTRALL® THE BEST FOR FISHING YUKON® ADVANCED OPTICS Bushnell Scott SHIMANO® ROBINSON® Champions' Team



## HELGARRÁÐIN

**Rebekka Rafnsdóttir, eigandi verslunarinnar Einveru og annar hönnuða fatamerkisins Kalda.**

**Háir hælar eða flatbotna skór:** Flatbotna.

**Ómissandi í snyrtibudduna:** Piparúði.

**Uppáhaldsliturinn:** Marens.



**Hver eru nýjustu kaupin?** Tuttugu lítrar af málningu.

**Hvað dreymir þig um að eignast?** Kisu-kaffihús.



**Hvaða lag kemur þér í gott skap?** Í góðum sköpum með Pöpum.

**Uppáhaldshönnuðurinn:** Katrín Alda Rafnsdóttir og Comme des Garçons.




**Uppáhaldsdrykkurinn:** Viskí í Sprite.


10 ÁRA 2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

# Yfirburðir Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði staðfestir

Við vitum sem er að dagblað á að vera skemmtilegt og upplýsandi. Það á að veita innsýn í líf fólks og varpa ljósi á atburði sem skipta okkur máli. Við hlustum á raddir lesenda og erum lifandi vettvangur fyrir skoðanaskipti.




DV: 10% – Fréttatíminn: 37%

**ALLT LANDIÐ**

DV: 11% – Fréttatíminn: 49%

**HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ**

Fréttablaðið og Morgunblaðið kemur út sex daga vikunnar, á meðan DV kemur út þrisvar í viku og Fréttatíminn einu sinni.

**Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.**
Janúar til mars 2011, meðallestur á tölublað 18–49 ára.




Allt sem þú þarft...

FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

ÍÞRÓTTIR Á ÞÍNUM HEIMAVELLI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

vísir

## Garðyrkja

**MOLD**

Grjóthreinsuð og sandblönduð garðamold til sölu. Seld í rúmmetrum á kerrur og palla, keyrð heim sé þess óskað.

VERKTAKAR MAGNI EHF.
SÍMI: 660 6101

**GARÐLIST**

Allt fyrir garðinn á einum stað
- Trjáklippingar
- Garðsláttur
- Beðahreinsun
- Stubbatæting
- Garðaúðun
- Þökulagnir
- Og margt fleira

Traust þjónusta í 20 ár
554-1989
Garðlist.is

GARÐPLÖNTUSTÖÐIN GRÓANDI GRÁSTEINUM

Útsala af trjám og runnum í öllum stærðum í allt sumar. Garðplöntustöðin Gróandi Grásteinum - 271 Mosfellsbær - Sími 566 7339.

HreinirGarðar

Fáðu sláttinn í áskrift

www.hreinirgardar.is
S.571-2000

**ÓDÝR GARÐSLÁTTUR**
**Garðaþjónusta Hlyns**
- Garðsláttur
- Mosaeyðing
- Jarðvinna
- Fellum tré
- Vönduð vinnubrögð

Uppl. gefur Hlynur s. 777 9543

Túnþökusala Oddsteins
- Lóðaþökur
- Fótboltaþökur
- Golfvallargras
- Holtagróður
- Þökulagning

Steini S. 663 6666
Visa/euro

**Trjáklippingar**

Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

GARÐSLÁTTUR,MOSATÆTING Við sláum ekki bara gras, við gerum það flott líka. S. 896 19 33

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Málarameistari**

Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. S. 896 5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

HAMRABORG ehf
Þakpappaþjónusta
Viðgerðir á PVC dúk
Almennar húsaviðgerðir

Sími 896 4947 Netfang: hamraborg @ simnet.is

Viðhaldsverk ehf

**Húsaviðgerðir - Nýbyggingar**

Múrarar, málarar, smiðir - gluggar og hurðir, rafvirkjar og píparar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

**VIÐHALD**
fasteignaviðgerðir

Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

Við önnumst m.a.:
- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinnu
- trésmíðavinnu
- pípulagnir
- raflagnir
- flísalagnir.

Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.
- Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð.
- kristjan@vidhald.is

**SG Steingæði slf Alhliða húsaviðgerðir**

Múrarar, flísarar, rafvirkjar, smiðir, píparar og málarar, allt á einum stað.

Uppl. í síma 899 2420.




**www.smidaland.is**

Nýsmíði-viðhald-glugga-hurðar-sólpallar-öll smíði. S. 772 0040.

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254.

## Tölvur

tölvuhjálp!

Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr.
Ókeypis vírusvörn

Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

## Rafvirkjun

Töfluskipti, viðhald, nýlagnir, dyrasímar. Tilboð eða tímavinna Löggiltur rafverktaki Sveinn. S. 663 7789. Rafengi ehf.

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**

Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Nudd

**Nudd**

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

NUDD NUDD NUDD. Fantastic Whole Body Massage in Down Town. S. 692 2126, ALENA.

**THE WONDERFULL! and NEW!!!!**

Whole Body Massage in Reykjavik... Any Time..8236377

NEW NEW NEW !!! ONLY FOR ONE WEECK!!TOP LUX MASSAGE IN DOWN TOWN ANYTIME !s.899 5836 ALISIA

THE BEST!!LUXURY MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME FOR THE BEST MAN!! 8698602

## Spádómar

www.orlagalinan.is

Örlaga línan

Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opið öll kvöld í síma

595 2001 & 908 1800

## KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**

**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



# NÚ ER UMRÆÐAN FJÖLBREYTTARI, SKEMMTILEGRI, FJÖRLEGRI, ÍTARLEGRI OG AÐGENGILEGRI Á VÍSI

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann!

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Meira úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í topp–upplausn með greiðara og einfaldara aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

vísir

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!**
**Upplýsingar í síma 661 7000. www.kaupumalltgull.is**

**KAUPUM GULL**
**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**Grásleppusjómenn athugið!**
**Óska eftir hrognum til kaups. Gott verð. Góð greiðslukjör. S. 897 5744.**

**Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur**
**Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar. Upplýsingar í s. 577 7740**

## Til sölu



**Íslenski fáninn kr. 1500 , stærð 90x 150 CM, 84 gerðir af fánum á lager, m.a. flestar Evrópuþjóðir. Sjá frekar í netverslun okkar. S: 659 4469 ARMY.IS**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun

**7 rósir 990 kr.**
**Dalía**
**BLÓMABÚÐ GLÆSIBÆ S. 568 9120**

**Stærri limur betri limur**
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
**bathmate.is**

## Ýmislegt

Ódýrir farsímar www.farsimalagerinn.is netfang: info@farsimalagerinn.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Heilsuvörur Herbalife, frí ráðgjöf. 8918902 asta@dagamunur.is www.dagamunur.is

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD - FÓTAAÐGERÐIR - DETOX**

Tilboð fótaaðgerðir + nudd upp fyrir hné kr. 5.500 2 saman kr. 9.900. Tekið á kvillum, næringu, hreifingu, bætiefnum, vinnu, lífsstíl, hamingju og fl. 2ja st. meðferð kr. 7500. JB Heilsulind. S. 823 8280.

## Þjónusta



**Reykstopp með árangri s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu lítið notaður svefnsófi með springdýnu frá versluninni Heima. 1,80 cm á breydd. Uppl. í síma 698 5366

## Dýrahald

**Hundagalleríið auglýsir**
**Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is Hundaræktun með starfsleyfi. S. 566 8417 Tökum visa/euro**



St.bernhards! Þín draumategund ?? Allar uppl. um tegundina og hvolpa gefur Guðný Vala, S:6990108, www.sankti-ice.is.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

Grímsá í Borgarfirði Á lausa stöng vegna forfalla í síðari hluta ágúst. Upplýsingar í síma 665-9806

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK**
**Dags- og vikuleiga.**
**www.hotel105.com GISTIHÚSIÐ EGILSBORG sími 896 4661**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

3j.herb 90fm við Teigasel 130þ og 80fm iðnaðarhús Smiðjuv.4a 80þ. S: 6603820

## Húsnæði óskast

Óska eftir 4-5 herbergja húsnæði til langtímaleigu helst í vikur eða staðarhverfi. Upplýsingar í síma 824 2356.

Einstaklingur óskar eftir íbúð í hverfi 110. Ingi í síma: 6967742

Óskum eftir 4ra herb.íbúð í Hfj.Skilvísum greiðslum og góðri umgengni heitið. Meðmæli ef óskað.Uppl.s.8685349

Óska eftir þriggja til fjögra herbergja íbúð til leigu í Lindar eða Salahverfi, Kópavogi. Reglusemi og tryggingar. Sími: 897 2877.

## Atvinnuhúsnæði



ATVINNUHÚSNÆÐI Til sölu á Krókháls nr 10 c.a 120 fm . Verð 23.000.000. Húsnæðið er laust til afhendingar strax. Áhvílandi lán frá Íslandsbanka kr c.a 13.9 mill. Uppl. síma 517-1111 eða 696-1001.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## Gisting

Íbúðargisting við Nyhavn í Kaupmannahöfn. 80 fm. Facebook: Gisting Kbh. Uppl. í s. 004550127560.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Pizzeria Tasiilaq, East Greenland**
**Arctic Wonderland Tours is opening a pizzeria & Grill in beginning of July therefore we a seeking a pizza baker to start end of June.**
**If you are a pizza baker and interested in hearing more. Please contact us for further information.**
**mike@arcticwonder.com www.arcticwonder.com 00 299 598711**

Hótel Gullfoss leitar eftir kokki, matsveini eða aðstoðarfólki í eldhús. Viðkomandi verður að geta hafið störf sem allra fyrst. Góð starfsmannaaðstaða!, sími: 486-8979 & info@hotelgullfoss.is

**Tapas barinn**

Tapasbarinn leitar eftir metnaðarfullum matreiðslumönnum í kvöld og helgarvinnu. Fullkomin aukavinna fyrir þá sem vinna til dæmis í mötuneyti. Góð laun í boði. Hafið samband við Bjarka Frey, á staðnum eða bjarki@tapas.is

Okkur vantar fólk í kvöldstarf, 20 ára og eldri og íslenskumælandi. Uppl. gefur Viggó í 553 6688 eða viggo@tmi.is

Veitingastaðurinn Kringlukráin Óskar eftir starfsmanni í ræstingu og uppvask. Upplýsingar á www.kringlukrain.is eða í síma 893 2323.

Vantar vana múrara eða faglærða. S. 777 2722.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

AA fundur Hverfisgötu karla föstudag kl. 19:30 að Héðinsgata 1-3 Rvk. Minni á neyðarsíma deildarinnar 848 9931.

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5050**
Opið allan sólarhringinn.

## Styrkir

ÍSLANDS MYNDSTEF HÖFUNDASJÓÐUR

# Verkefnastyrkir og ferða- og menntunarstyrkir Myndstefs 2011

Myndstef auglýsir eftir umsóknum um verkefnastyrki og ferða- og menntunarstyrki á vegum samtakanna.
**Rétt til þess að sækja um styrki Myndstefs hafa allir myndhöfundar.**

Sérstök umsóknareyðublöð eru á vef samtakanna www.myndstef.is og þar eru einnig nánar skilgreind þau atriði sem þurfa að koma fram í umsókninni ásamt reglum um úthlutun styrkjanna. Umsóknarfrestur rennur út **20. ágúst 2011**. Umsóknir sem berast eftir þann tíma fá ekki afgreiðslu. Tekið skal fram að póststimpill gildir á innsendum umsóknum. Umsóknir skulu berast til skrifstofu Myndstefs, Hafnarstræti 16, p.o.box 1187, 121 Reykjavík fyrir ofangreindan tíma.

Vakin er athygli á að þeir sem sent hafa inn umsóknir um styrki fyrir birtingu þessarar auglýsingar verða að endurnýja þær umsóknir.

Allar nánari upplýsingar gefur Herdís Lilja Jónsdóttir á opnunartíma skrifstofunnar, 10:00 – 14:00 alla virka daga. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið myndstef@myndstef.is

Vakin er athygli á því að Myndstef áskilur sér rétt til að birta á heimasíðu sinni texta og myndir um viðkomandi verkefni í samráði við höfund þess.

Stjórn Myndstefs

## Fasteignir

**GARÐATORG EIGNAMIÐLUN**
GARÐATORGI 7
210 GARÐABÆ
Sími : 545-0800
gardatorg@gardatorg.is
www.gardatorg.is

Þóroddur S. Skaptason löggiltur fasteignasali

# Sumarbústaður – Hléskógar 12.

**Opið hús föstudaginn 17.júní til mánudagsins 20.júní frá 11.00-15.00 alla dagana.**




Mjög gott 74 fm heilsárs hús auk 24 fm svefnlofts, samtals 98 fm. Glæsileg 6.050 fm skógi vaxin lóð í jaðri sumarhúsabyggðarinnar í landi Svarfhóls í Svínadal. Lýsing: Anddyri, tvö svefnherbergi, gott eldhús með fallegri innréttingu og góðum tækjum (helluborð, uppþvottavél og ísskáp). Stór björt stofa með gluggum á þrjá vegu og kamínu. Baðherbergi m/sturtu og geymsla/þvotthús. Stór verönd sem snýr í suður og vestur, heitur pottur. Heitt vatn/hitaveita. Gott útsýni til vesturs og norðurs. Stutt í margvíslega þjónustu, golfvöll og sundlaug. Um 50 mín. akstur frá Reykjavík.
**Verð 18,9 millj. Lilja sýnir í síma 862 0574**

*Hákon Svavarsson, löggiltur fasteigna-, fyrirtækja og skipasali*

**VALFELL**
FASTEIGNAMIÐLUN OG RÁÐGJÖF

# Opið hús frá kl. 12-13 föstudaginn 17. Júní



Vatnsendahlíð 120, sumarhús og bátaskýli laust strax til afhendingar
Sumarhúsið er 62 fm á fallegum útsýnisstað í hlíðinni, sólpallur í kringum húsið. Rafmagnskynding og ofnar olíufylltir. 3 svefnherbergi. Úr stofu er gengið út á sólpall. Parket á flestum gólfum. Allt innbú fylgir nema persónulegir munir. Ársleiga lóðar er u.þ.b. 89 þús. og 11 þús fyrir bátaskýlið. Bátaskýlið er með hellulögðu gólfi, bílskúrshurðaopnara, stærð c.a. 2,5 metrar x 7 metrar 3ja fasa rafmagn í skýli. Verið velkomin föstudaginn 17 júní á milli kl 12.00 og 13.00 Sölumaður verður á staðnum. Allar nánari uppl. Veitir Hákon í síma 898-9396.
**Aðeins bein sala, engin lán áhvílandi.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Elínóra Hólm Samúelsdóttir**

lést á Dvalarheimilinu Hlíð 13. júní.

**Hörður Gíslason** **Sigurbjörg Edda Óskarsdóttir**
**Hallgrímur Gíslason** **Halla Sævarsdóttir**
**Bjarnhéðinn Gíslason** **Heiðdís Haraldsdóttir**
**Aðalheiður Gísladóttir** **Haukur Þorsteinsson**
**barnabörn og fjölskyldur þeirra**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Gunnars Arons Jónssonar**

húsasmíðameistara og fyrrv. byggingafulltrúa, Frostafold 4, Reykjavík.

**Sigurrós Kristín Sigurðardóttir**
**börn, tengdabörn og barnabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Auður Jónsdóttir**

ljósmyndari, Barmahlíð 52, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni fimmtudaginn 9. júní.

**Sævar Halldórsson**
**Jónína Margrét Sævarsdóttir**
**Guðrún Sigríður Sævarsdóttir** **Kristján Vídalín Jónsson**
**Hrönn Sævarsdóttir** **Sigurður Sigurðarson**
**Jón Alvar Sævarsson** **Steinunn Baldursdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Okkar hjartkæri*

**Hörður Sigurgrímsson**

bóndi í Holti, Stokkseyrarhreppi,

lést á Sjúkrahúsi Suðurlands 9. júní.
Jarðsungið verður laugardaginn 18. júní kl. 14.00 frá Stokkseyrarkirkju.

**Anna Guðrún Bjarnardóttir**
**Sigríður Harðardóttir** **Már Ólafsson**
**Sigurður Jónsson**
**Björn Harðarson** **Elín María Karlsdóttir**
**Anna Harðardóttir** **Sigurður Kristinsson**
**Sigurður Harðarson** **Manon Laméris**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Garðar Karlsson**

flugvirki og gítarleikari,

verður jarðsunginn frá Háteigskirkju mánudaginn 20. júní kl. 13.00.

**Þuríður Helga Guðjónsdóttir** **Viðar Garðarsson**
**Ólöf Sigurgeirsdóttir** **Agnes Garðarsdóttir**
**Gísli Ólafsson** **Jón Sigurður Garðarsson**
**Helga Þorkelsdóttir** **Rannveig Garðarsdóttir**
**Bjarki Halldórsson og barnabörn**



63 **HRAFN GUNNLAUGSSON** leikstjóri er 63 ára í dag.

*„Leikur er ástand en ekki saga. Ætlirðu að segja sögu verðurðu fyrst að hugsa hana sem ástand.“*

**ÞETTA GERÐIST:** 17. JÚNÍ 1994

## *Mannréttindaskrifstofa Íslands stofnuð á Þingvöllum*

Mannréttindaskrifstofa Íslands var stofnuð í Almannagjá á Þingvöllum hinn 17. júní 1994, á fimmtíu ára afmæli íslenska lýðveldisins. Skrifstofan er óháð stofnun sem vinnur að framgangi mannréttinda með því að stuðla að rannsóknum og fræðslu og efla umræðu um mannréttindi á Íslandi. Skrifstofan gegnir einnig ákveðnu eftirlitshlutverki en hún veitir umsagnir um lagafrumvörp og skilar skýrslum til eftirlitsnefnda Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins. Skrifstofan kemur fram fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu samstarfi.

*Heimild: humanrights.is*



**JÓN SIGURÐSSON FORSETI:** 200 ÁRA MINNINGARAFMÆLI

# Ný sýning opnuð á Hrafnseyri

Tvö hundruð ár eru liðin í dag frá fæðingu Jóns Sigurðssonar forseta. Í tilefni þess verður ný og endurbætt sýning um ævi hans og störf opnuð að Hrafnseyri við Arnarfjörð, æskuheimili hans.

Forsaga nýju sýningarinnar teygir sig aftur um eitt ár en frá árinu 1980 hefur lítil sýning um Jón Sigurðsson verið opin á Hrafnseyri yfir sumartímann. Sérstök undirbúningsnefnd forsætisráðuneytisins um viðburði á afmælisári Jóns efndi til lokaðrar samkeppni um nýja og endurbætta sýningu árið 2010. Átta aðilar fengu boð um þátttöku og varð tillaga Basalt arkitekta, Tímanna rás, fyrir vali dómnefndar en hún þótti bæði nýstárleg og spennandi.

„Sýningin byggir á samfelldum gegnsæjum plexiglerhjúp sem liðast gegnum herbergi hússins,“ útskýrir Sigríður Sigþórsdóttir, arkitekt hjá Basalt arkitektum. „Lagskiptingin og gegnsæið undirstrikar tímaásinn sem sýningin byggir á þar sem vitnað er til samtímasögu Jóns Sigurðssonar, ýmist með beinum tilvísunum og/eða frásögnum og myndum frá Íslandi, Evrópu og annars staðar ur heiminum. Þegar sýningargestir speglast í hjúpnum eru þeir minntir á að læsi þeirra á söguna er alltaf bundið tíma og stað og er afstætt,“ segir Sigríður.

Björn G. Björnsson leikmyndahönnuður hefur haldið utan um framkvæmdirnar á Hrafnseyri undanfarið ár og segir sýninguna koma vel út. „Hugmyndin kallaði á nokkrar framkvæmdir en plexiglerveggurinn er 90 metra langur og liðast gegnum allt rýmið. Við færðum íbúð staðarhaldara upp á efri hæð hússins og sýningin, sem áður var á tveimur hæðum, er nú á allri neðri hæðinni og aðgengið gott.“

Ólafur Ragnar Grímsson forseti flytur hátíðarræðu og Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra flytur ávarp við opnunina í dag. Hún mun einnig opna sýninguna formlega. Þá verður frumfluttur einleikur um Jón Sigurðsson sem Elfar Logi Hannesson leikari á Ísafirði hefur samið og leikur. Tónleikadagskrá vestfirskra kóra tekur þá við og koma Björgvin Halldórsson og Sigrún Hjálmtýsdóttir fram með kórunum.

Sýningin á Hrafnseyri er stærsta verkefnið á minningarárinu en frá ársbyrjun hafa staðið yfir viðburðir í minningu Jóns á vegum undirbúningsnefndar. Þar má nefna ritgerðasamkeppni grunnskólanema, málþing um sýn Jóns á íslenskt atvinnulíf, sýningar í Víkinni – sjóminjasafni og á Þjóðminjasafninu. Þá kemur út frímerki tileinkað Jóni frá Íslandspósti í dag og von er á bók Páls Björnssonar sagnfræðings um Jón með haustinu. Um viðburðina má lesa á síðunni www.jonsigurdsson.is.

heida@frettabladid.is



**SIGURVEGARI** Sigríður Sigþórsdóttir, arkitekt hjá Basalt, átti vinningstillögu að nýrri sýningu á Hrafnseyri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Þórhildar Halldórsdóttur**

kennara,
Skeiðarvogi 125, Reykjavík.

Sérstakar þakkir sendum við til starfsfólks Þorrasels og líknardeildar Landspítala Landakoti fyrir alúð og góða umönnun.

**Halldór Jónsson** **Dagmar Vala Hjörleifsdóttir**
**Guðbjörg Jónsdóttir** **Trausti Leifsson**
**ömmu- og langömmubörn.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Höllu Margrétar Ottósdóttur**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sunnuhlíðar fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Björg Margrét Sigurgeirsdóttir**
**Jakobína Elsa Ragnarsdóttir**
**Ragnheiður Ragnarsdóttir** **Ólafur Björgvinsson**
**Friðrik Ottó Ragnarsson** **Margrét Sólveig Sigurðardóttir**
**Hulda Ragnarsdóttir**
**Þór Ragnarsson** **Sigríður Þráinsdóttir**
**Ragnar Ragnarsson** **Oddný Vestmann**
**Þórður Úlfar Ragnarsson** **Anna Sólveig Sigurðurdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**



# Dagskrá 17. júní 2011 í Reykjavík

**Kl. 09.55**
**Samhljómur kirkjuklukkna í Reykjavík**

**Kl.10:15**
**Guðsþjónusta í Dómkirkjunni**

**Kl. 11:10**
**Athöfn á Austurvelli**
Hátíðardagskrá á vegum Alþingis og Forsætisráðuneytisins

**Kl 12:00**
**Skrúðganga frá Austurvelli í kirkjugarðinn við Suðurgötu**
Forseti borgarstjórnar, Elsa Hrafnhildur Yeoman, leggur blómsveig frá Reykvíkingum á leiði Jóns Sigurðssonar. Lúðrasveit Reykjavíkur leikur, stjórnandi Lárus H. Grímsson

**Kl. 13 – 17**
**Hljómskálagarður**
Skátaland verður með leiktæki, þrautabrautir og fleira
Ókeypis er í leiktækin í garðinum
14:00 Tóti trúður
14:25 Glímusýning
14:50 Fimleikadeild Ármanns
15:00 Krúserbandið
15:15 Kínversk kung fu-sýning
15:40 Skylmingafélag Reykjavíkur
16:00 Fallhlífastökk
16:05 Aikido-sýning
16:30 Ju jutsu-sýning

**Kl. 13 – 16**
**Akstur fornbíla og sýningar**
- Hópakstur Fornbílaklúbbsins og sýning við Arnarhól
- Hópakstur Krúsers og sýning á Skothús vegi. Krúserbandið leikur kl.15

**Kl. 13:30 og 14:30**
**Brúðubíllinn í Hallargarði**
Ævintýri Lilla. Athugið breytta staðsetningu

**Kl. 13:30-17**
**Barna- og fjölskylduskemmtun á Ingólfstorgi**
Sirkus Íslands með götuleikhús og sirkusskóla
Sirkussýningar kl.14:15, 15:30 og 16:30

**Kl. 13:30-16:30**
**Sólskoðun á Bernhöftstorfu**
Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness og Stjörnufræðivefurinn

**Kl. 13:40**
**Skrúðgöngur**
- Skrúðganga frá Hlemmi niður Laugaveg. Lúðrasveitin Svanur leikur og Götuleikhúsið tekur þátt
- Skrúðganga frá Hagatorgi í Hljómskálagarð. Lúðrasveit verkalýðsins leikur

**Kl. 14**
**Barna- og fjölskylduskemmtun á Arnarhóli**
14:00 Eldfærin. Borgarleikhúsið
14:15 Ballið á Bessastöðum. Þjóðleikhúsið
14:30 Gosi. Klassíski listdansskólinn
14:40 Gýpugarnagaul. Möguleikhúsið
14:55 Draumurinn. Nemendafélag Verslunarskólans
15:05 Íþróttaálfurinn og Solla stirða úr Latabæ
15:25 Atriði frá Danslistarskóla JSB
15:35 Dansflokkurinn Rebel
15:45 Skókassasirkusinn
15:55 Bollywood-danssýning Yesmine Olsson og World Class
16:10 Breikdanshópur Natöshu. Kramhúsið
16:15 Þröstur Leó og Gói leika lausum hala
16:30 Vinir Sjonna

**Kl. 14**
**Fjöltefli á Útitaflinu**
Skákakademía Reykjavíkur stendur fyrir fjöltefli með Hjörvari Steini Grétarsyni landsliðsmanni í skák

**Kl. 14**
**Kraftakeppni við Ráðhúsið**
Trukkadráttur í Vonarstræti í keppninni Sterkasti maður Íslands

**Kl. 14-17**
**Uppákomur á Austurvelli**
14:00 Raven og Blauba
14:15 Gjörningalistahópurinn Skarkali og Tyrfingur Tyrfingsson
14:40 Hásálfar
15:00 Langholtsdætur
15:15 Skuggamyndir frá Býsans
15:50 Sönglist
16:20 Opinn hljóðnemi. Komið með gítarinn eða undirleik á diski eða ipod og takið lagið

**Kl. 14-17**
**Listhópar Hins Hússins og önnur atriði**
14:00 Götuleikhúsið sýnir við tjörnina
15:00 UngSaga býður í ammæli á Austurvelli
15:30 Hljómsveitin Snabbi leikur á horni Austurstrætis og Pósthússtrætis

- Dansveitan sýnir á svölum við Austurstræti og við MR kl.14:30
- Brogan og Ellen með innsetningu í vestan verðum Hljómskálagarðinum
- Hljómsveitin Nói spilar við Laugaveg 6 kl.14:30 og við Bankastræti 2 kl.16
- Hljómsveitin Of Monsters leikur
- Suburbistan-hópurinn málar í Hjartagarðinum bæði og með sýningu í Kaffistofunni Hverfisgötu 44
- Hirðteiknari Reykjavíkurborgar sýnir á horni Lækjargötu og Austurstrætis
- Pínulítið skárra með töfrandi uppákomur
- LÆK, Leiklistarstarf æskulýðsfélaga kirkjunnar sýnir hér og þar
- Lokun myndlistasýningunnar Ómenntaður í Hinu Húsinu kl.14-17
- Bartónar með tónleikaröð á röltinu

**Kl. 14-17.30**
**Opið hús í Alþingi**
Opið hús í tilefni af 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar og 100 ára afmæli Háskóla Íslands

**Kl. 14:30**
**Tónleikar í Ráðhúsi Reykjavíkur**
14:30 Dúettinn Askja
15:00 Nína
15:30 Dægurflugurnar
15:50 Langholtsdætur
16:10 Jussanam og Árni Heiðar

**Kl. 15**
**17. júnímót í siglingum**
Siglingamót Brokeyjar á sundinu fyrir utan Sæbrautina

**Kl. 16**
**Bænastund í Hallgrímskirkju**
Bænastund fyrir Íslandi með þátttöku fjölmargra kristinna trúfélaga. Börnin velkomin

**Kl. 17**
**Dansleikur á Ingólfstorgi**
Komið og dansið

**Kl. 18-22**
**Tangókaffihús í Þjóðmenningarhúsinu**
Hljómsveitinni Fimm í tangó, tangóhreyfimyndir og tangódans.
Sjá nánar á www.tangoadventure.com

**Kl. 19:30**
**Tónleikar á Arnarhóli**
19:30 Murrk
19:45 Joe and the Dragon
19:55 Friðrik Dór
20:15 Postartica
20:30 Dikta
21:00 Bjartmar og Bergrisarnir
21:30 Valdimar

**Kl. 20**
**Harmónikuball í Ráðhúsi**
Léttsveit Harmónikufélags Reykjavíkur leikur fyrir dansi

**Kl. 20**
**Tónleikar á Ingólfstorgi í samstarfi við Mammúng**
20:00 Dagur Sigurðsson
20:10 Teitur Gissurarson
20:20 Kristmundur Axel
20:30 Haffi Haff
20:40 Bjartur Elí
20:50 Júlí Heiðar
21:10 Ingó
21:30 Mollý
21:40 Óskar Axel

**Kl. 22**
**Dagskrárlok**

Skipulagt hátíðasvæði er Kvosin þ.á.m. Austurvöllur, Kirkjustræti, Templarasund, Ingólfstorg, Arnarhóll, Tjarnargarður og Reykjavíkurhöfn. Umferð bifreiða er takmörkuð um þessi svæði og torgsala er óheimil án leyfis. Umsjón með dagskrá þjóðhátíðar í Reykjavík hefur þjóðhátíðarnefnd á vegum Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur en Hitt Húsið sér um framkvæmdina.

**Týnd börn**
Upplýsingar um týnd börn í stjórnstöðinni í Hinu Húsinu Pósthússtræti 3-5, sími 411 5500

**Leigubílar**
Vegna lokunar miðbæjarins fyrir bílaumferð eru hefðbundin stæði leigubíla lokuð en leigubílum verður búin aðstaða vestast á Bakkastæði við Kolaportið

## Akstursleið Strætó 17. júní að og frá miðbæ Reykjavíkur

Hverfisgata og Lækjargata eru lokaðar fyrir umferð vagna.

Ekið frá 09:00 - 18:00
Ekið frá 18:00 - ca.23:00
(klst. lengur en leiðabók segir)




markhonnun.is
nettó
Kræsingar & kostakjör
Opið frá 12 - 18 á 17. júní!
LAMBALÆRI
ÞURRKRYDDAÐ
FERSKT
LAMBAKJÖT
25% afsláttur
1.199 kr/kg
áður 1.599 kr/kg
GLEÐILEGA ÞJÓÐHÁTÍÐ!
LAMBARIB-EYE
M/HVÍTLAUK OG ROSMARIN
20% afsláttur
3.198 kr/kg
áður 3.998 kr/kg
LAMBA-
SIRLOINSNEIÐAR
KRYDDAÐAR
lamba Grillkjöt
1.499 kr/kg
áður 1.698 kr/kg
LAMBALÆRISSNEIÐAR
FERSKAR
1.698 kr/kg
áður 1.998 kr/kg
LAMBAGRILL-
LEGGIR
FERSKIR
30% afsláttur
979 kr/kg
áður 1.398 kr/kg
GRILLPYLSUR
10 STK 480 G
20% afsláttur
295 kr/pk.
áður 369 kr/pk.
KJÖTSEL
HAMBORGARAR
GRILL 4 X 80 G
FERSKIR
34% afsláttur
395 kr/pk.
áður 598 kr/pk.
KLEINUHRINGIR - SÚKKULAÐI*
40% afsláttur
99 kr/stk.
áður 165 kr/stk.
*Gildir ekki um Nettó Salavegi
MÖNDLUKAKA
40% afsláttur
299 kr/stk.
áður 498 kr/stk.
Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

# HÆ HÓ
# OG JIBBÍJEI…





## GRILLTÍMINN ER HAFINN!

Marshmallows
Hytop 283 g
**289 kr**

| | | |
|---|---|---|
| Grillkol<br>Hytop 3,8kg<br>~~699 kr~~<br>**559 kr** | Grillkveikilögur<br>Coop 1l<br>~~498 kr~~<br>**398 kr** | Grillpinnar<br>100 stk.<br>~~159 kr~~<br>**119 kr** |
| Gillkol<br>Royal Oak 3,8kg<br>~~798 kr~~<br>**599 kr** | Einnota grill<br>Coop<br>~~598 kr~~<br>**449 kr** | Grillkveikjari<br>Coop turbo<br>~~399 kr~~<br>**299 kr** |




Bleiur Jun.
12-22kg
~~2.198 kr~~
**1.978 kr**

Bleiur Maxi
7-16kg
~~2.198 kr~~
**1.978 kr**

Bleiur Midi
5-8kg 60
~~2.198 kr~~
**1.978 kr**

Bleiur Mini
3-6kg 40
~~1.679 kr~~
**1.511 kr**

**Nýtt frá Änglamark!**
Umhverfisvænar og ofnæmisprófaðar bleiur með rakamæli sem gefa til kynna þegar bleian er orðin blaut og skipta þarf um.



JARÐARBER
250G

**50%**
**afsláttur**

**179** kr/pk.
áður 358 kr/pk.

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

**Tilboðin gilda 16.-19. júní**
eða meðan birgðir endast

## krossgáta




**LÁRÉTT**
2. hæfileika, **6.** í röð, **8.** fýldur, **9.** keyra, **11.** íþróttafélag, **12.** míga, **14.** smáu, **16.** átt, **17.** ætt, **18.** tæfa, **20.** skóli, **21.** vilja.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hrun, **3.** hæð, **4.** sýklalyf, **5.** dýrahljóð, **7.** traustur, **10.** flýtir, **13.** stykki, **15.** nýja, **16.** arinn, **19.** tónlistarmaður.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. gáfu, 6. rs, 8. súr, 9. aka, 11. kr, 12. pissa, 14. litlu, 16. sv, 17. kyn, 18. tík, 20. fg, 21. óska.
**LÓÐRÉTT:** 1. hrap, 3. ás, 4. fúkalyf, 5. urr, 7. skilvís, 10. asi, 13. stk, 15. unga, 16. stó, 19. kk.











# Kæri Jón

**BAKÞANKAR**
**Brynhildar Björnsdóttur**

Óskabarnið á afmæli í dag. Hann átti líka afmæli í fyrra og mörg ár þar á undan og alltaf er haldið upp á afmælið hans með skærum lúðrahljómi og fánaskotum, hátíðarræðum og hoppiköstulum, blöðrum og brjóstsykurssnuðum.

**ÍSLAND** er það sem það er af því að Jón Sigurðsson var sá sem hann var. Það er allavega sú skýring sem við aðhyllumst. Kannski var sá skriður kominn á sjálfstæðisbaráttuna sem ekki hefði stöðvast, þótt Jón hefði heykst á því að mótmæla í Kópavogi. En það gerði hann ekki og því er Jón Sigurðsson sameiningartáknið, frelsishetjan: Ofurmenni andans sem barðist með orðum og kenndum við heimsveldi og hafði sigur, þótt hann sjálfur fengi ekki lifað endanlega útfærslu hans. Afmælið í dag er hins vegar aðeins stærra og eiginlega það stærsta síðan afmælisdagurinn varð að þjóðhátíðardegi árið 1944. Af því tilefni hefur ýmislegt verið gert til að fagna. Eitt af því athyglisverðara er ritgerðasamkeppni sem forsætisráðuneytið stóð fyrir meðal nemenda í áttunda bekk og bar yfirskriftina Kæri Jón.



**UNGLINGAR** skrifuðu Jóni Sigurðssyni bréf um líf sitt á Íslandi í dag, lýstu daglegu lífi, áhugamálum, vonum, metnaði og þrám, mannfjölda, tækninýjungum og byltingu í salernis- og samskiptamálum. Sumir buðu Jóni í afmælið sitt, svona vegna þess að þeir fá alltaf að koma í afmælið hans. Nánast allir nefndu frelsi. Unglingar eru Jóni Sigurðssyni þakklátir fyrir þá baráttu sem hann háði fyrir sjálfstæði Íslands og Íslendinga. Þakklátir fyrir frelsið.

**HVER** dagur er sem þúsund ár og þúsund ár dagur ei meir. Síðan Jón Sigurðsson mótmælti eru samkvæmt þessu tímatali ekki liðnar nema tvær samfelldar kennslustundir, en á þeim hefur heimurinn farið í kollhnís, tíminn hefur breyst, rúm og fjarlægðir hafa verið yfirstigin og frelsi er boðorð dagsins. Og fyrir það erum við þakklát.

**EN** hvað ætlum við að gera við þetta frelsi? Veiða, skjóta og éta þangað til enginn lundi eða rjúpa er eftir? Virkja þar til fossar eru bara til í ljóðum? Menga þar til sól tér sortna? Hvers konar bréf viljum við fá eftir tvö hundruð ár frá afkomendum okkar?

**MEGI** þau ekki bölva því frelsi sem afmælisbarn dagsins gaf okkur. Megi þau njóta fossa, lækja, unna, áa, hvítra jökulkinna langt frá heimsins vígaslóð, lauguð bláum straumi. Frelsið er gjöf en það er líka skuld til komandi kynslóða. Frelsi fylgir ábyrgð. Og ábyrgðin er okkar.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Allar verslanir Bónus
# opnar í dag **17. júní**
# frá kl. **10:00-18:00**
# Nýtt kortatímabil

## Sama verð um land allt




GLEÐILEGA ÞJÓÐHÁTÍÐ

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# Fólk

folk@frettabladid.is



**12 MILLJÓNIRN** dala fékk söngkonan Jennifer Lopez í laun sem dómari í sjónvarpsþættinum American Idol. Sú upphæð dugar henni þó ekki, því hún hefur farið fram á launahækkun eigi hún að snúa aftur.



**CHRISTINA AGUILERA** Vildi hlífa barni sínu við sambandinu við fyrrverandi eiginmann sinn.

## Engir englar

Söngkonan Christina Aguilera vill meina að bæði hún og fyrrverandi eiginmaður hennar Jordan Bratman hafi átt þátt í að eyðileggja hjónabandið. „Við áttum bæði tímabil í hjónabandinu þar sem við vorum engir englar. Undir lokin var heimilið farið að minna mig á æskuheimili mitt og ég vildi hlífa barninu okkar við því,“ segir Aguilera í viðtali við W Magazine, en hún skildi við Bratman fyrir ári og eiga þau saman þriggja ára soninn Max.

Aguilera þurfti að glíma við ofbeldisfullan og drykkjusaman föður í sinni æsku. Söngkonan hefur nú fundið hamingjuna á ný með framleiðandanum Matt Rutler.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 17. júní 2011**

### Tónleikar

**17.00** Gogoyoko, Hemmi & Valdi, Macland og finnska útgáfufélagið Fonal Records halda upp á 17. júní með tónleikum í Hjartagarðinum þar sem finnskar hljómsveitir spila ásamt Forgotten Lores og ADHD. Fríar veitingar og enginn aðgangseyrir.

**20.00** Hljómsveitin Salon Islandus kemur fram ásamt Þóru Einarsdóttur sópran á hátíðartónleikum í safnaðarheimili Vídalínskirkju, Kirkjuhvoli. Aðgangur er ókeypis í boði Garðabæjar.

### Leiklist

**13.40** Götuleikhús Hins hússins verður með uppákomuna Drekinn í Tjörninni sem mun eiga sér stað í skrúðgöngunni og á Tjarnarbrúnni við Skothúsveg. Leikstjóri er Aðalbjörg Þóra Árnadóttir.

### Hönnun og tíska

**12.00** Popup-verslun verður opin á Grettisgötu 3 og munu hönnuðirnir Shadow Creatures, hálsakot, Iba-The Indian in Me, Dömubindin, Elva, Begga Design og Eight of Hearts selja.

### Tónlist

**16.00** Skemmtistaðurinn Faktorý heldur upp á þjóðhátíðardaginn með útitónleikum kl. 14, barnahátíð kl. 16 með plötusnúði, andlitsmálningu, blöðrum og ís og loks fjórða kanilkvöldi Faktorý um kvöldið. Aðgangur ókeypis.

### Samkoma

**14.00** Hið íslenska þjóðvinafélag býður til hátíðarsamkomu í tilefni 200 ára afmælis Jóns Sigurðssonar forseta Hins íslenska þjóðvinafélags 1871-1879 og 140 ára afmælis félagsins. Samkoman er haldin í sal Menntaskólans í Reykjavík. Ókeypis aðgangur.

### Dans

**14.00** Íslenski danshópurinn Raven sýnir í samstarfi við sænska hópinn Blauba og tónlistarmennina Medeleine Jonsson og hljómsveitina HEIMA verkið Out of Our Hands á Austurvelli í Reykjavík kl. 14 og á Rútstúni í Kópavogi kl. 17.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

# Sunddrottningin verður prinsessa í næsta mánuði

**Furstadæmið Mónakó stendur á haus þessa dagana vegna væntanlegs brúðkaups Albert Mónakóprins og sunddrottningarinnar Charlene Wittstock. Tuttugu ára aldursmunur er á parinu en íbúar Mónakó eru því fegnir að prinsinn festi loks ráð sitt.**

Mónakó ætlar svo sannarlega að tjalda öllu til þegar Albert prins gengur í það heilaga. Sérstakt bollastell með mynd af parinu er farið í framleiðslu og borgin þakin myndum af Albert og Charlene Wittstock, unnustu hans. Það er kannski ekki skrýtið enda voru flestir farnir að örvænta um það hvort prinsinn mundi yfirhöfuð kvænast. Parið opinberaði trúlofun sína 23. júní í fyrra og er tveggja daga brúðkaupsveisla skipulögð 2. og 3. júlí næstkomandi.

Charlene Wittstock er tuttugu árum yngri en Albert prins, 33 ára gömul. Þessi suður-afríska sunddrottning kynntist prinsinum árið 2000 á sundmóti í Mónakó en opinbert samband þeirra hófst ekki fyrr en nokkrum árum seinna. Wittstock hefur verið sigursæl sundkona og hlotið verðlaun á stórmótum. Hún hefur nú lagt sundgleraugun á hilluna og ætlar að einbeita sér að prinsessuhlutverkinu.

Albert prins hefur verið í kastljósinu undanfarin ár vegna lífernis síns og sambanda sinna við ofurfyrirsætur og leikkonur. Sú staðreynd að hann hefur ekki gengið upp að altarinu með neinni þeirra hefur hins vegar ýtt undir vangaveltur um kynhneigð prinsins.

Nú er hins vegar búið að slá á allar slúðursögur því Wittstock og Albert prins hafa verið óaðskiljanleg frá árinu 2006. Saman komu þau í brúðkaup Viktoríu Svíaprinsessu í fyrrasumar og einnig vöktu þau athygli í brúðkaupi Vihjálms Bretaprins og Katrínar hertogaynju.

alfrun@frettabladid.is



**FESTIR RÁÐ SITT** Brúðkaup Alberts Mónakóprins og Charlene Wittstock fer fram í byrjun næsta mánaðar. NORDICPHOTOS/GETTY



**FÖGUR** Sunddrottningin Charlene Wittstock fékk loks glaumgosann Albert prins til að ganga upp að altarinu. NORDICPHOTOS/GETTY



**BREYTT UM STÍL** Wittstock fer úr sundbrautinni og upp á rauða dregilinn. NORDICPHOTOS/GETTY

# Tom Cruise leikur Jack Reacher

Aðdáendur bóka Lee Child um hermanninn fyrrverandi, Jack Reacher, geta glaðst yfir því að von er á kvikmynd upp úr einni sögunni. Ekki er þó víst að þeir verði allir jafn glaðir yfir því að Tom Hanks á að leika Reacher.

Jack Reacher er tröllvaxin drápsvél sem flakkar um Bandaríkin farangurslaus. Tom Cruise, einn minnsti leikarinn í Hollywood, velþekktur sérvitringur og kominn óþægilega nálægt fimmtugu, er því kannski ekki augljósasti kosturinn í hlutverkið. „Stærð Reachers í bókunum er myndlíking fyrir óstöðvandi kraft sem Cruise sýnir á sinn hátt,“ segir Child þegar hann er beðinn að svara gagnrýnisröddum aðdáenda.

Kvikmyndafyrirtækið Deadline hefur staðfest að það eigi í viðræðum við Cruise. Um er að ræða níundu bókina í röðinni, hún kallast One Shot á frummálinu, en alls hafa bækurnar fimmtán selst í um 40 milljón eintökum. Þrjár bókanna hafa komið út á íslensku; Í frjálsu falli, Friðlaus og nú síðast Fimbulkaldur, og hafa þær notið mikilla vinsælda.

Tökur eiga að hefjast í haust en leikstjóri er Christopher McQuarrie sem stýrði Cruise í Valkyrie.



**TOM CRUISE** Leikur harðhausinn Jack Reacher.



**TIL SÝNIS** Þessi frægi kjóll, gerður úr hráu kjöti, er nú til sýnis á safni í Cleveland. NORDICPHOTOS/GETTY

## Kjötkjóllinn kominn á safn

Kjötkjóllinn sem poppsöngkonan Lady Gaga klæddist á MTV-verðlaunahátíðinni í fyrra hefur nú fengið framhaldslíf í Frægðarhöll rokksins í Cleveland í Bandaríkjunum.

Lady Gaga vakti mikla athygli þegar hún gekk eftir rauða dreglinum klædd kjól úr hráu kjöti frá toppi til táar en kjóllinn á að vera aðal aðdráttarafl sýningarinnar „Women who rock“.

Það var enginn hægðarleikur að koma kjólnum í sýningarhæft ástand, en kæla þurfti kjötið niður og þurrka svo. Eftir að kjólinn hafði verið þurrkaður varð hann svo dökkur á litinn að mála þurfti yfir til að ná rauða litnum á ný.

Aðdáendur Lady Gaga geta því flykkst til Cleveland og skoðað kjólinn fræga fram í febrúar 2012.



**ÁSTFANGIN** Leikkonan Jennifer Aniston er orðuð við leikarann Justin Theroux. NORDICPHOTOS/GETTY

## Aniston loks gengin út

**Jennifer Aniston er nú orðuð við leikarann Justin Theroux, sem hún kynntist við tökur á kvikmyndinni Wanderlust. Theroux flutti út frá sambýliskonu sinni í byrjun mánaðar og samkvæmt US Weekly býr hann nú með Aniston.**

**„Hún féll fyrir honum strax. Hann er fyndinn og ljúfur og það er mjög auðvelt að vera í kringum hann. Þau byrjuðu að daðra í veislu sem Jennifer hélt fyrir tökuliðið en hafa farið mjög varlega í sakirnar,“ var haft eftir vini leikkonunnar. Theroux var með búningahönnuðinum Heidi Bivens í fjórtán ár.**



**ÆTLAR EKKI AÐ HÆTTA** Justin Timberlake viðurkennir að hann reyki marijúana og hann hafi gert það samfleytt í nokkra mánuði árið 2003. NORDICPHOTO/GETTY

# Justin í dópi

**Poppstjarnan Justin Timberlake viðurkennir í fyrsta sinn eiturlyfjanotkun sína í viðtali sem birtist í síðasta tölublaði Playboy-tímaritsins. Timberlake, sem fram að þessu hefur þótt til fyrirmyndar, segist hafa verið háður marijúana stóran hluta árs 2003.**

**Á þeim tíma var popparinn tekinn í gegn af Ashton Kutcher í sjónvarpsþættinum Punk´d og viðurkennir Timberlake að þar hafi hann komið fram undir áhrifum ofangreinds eiturlyfs.**

**Timberlake gefur hins vegar ekkert út að hann ætli að hætta þessari ólöglegu iðju í bráð þótt hann segist hafa minnkað reykingarnar til muna.**

# Live Project í samstarf við Hróarskeldu

**Live Project og Hróarskelduhátíðin hafa komist að samkomulagi um að Live Project verði viðurkennd útsendingarsíða hátíðargesta.**

**Þá verður öllum þeim sem eiga iPhone eða Android-farsíma kleift að deila myndbrotum og ljósmyndum úr símum sínum í beinni útsendingu á vefsíðu Life Project. Til þess að þetta sé hægt verða farsímaeigendurnir að hlaða niður svokölluðu Live Project appi.**

**Vefsíðan Live Project er íslensk, en hún er rauntíma myndbrota- og ljósmyndasíða þar sem allir geta deilt upplifun sinni í beinni útsendingu. Slóð síðunnar er www.liveproject.me.**



**ALVEG MIÐUR SÍN** Kelly Osbourne þurfti að láta svæfa hundinn sinn á dögunum.

# Kelly missir hundinn

**Kelly Osbourne er algjörlega niðurbrotin en hún þurfti að láta svæfa hundinn sinn á dögunum. Ástæðan var ólæknandi heilagalli sem kom í ljós í kjölfar flogakasts, en Kelly hafði tjáð sig um veikindin á Twitter.**

**„Elsku stelpan mín hún Noodles er veik,“ sagði Kelly og bætti síðar við að hún gæti varla fylgst með vesalings hundinum án þess að tárfella. Síðar setti Kelly inn aðra færslu á Twitter: „Noodles fær ekki að lifa. Hún fæddist með ólæknandi heilagalla og ég verð að svæfa hana í dag. Ég er miður mín. Ég trúi þessu ekki.“**

# Styðja við Steina Gísla

„Markmiðið með leiknum er fyrst og fremst góð skemmtun og stuðningur við góðan dreng,“ segir Þórður Guðjónsson knattspyrnukempa.

Þórður er einn þeirra fjölmörgu knattspyrnumanna sem koma að góðgerðaleik á Akranesvelli á laugardaginn. Leikurinn er spilaður til heiðurs Sigursteini Gíslasyni, einum sigursælasta leikmanni íslenskrar knattspyrnu, en Steini, sem þjálfað hefur Leikni í 1. deildinni, greindist nýverið með krabbamein í nýrum og lungum og heyr nú mikla baráttu við þennan illvíga sjúkdóm.

Það verða gamlir félagar Sigursteins úr knattspyrnuliðum KR og ÍA sem spila leikinn, en sjálfur vann hann fimm Íslandsmeistaratitla með Skagamönnum og fjóra með KR. Margir frábærir knattspyrnumenn verða í meistaraliðunum tveimur á laugardaginn og má þar nefna þá Guðmund Benediktsson, Heimi Guðjónsson, Jóhannes Karl Guðjónsson, Ólaf Þórðarson og fleiri kempur sem allar spiluðu með Sigursteini. Aðgangseyrir á Akranesvöllinn verður 1.000 krónur en frítt fyrir börn og rennur allur ágóði leiksins til fjölskyldu Sigursteins. Leikurinn hefst kl. 17.15. - ka



**MIKILL STUÐNINGUR** Sigursteinn Gíslason berst nú við krabbamein og ætla gamlir félagar hans úr boltanum að spila góðgerðarleik honum til stuðnings.





**HEIÐURSVERÐLAUNAHAFI** Leikritaskáldið Oddur Björnsson veitti í gærkvöld viðtöku heiðursverðlaunum Leiklistarsambands Íslands fyrir framúrskarandi ævistarf í þágu leiklistarinnar. Róbert Arnfinnsson afhenti Oddi verðlaunin. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

# Lér réði ríkjum á Grímunni

**Lér konungur sópaði til sín verðlaunum á Grímuhátíðinni í gær. Arnar Jónsson var valinn besti aðalleikarinn fyrir túlkun sína á Lé og Unnur Ösp Stefánsdóttir var valin besta aðalleikkonan, fyrir Elsku barn.**

Uppfærsla Þjóðleikhússins á Lé konungi hreppti alls sex verðlaun á Grímuhátíðinni í gær en alls var hún tilnefnd í tíu flokkum. Lér hlaut verðlaun sem besta sýningin og í flokki leikstjóra, aðalleikara, aukaleikara í karl- og kvenhlutverki og fyrir tónlist.

Fimm verðlaun runnu til Borgarleikhússins fyrir ýmsar sýningar en ekki hafði verið tilkynnt hvaða sýning hlyti áhorfendaverðlaunin þegar blaðið fór í prentun.

Ákveðinn fjölskyldubragur var á verðlaunahöfunum í gær; sjö verðlaun runnu til Tinnu Gunnlaugsdóttur leikhússtjóra í Þjóðleikhúsinu og synir hennar, Ólafur Egill og Gunnlaugur Egilssynir, hlutu verðlaun í flokkunum leikskáld og dansari ársins. - bs

## HANDHAFAR GRÍMUNNAR 2011

**Sýning ársins**
Lér konungur eftir William Shakespeare í sviðsetningu Þjóðleikhússins.

**Leikskáld ársins**
**Auður Jónsdóttir** og Ólafur Egill Egilsson fyrir Fólkið í kjallaranum í sviðsetningu Leikfélags Reykjavíkur og Borgarleikhússins.



**Búningar ársins**
Filippía I. Elísdóttir fyrir búninga í Ofviðrinu í sviðsetningu Leikfélags Reykjavíkur og Borgarleikhússins.

**Tónlist/Hljóðmynd ársins**
Hildur Ingveldardóttir Guðnadóttir fyrir tónlist í Lé konungi.

**Leikkona ársins í aðalhlutverki**
**Unnur Ösp Stefánsdóttir** fyrir hlutverk sitt í Elsku barni í sviðsetningu Leikfélags Reykjavíkur og Borgarleikhússins.





**Leikari ársins í aðalhlutverki**
**Arnar Jónsson** fyrir hlutverk sitt í Lé konungi.

**Lýsing ársins**
Björn Bergsteinn Guðmundsson fyrir lýsingu í Ofviðrinu.

**Leikmynd ársins**
Halla Gunnarsdóttir fyrir leikmynd í Strýhærða Pétri í sviðsetningu Leikfélags Reykjavíkur og Borgarleikhússins.

**Leikari ársins í aukahlutverki**
**Atli Rafn Sigurðarson** fyrir hlutverk sitt í Lé konungi.





**Barnasýning ársins**
Brúðuleiksýningin Gilitrutt eftir **Bernd Ogrodnik** í samvinnu við **Benedikt Erlingsson** í sviðsetningu Brúðuheima.

**Dansari ársins**
**Gunnlaugur Egilsson** fyrir hlutverk sitt í danssýningunni Bræðrum í sviðsetningu Pars Pro Toto í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík og Þjóðleikhúsið.



**Danshöfundur ársins**
Valgerður Rúnarsdóttir og hópurinn fyrir kóreógrafíu í danssýningunni Eyjaskeggi í sviðsetningu Reykjavik Dance Festival.

**Útvarpsverk ársins**
Útvarpsleikritið Djúpið eftir Jón Atla Jónasson.

**Heiðursverðlaun Leiklistarsambands Íslands**
Leikskáldið Oddur Björnsson fyrir framúrskarandi ævistarf í þágu leiklistar.

**Leikstjóri ársins**
Benedict Andrews fyrir leikstjórn í leiksýningunni Lé konungi.

**Söngvari ársins**
Ólafur Kjartan Sigurðarson fyrir hlutverk sitt í óperunni Rigoletto í sviðsetningu Íslensku óperunnar.

**Leikkona ársins í aukahlutverki**
**Margrét Vilhjálmsdóttir** fyrir hlutverk sitt í Lé konungi.







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SUPER 8 kl. 2 - 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 - 11:30 | | 12 |
| SUPER 8 Luxus VIP kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | | VIP |
| THE HANGOVER 2 kl. 5:50 - 8 - 9 - 10:20 | | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali Sýnd í 3D kl. 12 - 2 - 6 | | L |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali Sýnd í 2D kl. 2 - 4 - 6 | | L |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ensku. Tali Sýnd í 2D kl. 10:20 M/Texta | | L |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 Sýnd í 2D kl. 6 - 8 - 10:50 | | 10 |
| SOMETHING BORROWED | kl. 8 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali 3D | kl. 6 | L |
| SUPER 8 | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 5 | 10 |
| HANGOVER 2 | kl. 8 - 10:20 | 12 |

SPARBÍÓ KR 700 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 1000 Á 3D MERKT GRÆNU

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| SUPER 8 | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| HANGOVER PART II | kl. 6 - 8 -10.25 | 12 |
| X-MEN: FIRST CLASS | kl. 5.10 - 8 -10.45 | 14 |
| KUNG FU PANDA 2 3D ísl tal | kl. 3 - 5.30 | L |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 3D | kl. 3 - 8:20 | 10 |
| DÝRAFJÖR M/ ísl. Tali | Sýnd í 3D kl. 3 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SUPER 8 kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali | Sýnd í 3D kl. 4 - 6 | L |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ensku. Tali | Sýnd í 3D kl. 8 Ótextuð | L |
| THE HANGOVER 2 | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | Sýnd í 3D kl. 10 | 10 |
| DÝRAFJÖR M/ ísl. Tali | Sýnd í 3D kl. 4 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| SUPER 8 | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| THE HANGOVER 2 | kl. 8 | 14 |
| X-MEN : FIRST CLASS | kl. 10:20 | 12 |




SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| SUPER 8 KL. 5.30 (TILBOÐ) - 8 - 10.30 | | 12 |
| SUPER 8 Í LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| BRIDESMAIDS KL. 5.20 (TILBOÐ) - 8 - 10.40 | | 12 |
| X-MEN: FIRST CLASS | KL. 8 - 10.45 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 ÍSL.T 3D KL. 5.50 (TILBOÐ) | | L |
| PIRATES 4 3D | KL. 6 (TILBOÐ) - 9 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| BRIDESMAIDS | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| X-MEN: FIRST CLASS | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| WATER FOR ELEPHANTS | KL. 8 - 10.30 | L |
| FAST FIVE | KL. 10.10 | 12 |
| PAUL | KL. 8 | 12 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| BRIDESMAIDS | KL. 5.50 - 8 - 10.15 | 12 |
| X-MEN: FIRST CLASS | KL. 10.15 | 12 |
| HÆVNEN | KL. 5.50 - 8 | 12 |

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is
facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar — LAUGARÁS BÍÓ — www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | |
|---|---|
| SUPER 8 | 5.50, 8, 10.15 |
| BRIDES MAIDS | 4, 6.30, 9 og 10 |
| X-MEN: FIRST CLASS | 7 |
| KUNG FU PANDA 2 3D | 4 - ISL TAL |
| KUNG FU PANDA 2 2D | 4 - ISL TAL |

BÍÓ ★ PARADÍS — BAR & CAFÉ

| | |
|---|---|
| THE JUNIPER TREE (FRÍTT INN) | 20:00 |
| MARY AND MAX | 18:00, 20:00, 22:00 |
| THE MYTH OF THE AMERICAN SLEEPOVER | 18:00, 20:00, 22:00 |
| HUR MÅNGA LINGON FINNS DET I VÄRLDEN? | 18:00 |
| ROUTE IRISH | 22:00 |
| BLÓÐBÖND (MEÐ ENSKUM TEXTA) | 18:00 |
| BJÓLFSKVIÐA (MEÐ ENSKUM TEXTA) | 20:00 |
| KALDALJÓS (MEÐ ENSKUM TEXTA) | 22:00 |




BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS



APPELSÍNU OG EPLAKLAKAR
MEÐ EKTA SVALABRAGÐI!
EINFALT AÐ
RÍFA UPP!
FRYSTIÐ
SJÁLF!
SVALI
SVALI
2
Svali
Svali
EPLAKLAKAR
10
10 EPLAKLAKAR TIL AÐ FRYSTA HEIMA
FRYSTIÐ SJÁLF!
Svali
APPELSÍNUKLAKAR
10
10 APPELSÍNU-KLAKAR TIL AÐ FRYSTA HEIMA
FRYSTIÐ SJÁLF!
Svali
ÁVAXTAKLAKAR
ENGIN LITAREFNI
ENGIN VIÐBÆTT
ROTVARNAREFNI

# sport

sport@frettabladid.is



**JAKOB ÖRN SIGURÐARSON** verður áfram hjá sænska meistaraliðinu Sundsvall á næstu leiktíð. Jakob og Hlynur Bæringsson verða því báðir áfram hjá körfuboltaliðinu en Jakob hafði úr nokkrum tilboðum að velja, meðal annars frá Spáni.

Stórmót í Laugardalnum:

## Ísland ætlar sér upp úr 3. deild

**FRJÁLSÍÞRÓTTIR** Þriðja deild Evrópubikarkeppninnar í frjálsum íþróttum fer fram á Laugardalsvelli um helgina. Fimmtán þjóðir mæta til leiks og er þetta fjölmennasta frjálsíþróttamót sem haldið hefur verið hér á landi. Sleggjukastarinn Bergur Ingi Pétursson segir Ísland eiga ágæta möguleika á að tryggja sér sæti í 2. deild.



BERGUR INGI PÉTURSSON

Íslenska liðið lenti í 4. sæti í keppninni á síðasta ári en þá vantaði lykilmenn í liðið. Bergur Ingi Pétursson sleggjukastari keppir í fyrstu keppnisgrein laugardagsins. Auk hans verða Ásdís Hjálmsdóttir, Helga Margrét Þorsteinsdóttir og Óðinn Björn Þorsteinsson í broddi fylkingar hjá íslenska liðinu.

„Mér sýnist vera ágætis möguleikar á að komast upp um deild. En það þurfa virkilega allir að standa sig til þess að það gerist,“ segir Bergur Ingi. Von er á um 400 keppendum til landsins auk þjálfara og aðstoðarfólks.

- ktd

# Menn renndu blint í sjóinn á EM

**Eggert Gunnþór Jónsson hefur verið lykilmaður í U-21 landsliði Íslands á EM í Danmörku. Strákarnir hafa tapað fyrstu tveimur leikjum sínum og ræddi Fréttablaðið við Eggert um mótið og stöðu hans hjá Hearts.**

**FÓTBOLTI** Þó svo að íslenska U-21 landsliðinu hafi ekki tekist að ná sér á strik á EM í Danmörku eru leikmenn liðsins staðráðnir í að nýta tækifærið þegar þeir mæta heimamönnum um helgina og sýna hvað í þeim býr. Ísland hefur tapað fyrstu tveimur leikjum sínum en á þrátt fyrir allt enn veika von um að komast áfram. Til þess þarf liðið að vinna stórsigur á Dönum um helgina.

Líkurnar á því að komast áfram verða þó að teljast í minni kantinum og eru flestir sammála um að liðið hafi spilað langt undir getu – ekki síst leikmennirnir sjálfir. Leikmannahópurinn fékk aðeins tvo daga til að æfa fyrir fyrsta leik og því er eðlilegt að spyrja hvort þessi litli undirbúningur hafi reynst liðinu einna erfiðast.

Fréttablaðið settist niður með Eggerti Gunnþóri Jónssyni á hóteli íslenska liðsins í Álaborg og spurði hann um hans álit á þessu.

„Ég held að við höfum gert það besta úr því sem við gátum gert. Það var óheppilegt að það var heil umferð í Pepsi-deildinni í vikunni fyrir mótið. Þar að auki voru margir uppteknir með A-landsliðinu sem spilaði helgina áður og því var í raun ekkert almennilegt sem við gátum gert.“

Spurður hvort Knattspyrnusamband Íslands hefði átt að haga málum öðruvísi, til að U-21 liðið fengi meiri undirbúning, segir Eggert að svo megi vera.

„Maður veltir fyrir sér hvort hægt hefði verið að fresta umferðinni í Pepsi-deildinni og byrja fríið fyrr. Það voru hvort eð er frestanir hjá Val vegna landsliðsverkefna hjá færeysku leikmönnum liðsins. Það gerði það að verkum að Haraldur markvörður (leikmaður Vals) var kominn fyrr á æfingar en aðrir.“



**EGGERT GUNNÞÓR** Segir auðvelt að vera vitur eftir á en að reynslan af Evrópumeistaramótinu verði dýrmæt í framtíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Alltaf hægt að vera vitur eftir á

Eggert tekur þó fram að aðrir hafi örugglega hugsað meira um þessi mál en hann. „Þeir hjá KSÍ hafa örugglega velt þessu fyrir sér vel og lengi. Auðvitað er alltaf hægt að vera vitur eftir á og þetta var erfið staða sem þeir voru í. Staðreyndin er sú að við erum á okkar fyrsta stórmóti og þetta er ný reynsla fyrir alla í kringum liðið. Menn renndu því blint í sjóinn en eiga eftir að læra af því sem betur hefði mátt fara.“

Eggert hefur fengið það hlutverk í báðum leikjum Íslands að spila sem hægri bakvörður. Það er staða sem hann þekkir vel en er samt bara ein af mörgum sem hann getur leyst á vellinum. Reyndar hefur hann spilað á öllum stöðum á vellinum með félagsliði sínu, Hearts í Skotlandi, nema í markinu.

„Ég kann ágætlega við mig í þessari stöðu en hún er ekki mín sterkasta á vellinum,“ sagði Eggert, sem vill helst spila sem varnartengiliður á miðjunni. „En ég hef spilað þessa stöðu af og til með Hearts í vetur og hefur það gengið ágætlega. Ég átti alveg eins von á því að spila þessa stöðu með landsliðinu eins og aðrar sem ég hef helst leyst.“

### Þreytandi til lengdar

Eggert segir að hann sé þó orðinn þreyttur á því að vera sífellt að breyta um ham og vill helst einskorða sig við eina leikstöðu. „Í fyrstu stóð manni á sama en þetta er þreytandi til lengdar. Ef ég væri í einni stöðu ætti ég meiri möguleika á að bæta mig í henni og þróast sem leikmaður,“ sagði Eggert, sem hefur íhugað að ræða þessi mál við þjálfarann sinn.

„Það fer að koma að því. Ég á eitt ár eftir af mínum samningi og félagið viðraði hugmynd um nýjan samning fyrir stuttu. Þetta er allt á byrjunarstigi og ég er ekkert spenntari fyrir því en einhverju öðru. Ég mun hlusta á það sem þeir hafa fram að færa og mun ákvörðun mín örugglega ráðast að miklu leyti af því hvernig þjálfarinn ætlar sér að nota mig í liðinu.“

Eiríkur Stefán Ásgeirsson og Anton Brink
fjalla um EM U21 í Danmörku
eirikur@frettabladid.is - anton@frettabladid





## Hverjir komast í 8 liða úrslit?

16 liða úrslit karla og kvenna

**Konur**

| | | | |
|---|---|---|---|
| lau. 18. jún | 14:00 | **ÍBV - Völsungur** | Hásteinsvöllur |
| lau. 18. jún | 16:00 | **Sindri - Afturelding** | Sindravellir |
| lau. 18. jún | 14:00 | **Þór/KA - Fylkir** | Þórsvöllur |
| lau. 18. jún | 16:00 | **Stjarnan - Þróttur R.** | Stjörnuvöllur |
| sun. 19. jún | 16:00 | **Fjölnir - Grindavík** | Fjölnisvöllur |
| sun. 19. jún | 16:00 | **Selfoss - KR** | Selfossvöllur |
| sun. 19. jún | 16:00 | **Breiðablik - Valur** | Kópavogsvöllur |
| sun. 19. jún | 16:00 | **FH - ÍA** | Kaplakrikavöllur |

**Karlar**

| | | | |
|---|---|---|---|
| mán. 20. jún | 18:00 | **Þór - Víkingur R.** | Þórsvöllur |
| mán. 20. jún | 19:15 | **Fjölnir - Hamar** | Fjölnisvöllur |
| mán. 20. jún | 19:15 | **Haukar - Keflavík** | Ásvellir |
| þri. 21. jún | 19:15 | **Grindavík - HK** | Grindavíkurvöllur |
| þri. 21. jún | 19:15 | **Þróttur R. - Fram** | Valbjarnarvöllur |
| þri. 21. jún | 18:00 | **Valur - ÍBV** | Vodafonevöllurinn |
| fim. 23. jún | 19:15 | **BÍ/Bolungarvík - Breiðablik** | Torfnesvöllur |
| fim. 23. jún | 20:00 | **KR - FH** | KR-völlur |



ALLIR Á VÖLLINN!



VALITOR BIKARINN




**Á RÉTTRI LEIÐ** Helga Margrét Þorsteinsdóttir var hársbreidd frá Íslandsmetinu.

Góður árangur í fjölþraut í Kladno í Tékklandi:

## Helga Margrét hjó nærri Íslandsmetinu

**FRJÁLSÍÞRÓTTIR** Helga Margrét Þorsteinsdóttir, frjálsíþróttakona úr Ármanni, var nálægt því að bæta eigið Íslandsmet í sjöþraut á alþjóðlegu móti sem fram fór í Kladno í Tékklandi. Helga fékk samtals 5.856 stig en Íslandsmet hennar er 5.878 stig. Hún var því aðeins 22 stigum frá Íslandsmetinu. Tatyana Chernova frá Rússlandi sigraði en hún fékk 6.773 stig en Helga endaði í fimmta sæti. Keppnin var nokkuð sérstök hjá Helgu þar sem hún bætti sig í þremur greinum en hún náði sér ekki á strik í hinum fjórum greinunum.

Helga stökk 5,45 metra í langstökkinu sem var hennar fyrsta grein á lokadeginum og þar endaði hún í 15. sæti af alls 16 keppendum. Í spjótkastinu náði Helga næstbesta árangrinum með kasti upp á 50,84 metra og hún varð þriðja í 800 metra hlaupinu á tímanum 2.11,76 mínútur. Mótið var hluti af undirbúningi Helgu fyrir Evrópumeistaramótið 23 ára og yngri sem fram fer eftir þrjár vikur í Ostrava.

Einar Daði Lárusson endaði í 13. sæti af alls 22 keppendum á sterku tugþrautarmóti sem fram fór í Kladno í Tékklandi. Einar bætti stöðu sína á lokadeginum og þokaði sér upp um eitt sæti en hann fékk 7587 stig og náði auðveldlega lágmarkinu fyrir Evrópumeistaramót 22 ára og yngri en lágmarkið fyrir það mót var 7.300 stig. Árangur Einars er fjórði besti árangur Íslendings frá upphafi en Íslandsmet Jóns Arnars Magnússonar er 8.573 stig frá árinu 1998, Þráinn Hafsteinsson, sem er þjálfari Einars Daða, náði 7.724 stigum árið 1983 og Stefán Hallgrímsson náði 7.589 stigum árið 1974.

- seth




**BYLGJULESTIN Í SUMAR**

| | |
|---|---|
| **3.-5. JÚNÍ** | Sjóarinn síkáti í Grindavík |
| **10.-11. JÚNÍ** | Kótelettan á Selfossi |
| **17.-18. JÚNÍ** | 200 ára afmælishátíð Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri. Íslenskar dægurperlur Helga Björns í Hörpu |
| **24.-25. JÚNÍ** | Sólsetурshátíð í Garði. |
| **1.-2. JÚLÍ** | Sauðárkrókur |
| **8.-9. JÚLÍ** | Borgarnes |
| **15.-16. JÚLÍ** | Útihátíð Bylgjunnar á Flúðum |
| **22.-23. JÚLÍ** | Franskir dagar á Fáskrúðsfirði |
| **5.-6. ÁGÚST** | Fiskidagurinn mikli á Dalvík |
| **12.-13. ÁGÚST** | Blómstrandi dagar í Hveragerði |
| **20. ÁGÚST** | Afmælishátíð Bylgjunnar á Ingólfstorgi á Menningarnótt í Reykjavík |
| **26.-28. ÁGÚST** | Afmælishátíð Bylgjunnar í hljóðveri Bylgjunnar í Skaftahlíð |

**BYLGJULESTIN ÞAKKAR** Selfyssingum frábærar móttökur um síðustu helgi. Nú um helgina verðum við á Hrafnseyri, á 200 ára afmælishátíð Jóns Sigurðssonar og hjá Helga Björns í Hörpu.

**ÆVINTÝRAEYJAN MEÐ HEMMI GUNN OG SVANSÍ**

Á laugardaginn verður Ævintýraeyjan með Hemma Gunn og Svansí á Bylgjunni. Boðið verður upp á frábær tónlistaratriði og uppákomur fyrir alla fjölskylduna.

**Vertu með Bylgjunni og Olís um helgina.**

> **Ben Stiller**

„Það skiptir ekki máli hvaða hæfileikum ég er gæddur, ég er viss um að það hjálpaði að foreldrar mínir voru í bransanum og ég ólst upp umkringdur leikurum, gamanleikurum og leikstjórum."

***Ben Stiller leikur í gamanmyndinni Tropic Thunder þar sem röð furðulegra tilviljanna veldur því að leikarar, sem eru að taka upp stríðsmynd, eru neyddir til að verða raunverulega hermennirnir sem þeir eru að leika. Myndin er sýnd á Stöð 2 Bíó kl. 22.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREY GÍGJU GUNNARSSYNI ÞYKIR VÆNT UM RÚV

# *Góður félagi í sólinni*

Sjónvarpsgláp er ekki sumarsport. Ekkert frekar en að golf sé stundað um vetur. Maður rétt gjóir augunum að kassanum og athugar hvort eitthvað vitrænt sé á skjánum en uppgötvar, til allrar hamingju, að RÚV er að sýna Tríó og slekkur í snarhasti. Útvarpið er hins vegar ágætis félagi á meðan maður sleikir hina örfáu sólargeisla og það er eins gott að vanda valið, það væri algjör synd að eyða stutta sumrinu með leiðinlegu fólki.

Spegillinn á gömlu Gufunni er til að mynda fínn félagi í bílnum á leiðinni út á golfvöll, notalegur fréttaskýringaþáttur sem er laus við alla tilgerð, búkhljóð og lyftutónlist. Það er hins vegar sorglegt hversu stuttur kvöldfréttatíminn er því þótt ótrúlegt megi virðast er enn til fólk sem þráir ekkert heitar en lítið áreiti.

Alls kyns viðtalsþættir, fræðsluþættir og tónlistarþættir halda manni síðan við efnið, gamla Gufan ætti að vera fyrirmynd ríkisstyrkta sjónvarpsins. Ríkisútvarpið hefur sem betur fer uppgötvað að næturnar eru líka ágætis tími fyrir útvarpshlustun og það var mikið heillaskref þegar útvarpsstöðin fór að endurflytja valda þætti. Til að mynda er fátt notalegra en að sofna við Jónas Jónasson þegar sá gamli rekur garnirnar úr gestum sínum við kertaljós með djúsglas að vopni; Kvöldgestirnir hans jafnast fyllilega á við góða vögguvísu.



**FLOTT** Það er eins gott að vanda valið vel þegar kemur að því að velja félaga í sólinni. Og líka á næturnar þegar endalausir dagar hafa tekið völdin.

## RÚV

**08.00** Morgunstundin okkar
**11.10** Hátíðarstund á Austurvelli
**12.00** Að byggja land (1:3)
**12.35** Þingeyrakirkja - Þjóðardjásn (e)
**13.05** Kjötborg (e)
**13.50** Sveitapiltsins draumur (e)
**14.45** Kings of Leon á tónleikum (e)
**16.25** Björgvin - Bolur inn við bein
**17.20** Mörk vikunnar
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** Otrabörnin (25:26)
**18.22** Pálína (19:28)
**18.30** Galdrakrakkar (24:47)
**19.00** Fréttir
**19.20** Veðurfréttir
**19.30** Ávarp forsætisráðherra
**19.50 Sveitabrúðkaup** Par ætlar að gifta sig í sveitakirkju klukkustundarakstur frá Reykjavík en ýmislegt fer úrskeiðis. Íslensk bíómynd frá 2008. Leikstjóri er Valdís Óskarsdóttir.
**21.30 Barnaby ræður gátuna – Dýrslegt eðli** (2:8) (Midsomer Murders: The Animal Within) Bresk sakamálamynd
**23.10 Í landi mínu** (In My Country) Blaðamaður af Washington Post er sendur til Suður-Afríku að fylgjast með yfirheyrslum Sannleiksnefndarinnar. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**00.50** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## BÍÓ

**08.00** Night at the Museum: Battle of the Smithsonian
**10.00** When Harry Met Sally
**12.00** Jonas Brothers: The 3D Concert Experience
**14.00** Night at the Museum: Battle of the Smithsonian
**16.00** When Harry Met Sally
**18.00** Jonas Brothers: The 3D Concert Experience
**20.00** Old Dogs
**22.00** Tropic Thunder
**00.00** Welcome Home, Roscoe Jenkins
**02.00** Grey Gardens
**04.00** Tropic Thunder
**06.00** Miss Congeniality 2: Armed and Fabulous

## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**10.45** Algjör Sveppi og leitin að Villa
**12.00** Uptown Girl
**13.35** Friends 2 (3:24)
**14.00** Iceland Food Centre
**15.20** Logi í beinni
**16.05 Bláu augun þín - Tónleikar** Upptaka frá einstökum tónleikum sem fram fóru í apríl árið 2008 í Íslensku óperunni. Þar heiðruðu valinkunnir tónlistarmenn þrjá af helstu dægurtónlistarhöfundum þjóðarinnar, þá Gunnar Þórðarson, Ólaf Hauk Símonarson og Ólaf Gauk með því að syngja og leika nokkur af þeirra dáðustu lögum.
**17.00 Minningartónleikar um Vilhjálm Vilhjálmsson** Upptaka frá eftirminnilegum minningartónleikum um ástsælasta söngvara þjóðarinnar, Vilhjálm Vilhjálmsson, sem haldnir voru í Laugardalshöllinni í októbermánuði.
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.50** Veður
**19.00** The Simpsons (4:23)
**19.25 So You Think You Can Dance** (2:23) Stærsta danskeppni í heimi snýr aftur áttunda sinn og hefur þátttakan aldrei verið meiri og aldrei fyrr hafi jafn margir hæfileikaríkir dansarar skráð sig. Þátttakendur eru líka skrautlegri en nokkru sinni. Að loknum prufunum er komið að niðurskurðarþætti í Las Vegas.
**20.50 Men in Black** Léttgeggjuð gamanmynd sem svíkur engan. Svartklæddu mennirnir starfa hjá óopinberri leyniþjónustu sem sett var á laggirnar til að hafa auga með öllum geimverum sem hafa sest að hér á jörðinni.
**22.25 The Take** Dramatísk spennumynd með John Leguizamo og Rosie Perez í aðalhlutverkum. Felix De La Penaströglar við endurhæfingu eftir að hafa lent í skotárás í austurhluta Los Angeles. Hann ákveður að leita uppi sökudólginn.
**00.05 Iron Man** Hörkuspennandi mynd með Robert Downey Jr., Terrence Howard, Jeff Bridges og Gwyneth Paltrow í aðalhlutverkum. Tony Stark er auðugur uppfinningamaður sem fer að hanna brynju til að verjast hryðjuverkamönnum eftir að hafa orðið fyrir árás í Afganistan.
**02.10** The Wicker Man
**03.50** Clerks 2
**05.25** Bláu augun þín - Tónleikar

## SPORT *besta sætið*

**13.30 The Masters** Útsending frá öðrum keppnisdegi á fyrsta risamóti ársins, The Masters. Þar keppa allir bestu kylfingar heims um ein eftirsóttustu verðlaunin í golfheiminum, græna jakkann.
**17.40 Arnold Classic** Sýnt frá Arnold Classic mótinu en á þessu magnaða móti mæta flestir af bestu og sterkustu líkamsræktarköppum veraldar, enda Arnold Classic eitt stærsta mót sinnar tegundar í heiminum.
**18.25 FK Austria Wien - Figo & Friends** Bein útsending frá knattspyrnuleik milli FK Austria Wien og stjörnuliðs Luis Figo. Meðal leikmanna sem búist er við að leiki í stjörnuliðinu eru Ronaldo (sá brasilíski), Cafu, Taffarel, Vitor Baia, Patrick Vieira, Fernando Couto, Gheorghe Hagi, Gica Popescu, Ivan Helguera og Claude Makalele.
**20.30 European Poker Tour 6** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.
**21.20 Miami - Dallas** Útsending frá fyrsta leik Miami Heat og Dallas Mavericks í úrslitum NBA.
**23.10 FK Austria Wien - Figo & Friends** Útsending frá knattspyrnuleik milli FK Austria Wien og stjörnuliðs Luis Figo.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**19.00 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**19.30 PL Classic Matches: Liverpool - Chelsea, 1996**
**20.00 Fernando Hierro** Magnaður þáttur um marga af bestu knattspyrnumönnum sögunnar en í þessum þætti verður fjallað um Fernando Hierro, fyrrum leikmann Real Madrid.
**20.25 PL Classic Matches: Newcastle - Leicester, 1996**
**20.55 Man. City - Chelsea** Útsending frá leik Man. City og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.
**22.40 PL Classic Matches: Blackburn - Leicester, 1997**
**23.10 Fulham - West Ham** Útsending frá leik Fulham og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**09.05** Rachael Ray (e)
**09.50** Dynasty (2:28) (e)
**10.35** America's Funniest Home Videos
**11.00** Grammy Awards 2011 (e)
**13.45** America's Funniest Home Videos
**14.10** Steel Magnolias (e)
**16.10** Running Wilde (2:13) (e)
**16.35** Happy Endings (2:13) (e)
**17.00** Girlfriends (22:22) (e)
**17.20** Rachael Ray
**18.05** Future of Hope (e)
**19.20** America's Funniest Home Videos
**19.45** Will & Grace (23:25)
**20.10 The Biggest Loser** (9:26) Bandarísk raunveruleikasería um baráttu ólíkra einstaklinga við mittismálið í heimi skyndibita og ruslfæðis. Verulega er farið að reyna á þolrif og þol keppenda The Biggest Loser þar sem freistingar eru á hverju strái.
**20.55** The Biggest Loser (10:26)
**21.45** The Bachelor (8:11)
**23.15** Parks & Recreation (6:22) (e)
**23.40** Law & Order: Los Angeles (13:22) (e)
**00.25** Whose Line Is It Anyway? (e)
**00.50** Last Comic Standing (2:12) (e)
**01.50** Smash Cuts (5:52)
**02.15** Girlfriends (21:22) (e)
**02.35** High School Reunion (5:8) (e)
**03.20** The Real Housewives of Orange County (5:12) (e)
**04.05** Will & Grace (23:25) (e)
**04.25** Penn & Teller (6:10) (e)
**04.55** Penn & Teller (7:10) (e)
**05.25** Pepsi MAX tónlist

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America
**07.00** US Open 2011 (1:4)
**13.00** US Open 2011 (1:4)
**16.35** Inside the PGA Tour (24:42)
**17.00** US Open 2011 (2:4)
**23.00** US Open 2000 - Official Film
**00.00** ESPN America

## EXTRA

**19.25 The Doctors** Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey.
**20.10 American Dad** (5:20) Fimmta teiknimyndaserían um Stan og fjölskyldu hans frá höfundum Family Guy. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins.
**20.35** American Dad (6:20)
**21.00** Fréttir Stöðvar 2
**21.25 The Office** (3:6) Stöð 2 rifjar upp gamanþáttaröðina The Office þar sem Ricky Gervais fer á kostum sem yfirmaður á skrifstofu í Slough á Englandi.
**22.00 NCIS** (19:24) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari sjöundu seríu.
**22.45 Fringe** (17:22) Þriðja þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrlegar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni dr. Walter Bishop og syni hans Peter rannsaka þau röð dularfullra atvika.
**23.30** American Dad (5:20)
**23.55** American Dad (6:20)
**00.20** The Doctors
**01.00** The Office (3:6)
**01.30** Fréttir Stöðvar 2
**02.20** Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

## N4

**18.15 Föstudagsþátturinn** Spjallþáttur um allt milli himins og jarðar.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnin.
**21.00 Motoring** Spyrnumenn og blár reykur.
**21.30 Eitt fjall á viku** Efst á Arnarvatnsheiði, annar þáttur af þremur úr safni Péturs Steingrímssonar.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun




## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 19.25**

**So You Think You Can Dance**

Fjörið heldur áfram í þekktustu danskeppni í heimi. Áheyrnarprufurnar halda áfram og margir frábærir dansarar keppa um að komast í tuttugu manna hópinn sem heldur áfram í þáttunum.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **08.00** Morgunfréttir **08.05** Tónlist í tilefni dagsins **09.00** Fréttir **09.03** Stjórnlagaráð að störfum **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.15** Frá þjóðhátíð í Reykjavík **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Ég skrifa leikrit af því ég get ekki annað **14.00** Djúpilækur og Fagriskógur **14.55** Þættir úr lífi Jóns Sigurðssonar forseta **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Afmælistónleikar Jóns Múla **17.35** Smásögur: Morgunganga og Milli trjánna **18.00** Kvöldfréttir **18.15** Auglýsingar **18.17** Sjá roðann á hnjúkunum háu **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Mandólínhljómsveit Reykjavíkur **20.00** Leynifélagið **20.30** Ástarsaga úr fjöllunum **21.25** Smásaga: Dvergurinn **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.13** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**08.30** Lark Rise to Candleford **09.20** Jonathan Creek **10.15** Fawlty Towers **10.45** The Weakest Link **11.35** Keeping Up Appearances **12.05** Fawlty Towers **12.35** ‚Allo ‚Allo! **13.05** ‚Allo ‚Allo! **13.35** ‚Allo ‚Allo! **14.10** The Weakest Link **15.00** The Weakest Link **15.50** Fawlty Towers **16.25** ‚Allo ‚Allo! **16.55** ‚Allo ‚Allo! **17.30** Hustle **18.20** Waking the Dead **19.10** Waking the Dead **20.00** The Fixer **20.50** Spooks **21.45** Hustle **22.35** Waking the Dead **23.25** Waking the Dead **00.15** The Fixer **01.05** Spooks **01.55** Hustle

## DR 1

**11.30** Sommerminder **12.00** Drommehaver **12.30** Spise med Price **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Byggemand Bob **14.10** Redningsbåden Rolf **14.15** Peddersen og Findus **14.30** Den travle by **14.40** Byggemand Bob **14.50** Mægtige maskiner **15.00** De uheldige helte **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Spise med Price **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Hit med sangen **19.00** TV Avisen **19.30** The Assignment **21.25** Fanget på havets bund

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Folk **12.35** Norge rundt **13.00** NRK nyheter **13.10** Genial design **14.00** NRK nyheter **14.10** Filmavisen **14.20** Det søte liv **14.30** Hvilket liv! **15.00** NRK nyheter **15.10** Folk **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** The Norwegian Solution **16.40** Distriktsnyheter **17.40** Norge rundt **18.05** Oppdag Stillehavet **18.55** VG-lista Topp 20 - Rådhusplassen 2008 **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kalde spor **22.05** Canal Road **22.50** Oasis - Don't Look Back In Anger

## SVT 1

**10.55** Balett är kul! **11.25** K Special **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Undercover Boss **14.50** Flugor **14.55** Från Lark Rise till Candleford **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Polisen och domarmordet **17.10** Kulturnyheterna **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Falkenbergsrevyn **19.00** Jerry Maguire **21.15** Norsk attraktion **21.45** The Ice Harvest **23.10** Rapport **23.15** Oupplarat **23.45** Bilar, 50-tal & rock'n'roll **00.40** Rapport









*„Last Friday Night með Katy Perry. Er nýbúin að uppgötva það og núna er það uppáhaldslagið mitt.“*

Sigrún Eva Ármannsdóttir, Ungfrú Ísland 2011.

# GusGus og Quarashi leiða saman hesta sína

Hljómsveitirnar Quarashi og GusGus hafa ákveðið að leiða saman hesta sína og endurhljóðblanda lög eftir hvor aðra. Lögin verða síðan gefin út á smáskífu sem verður fáanleg á netinu.

„Við höfum öll verið góðir kunningjar í gegnum tíðina og komum bæði fram á Bestu útihátíðinni. Okkur fannst afbragðsgóð hugmynd að vinna saman og þetta var það sem við ákváðum að gera. Quarashi var á sínum tíma fyrsta hljómsveitin á Íslandi til að gefa út lag í MP3-formi og við viljum halda áfram að fara ótroðnar slóðir í þeim málum,“ útskýrir Sölvi Blöndal, tónlistarmaður og meðlimur Quarashi.



Sölvi ætlar að hefjast handa við endurhljóðblöndunina í kvöld, á þjóðhátíðardeginum sjálfum. „Ég hlakka mjög mikið til að takast á við þetta verkefni og gera eitthvað glænýtt úr GusGus. Ég hef endurhljóðblandað lög fyrir Cypress Hill og Prodigy og hef fyrir reglu að taka ekki að mér svoleiðis verkefni nema ég virði listamanninn og mér finnst GusGus-krakkarnir krúttleg og kúl,“ segir Sölvi.

Hægt verður að hlaða niður smáskífunni á Ring.is. Um þrjú þúsund miðar hafa nú selst á Bestu útihátíðina en miðasala fer fram á miði.is. **- sm**



**SAMVINNA** Hljómsveitirnar Quarashi og GusGus ætla að endurhljóðblanda lög eftir hvor aðra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




ÓLAFUR ARNALDS: FRIÐRIK GERIR BARA ÞAÐ SEM HONUM ER SAGT

# Friðrik Dór og Ólafur taka upp dansvæn popplög

„Þetta samstarf er rosalega hressandi,“ segir Friðrik Dór Jónsson, en hann vinnur um þessar mundir að nýju efni með tónlistarmanninum Ólafi Arnalds.

Óhætt að segja að um óvænt samstarf sé að ræða, en tónlistarmennirnir koma hvor úr sinni áttinni hvað tónlistarstefnur varðar. Ólafur Arnalds hefur verið kenndur við nýklassík en Friðrik hefur farið fyrir nýrri kynslóð popptónlistarmanna hér á landi.

Nýja efnið verður dansvænt en þó ekki alveg í takt við þau lög sem Friðrik Dór hefur gefið út hingað til. „Þetta er einhvers konar elektró, sem er nýtt fyrir mér en Ólafur hefur eitthvað verið að grúska í þessu.“ Ólafur segir tónlist þeirra félaga vera indí-skotið popp. „Þetta svipar kannski eitthvað til Robyn, svona dansvænt popp með elektrófíling.“

Ólafur og Friðrik Dór unnu saman að laginu „Leiðarlok“ sem hefur verið í mikilli spilun undanfarið. En hlusta strákarnir á tónlist hvor annars? „Ég get ekki sagt að ég hafi verið vel að mér í hans efni, en ég tók smá syrpu áður en við hittumst í fyrsta skipti,“ segir Friðrik Dór.

Ólafur segist ekki hafa komist hjá því að heyra lögin hans Frikka. „Friðrik Dór er alls staðar. Að sjálfsögðu heyrir maður lögin af og til.“ Ólafur segir jafnframt að samstarf þeirra hafi gengið vel. „Þú finnur ekki auðveldari mann í samstarf en Friðrik. Hann gerir bara það sem maður segir honum að gera,“ segir Ólafur og hlær.

Hvorugur var með það á hreinu hvenær von væri á lögunum. „Við erum ekki alveg vissir. Það þarf að klára ýmsa hluti fyrst, en ég held að það styttist í þetta,“ segir Ólafur að lokum.

**kristjana@frettabladid.is**



**ÓVÆNT SAMSTARF** Friðrik Dór og Ólafur Arnalds eyða löngum stundum saman í hljóðveri um þessar mundir. Útkoman er dansvænt popp í ætt við tónlist Robyn.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval.
Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir. vísir

# Dettifoss í Hollywood-mynd

Stórbrotnar náttúrusenur úr íslensku landslagi birtast í kvikmyndinni Tree of Life eftir bandaríska verðlaunaleikstjórann Terrence Malick. Má meðal annars sjá stórfenglegar myndir af Dettifossi og Námaskarði. Myndin fékk gullpálmann á Cannes í lok maí og skartar Brad Pitt og Sean Penn í aðalhlutverkum. Tökurnar hér á landi stóðu yfir í þrjár vikur fyrir tveimur árum en Malick ku vera heillaður af landinu.

„Myndin er eiginlega tvíþætt, annars vegar hefðbundin mynd með söguþræði og hins vegar náttúruskot sem voru öll tekin á IMAX 79mm,“ segir Einar Sveinn Þórðarson hjá framleiðslufyrirtækinu Pegasus, sem var Malick innan handar hér á landi. „Þetta var frekar lítill tökuhópur og við fórum á mjög erfiða staði úti um allt, notuðum þyrlu og krana, ferðuðumst upp á hálendið og tókum upp á stöðum sem fólk sér ekki vanalega frá Íslandi.“

Til stóð að Brad Pitt kæmi til landsins út af tökunum en hætt var við það. Einar Sveinn fékk hins vegar að sitja með Malick inni í stúdíó í Los Angeles þegar verið var að klippa myndina. „Vonandi kemur þessu náttúrumynd sem skeytt er inn í myndina út í séreintaki því þetta voru ansi magnaðar tökur.“

Malick hefur orð á sér fyrir að vera sérlundaður, hann hefur aðeins gert sjö myndir á löngum ferli en þær þykja vandaðar og eru í hávegum hafðar. Einar Sveinn segir leikstjórann hins vegar vera ákaflega venjulegan, hann vilji bara fá að hafa sitt einkalíf í friði. „Hann er mjög venjulegur, lærður heimspekingur og þessi mynd ber keim af því.“ **- fgg**



**MALICK** Einar Sveinn ber Malick vel söguna, en mikilfenglegar náttúrusenur frá Íslandi birtast í nýjust mynd leikstjórans, Tree of Life.




Þennan dag fyrir 200 árum eignuðust sr. Sigurður Jónsson og Þórdís Jónsdóttir á Hrafnseyri son og skírðu hann Jón. Hann barðist ötullega fyrir sjálfstæði Íslendinga og því var fæðingardagur hans valinn sem þjóðhátíðardagur Íslendinga þegar Lýðveldið Ísland var stofnað þann 17. júní árið 1944.

*Til hamingju með daginn Íslendingar*

Íslandsbanki

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Pósthúsið
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Tríó á toppnum

Íslenski gamanþátturinn Tríó er vinsælasti þátturinn á Íslandi samkvæmt síðustu áhorfskönnun Capacent Gallup. Þættirnir fengu fremur blendnar viðtökur á netinu en bæði leikstjórinn, **Gestur Valur Svansson**, og dagskrárstjóri RÚV, Sigrún Stefánsdóttir, hafa tröllatrú á þáttaröðinni og geta svo sannarlega glaðst yfir því að hafa fengið 25 prósenta áhorf í aldurshópnum 12-80 ára. Athygli vekur að Tríó sló við Popppunkti með Dr. Gunna og Felix Bergsson í broddi fylkingar. **- fgg**



### Franek kennir í Háskólanum

Franek Rozwadowski, sendifulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á Íslandi, hefur búið hér á landi frá því að Ísland sóttist eftir aðstoð sjóðsins seint á árinu 2008. Franek hefur, að sögn kunnugra, kunnað ágætlega við sig hér á landi og hafa tekist góð kynni með honum og íslenskum hagfræðingum. Nú hefur Franek tekið að sér kennsluverkefni við Háskóla Íslands, en þar mun hann í haust kenna námskeið við hagfræðideild um kosti við hagstjórn í opnum hagkerfum. **- mþl**



### Mest lesið vísir

1. Sigmar plankar í flugvél til Spánar
2. Húshjálpin stal peningum af eldri konu
3. Klámmyndaleikkona segir þingmann ljúga
4. Eigandi Rottweilertíkarinnar verður ákærður
5. Kassastrákur í 10-11 stal tæpri milljón




